# FRÉTTABLAÐIÐ

289. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. DESEMBER 2015




„Ég vonaðist alltaf eftir henni. Ég treysti eiginlega engu," sagði Ásta Kristín Andrésdóttir hjúkrunarfræðingur aðspurð um það hvort hún hefði átt von á sýknu í héraðsdómi. Viðstödd dómsuppkvaðningu voru auk Ástu meðal annars Sigrún Sveinsdóttir, móðir hennar, og Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hundrað og fimmtíu bíða eftir aðgerð

## Hjartalæknir fær ekki að gera nema sextíu aðgerðir á ári sem koma í veg fyrir gáttatif og heilablóðfall, þörf er á mun fleiri aðgerðum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýverið hafa læknar á Landspítalanum undir forystu Sigfúsar Gizurarsonar, sérfræðings í hjartalækningum, gert aðgerðir til þess að fyrirbyggja gáttatif og með því heilablóðföll.

Sigfús fær ekki að gera nema sextíu aðgerðir á ári en hundrað og fimmtíu Íslendingar eru á biðlista eftir aðgerðinni. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag brýna þörf á að gera fleiri aðgerðir og gagnrýnir stjórnvöld og heilbrigðiskerfi fyrir skammsýni í þessum efnum. „Sú staðreynd að ákvörðunin um að það megi ekki gera nema 60 brennsluaðgerðir á ári var tekin af skriffinni einhvers staðar í stofnun sem heitir Sjúkratryggingar Íslands breytir ekki því að það er á ábyrgð kjörinna fulltrúa fólksins í landinu að framselja valdið til þess að taka svona ákvarðanir. Þetta er ákvörðun sem endanlega kostar þjóð stórfé og einstaklinga þjáningu og jafnvel varanlega fötlun eða lífið."

> **Þetta er ákvörðun sem endanlega kostar þjóð stórfé og einstaklinga þjáningu og jafnvel varanlega fötlun eða lífið.**
>
> Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Sigús segir aðgerðina gefa góðan árangur. „Aðgerðin er gerð á þeim sem svara ekki lyfjameðferð."

Hver aðgerð kostar um 700.000 krónur. Sigfús fær 42 milljónir á ári en þyrfti 105 milljónir til þess að sinna þörfinni. Kári bendir á að það sé líklega margfalt dýrara að sleppa þessum aðgerðum. Því fylgi kostnaður við lyf og verri heilsu þeirra sem bíða eftir aðgerðinni. – kbg / sjá síðu 30

## Lokar sig inni vegna mengunar

**PEKING** Stefán Úlfarsson hagfræðingur býr í Peking ásamt eiginkonu og dóttur þar sem ríkir ófremdarástand dögum saman vegna mikillar loftmengunar.

Stefán segir koma til greina að flýja frá borginni vegna ástandsins. „Ég skýst út áður en konan fer í vinnuna á morgnana og kaupi í matinn og svoleiðis. Síðan höldum við Árný okkur inni allan daginn," segir hann en kona hans þarf að verja sig loftmenguninni með grímu þegar hún heldur til vinnu.

Yfirvöld í höfuðborg Kína þar sem um 20 milljónir manna búa sendu í fyrsta skipti í vikunni út rauða aðvörun – hæsta viðbúnaðarstig af fjórum – sem þýðir að mengun innan borgarmarkanna muni haldast langt yfir hættumörkum í þrjá sólarhringa eða lengur. – shá / sjá síðu 10

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Ekki lama Ríkisútvarpið, skrifa stjórnarmenn RÚV. 28-36

**SPORT** Svona getur riðill Íslands á EM 2016 orðið þegar dregið verður á laugardaginn. 38-40

**MENNING** Dagný Kristjánsdóttir hefur rannsakað upphafsár íslenskra barnabókmennta. 50-60

**LÍFIÐ** Omaggio-vasar, hangandi api, mittisþjálfi og Birkenstock-skórnir eiga það sameiginlegt að hafa verið heitasta heitt árið 2015. 66-72

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● JÓLAGJÖF FAGMANNSINS**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




**Í dag** er útlit fyrir norðanátt og með éljum eða snjómuggu á norðanverðu landinu, en bjartviðri syðra. Fremur kalt í veðri.

SJÁ SÍÐU 46

## Fundi frestað með skömmum fyrirvara

**STJÓRNMÁL** „Við fengum þau skilaboð á síðustu mínútum fyrir boðaðan fund að honum væri frestað,“ sagði Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins.

Opnum fundi fjárlaganefndar á nefndasviði Alþingis var frestað í gærkvöldi. Fundurinn sem átti að vera opinn fjölmiðlum, fulltrúum öryrkja og aldraðra verður haldinn í dag klukkan 13.00. Á fundinum fá fulltrúar öryrkja og aldraðra að mæla fyrir umsögn sinni um fjárlögin.

Ellen segist furðu lostin yfir ákvörðun ríkisstjórnar að greiða ekki fimm þúsund króna hækkun á framfærslu öryrkja afturvirkt. „Þetta er réttlætismál að við hækkum afturvirkt eins og flestir aðrir launþegar. Við hækkum um fimm þúsund krónur. Þjóðkjörnir fulltrúar hækka lægst um 96 þúsund krónur og þeir fá sína hækkun afturvirkt til 1. mars.“ **– kbg**

## Hífður upp úr höfninni



**Báturinn Sæmundur fróði var hífður upp úr höfninni í Reykjavík í gær. Báturinn er í eigu Háskóla Íslands. Hann sökk í óveðrinu sem gekk yfir landið aðfaranótt þriðjudags. Báturinn Glaður, annar bátur sem sökk í höfninni, var hífður upp í fyrradag.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Íslendingar opna 100 ísbúðir í Kína

**Lúðvík Georgsson hefur rekið jógúrtísbúðina Yogiboost í Svíþjóð í tvö ár. Hann hefur nú selt sérleyfi til Kína þar sem 100 ísbúðir verða opnaðar á næstu fimm árum. Viðræður eru einnig í gangi um opnun í öðrum Evrópulöndum og Mið-Austurlöndum.**

**VIÐSKIPTI** Lúðvík Georgsson, Íslendingur sem rekur jógúrtísbúðirnar Yogiboost í Svíþjóð, hefur gert samning við kínverskt fyrirtæki um að hundrað Yogiboost-ísbúðir verði opnaðar í Kína á næstu fimm árum. Árlegar sölutekjur í búðunum í Kína gætu numið allt að 700 milljónum sænskra króna, jafnvirði rúmlega 10 milljarða íslenskra króna.

Lúðvík Georgsson opnaði fyrstu Yogiboost-búðina í Svíþjóð í maí 2013, og hefur opnað fimm í viðbót síðan þá. Um er að ræða sannkallað fjölskyldufyrirtæki, Lúðvík er stofnandi og stjórnarformaður, sonur hans David Engler Ludviksson er framkvæmdastjóri og annar sonur hans er rekstrarstjóri búðanna. Lúðvík vann áður hjá IKEA í sextán ár og var einn af stofnendum Iceland Express.



**Úr einni af ísbúðunum í Svíþjóð.**

> **Við erum Íslendingar og erum óð í ís og fannst vanta eitthvað hérna í Svíþjóð sem við höfðum bæði rekist á bæði á Íslandi og í Ameríku. Við gerðum svo viðskiptaáætlun og hönnuðum alla hugmyndina í kringum þetta.**
>
> Lúðvík Georgsson ísbúðaeigandi



„Fyrir rúmlega þremur árum settumst við fjölskyldan niður og ræddum hvort væri ekki gaman að gera eitthvað saman. Við erum Íslendingar og erum óð í ís og fannst vanta eitthvað hérna í Svíþjóð sem við höfðum rekist á bæði á Íslandi og í Ameríku. Við gerðum svo viðskiptaáætlun og hönnuðum alla hugmyndina í kringum þetta,“ segir Lúðvík.

Verslanirnar eru með sjálfsafgreiðslu og geta viðskiptavinir valið um tíu mismunandi bragðtegundir af jógúrtís og milli 70 mismunandi tegunda af kurli. „Möguleikarnir eru óendanlegir til að búa til það sem einstaklingurinn girnist. Við höfum svo tekið þetta aðeins lengra með því að bjóða upp á mjólkurhristing, smoothie, kaffi og kökur, svo að markhópurinn geti orðið breiðari,“ segir Lúðvík.

Búðirnar í Kína eru með sérleyfi til að selja ísinn og verða þær nákvæmlega eins þar og í Svíþjóð.

Yogiboost er einnig í viðræðum við aðila í öðrum Evrópulöndum og í Mið-Austurlöndum um að opna verslanir þar. „Samningurinn í Kína er búinn að eiga sér langan aðdraganda. Við höfum lært mikið af honum í sambandi við samningagerðir og reglugerðir, sem gerir það að verkum að við verðum miklu fljótari að ganga frá samningum við næstu lönd,“ segir Lúðvík.

**saeunn@frettabladid.is**




## Tekur þú bestu jólamyndina í ár?

**MENNING** Fréttablaðið og Vísir efna til samkeppni um bestu jólaljósmyndina. Í verðlaun fyrir bestu myndina er glæsileg Nikon D-SLR myndavél með 18-105VR linsu frá Heimilistækjum.

Besta myndin verður á forsíðu Fréttablaðsins á aðfangadag og fleiri myndir úr keppninni í blaðinu og á Vísi.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í keppninni eru vinsamlegast beðnir um að senda myndir sínar á netfangið jolamyndakeppni@365.is. Lesendur munu svo geta kosið bestu myndina á Vísi. Niðurstaða þeirra gildir að hálfu á móti áliti dómnefndar blaðsins.

Hver þátttakandi má senda inn eina mynd og skal hún hafa verið tekin nú í aðdraganda jólanna. Jólaljósmyndakeppnin stendur frá deginum í dag, 10. desember, fram að miðnætti mánudaginn 21. desember. Tilkynnt verður um úrslitin á aðfangadag. **– fbj**



**Verðlaunamyndina í fyrra tók Kristín Valdemarsdóttir.**

# **Gefðu** draumagjöfina




**Með gjafakorti Smáralindar** gefur þú ástvinum þínum fjölbreytta möguleika á gjöfum að eigin vali.

**Þú færð gjafakortið á þjónustuborði Smáralindar eða á smaralind.is**

SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 77504 12/15

# Segja ekki teikn á lofti um bólumyndun á húsnæðismarkaði

**EFNAHAGSMÁL** Greiningardeild Arion banka spáir 30 prósenta verðhækkun að nafnvirði á íbúðarhúsnæði fram til ársins 2018. Verðhækkanir hafa verið umfram verðlag í fjögur ár. Hins vegar sjá greiningaraðilar ekki teikn á lofti um bólumyndun. Eftirspurn á leigumarkaði er að dvína og fleiri eru að kaupa eigið húsnæði. Þetta var meðal þess sem kom fram á morgunfundi Arion banka um húsnæðismarkaðinn í gær.

Fram til 2018 spáir greiningardeildin 14,7 prósenta raunverðshækkun á íbúðarhúsnæði. Fram kom á fundinum að síðustu tíu ár hefur húsnæðismarkaðurinn ekki verið í jafnvægi á Íslandi. Spáð er áframhaldandi hækkunum á húsnæðisverði fram til ársins 2016 en svo muni hægja á verðhækkunum þegar nýbyggingar bætast í framboðið árin 2017 og 2018. Ýmsir óvissuþættir, meðal annars áhrif húsnæðisfrumvarpa og önnur opinber inngrip, ferðamenn og fleira, geta haft áhrif á húsnæðismarkaðinn.

Fram kom í ávarpi Konráðs S. Guðjónssonar, sérfræðings hjá greiningardeildinni, á fundinum að augljós bóla hefði verið á húsnæðismarkaði frá árinu 2004 fram til hrunsins árið 2008. Hins vegar séu ekki teikn á lofti um bólumyndun nú. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi hækkað í svipuðum takti og fasteignaverð síðustu ár.

Hlutfall heimila á leigumarkaði heldur áfram að lækka. Leigjendum á almennum markaði fjölgar lítillega, en leigjendum með sérstök úrræði fækkar. Kaupsamningar eru aftur orðnir fleiri en leigusamningar, í fyrsta sinn síðan 2007. Stærsti hópurinn á Íslandi er eigendur með húsnæðislán, 62 prósent, leigumarkaðurinn er 22 prósent en 16 prósent búa í skuldlausri eign.

Greiningardeildin spáir því að fólk eigi frekar eftir að flytjast af leigumarkaði næstu árin miðað við horfur í hagkerfinu. Talið er að fjárfestingaráætlanir í íbúðum á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum muni duga til að mæta þörfinni fram til ársins 2018. **– sg**



**Menn sjá sér ávinning í að efla starfsmenntun.** FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Grátið og klappað við dómsuppsögu

## Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Ástu Kristínu Andrésdóttur hjúkrunarfræðing af ákæru fyrir manndráp af gáleysi. Hún segist alltaf hafa vonast eftir þeirri niðurstöðu. Formaður Félags hjúkrunarfræðinga kallar eftir rannsóknarnefnd vegna alvarlegra atvika.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur telur að hrapað hafi verið að niðurstöðu um meginorsök andláts Guðmundar Más Bjarnasonar í máli ríkissaksóknara gegn hjúkrunarfræðingnum Ástu Kristínu Andrésdóttur og Landspítalanum. Dómurinn sýknaði Ástu Kristínu, og þar með Landspítalann, af öllum kröfum ákæruvaldsins í gærmorgun.

Ásta var ákærð fyrir manndráp af gáleysi og fyrir brot á hjúkrunarlögum. Ákæran sneri að því að Ástu hefði láðst að tæma loft úr belg barkaraufarrennu þegar hún tók sjúkling úr öndunarvél þann 3. október 2012 og setti talventil í barkaraufarrennuna.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að aðrir þættir en uppblásinn belgur kunni að skýra andlát sjúklingsins og taldi dómurinn ekki ólíklegt að belgurinn hefði verið blásinn út við endurlífgun sjúklingsins. Af þeim ástæðum var talið ósannað að Ástu hefði láðst að tæma loft úr belgnum og að andlát sjúklingsins yrði rakið til þess.

Þegar dómurinn var kveðinn upp klöppuðu viðstaddir og grétu af gleði í senn. Ásta sagði í samtali við Stöð 2 í gær að henni væri mjög létt. „Ég er glöð að sjá í dómnum að þeir sáu það sem ég upplifði, að þeir trúðu mér. Ég vonaðist alltaf eftir þessari niðurstöðu [...] Það er gott að þetta er búið.“

Móðir Ástu tók í sama streng. „Mér stórlétti bara og ég get ekki sagt hvernig mér leið því ég veit ekki hvernig mér líður ennþá. En feginleikinn og gleðin yfir þessum sýknudómi er það besta sem ég veit í dag,“ sagði Sigrún Sveinsdóttir, fyrrverandi sjúkraliði og móðir Ástu, við Stöð 2 í gær.



**Stjórnendur Landspítalans voru viðstaddir dómsuppkvaðningu og fögnuðu með Ástu þegar niðurstaðan lá fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Það sem við viljum að komi út úr þessu er að það verði fundin ákveðin leið, hvernig eigi að taka á svona alvarlegum atvikum í heilbrigðisþjónustu.**



Ólafur Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga

**Ég vil ekki vera í heilbrigðiskerfi þar sem heilbrigðisstéttin er full angistar því þá fyrst byrja mistökin.**



Einar Gautur Steingrímsson, verjandi Ástu

**Ég er glöð að sjá í dómnum að þeir sáu það sem ég upplifði, að þeir trúðu mér. Ég vonaðist alltaf eftir þessari niðurstöðu.**

Ásta Kristín Andrésdóttir, hjúkrunarfræðingur

**Það hefði aldrei átt að ákæra í þessu máli og ég er gríðarlega ánægð með niðurstöðuna. Dómurinn kemur mér ekki á óvart.**

Kristín Edwald, verjandi Landspítalans

**Það er mjög góð niðurstaða að stúlkan skyldi sleppa því hún átti enga sök á þessu.**

Ingveldur Sigurðardóttir, ekkja hins látna

Sömuleiðis sagðist ekkja Guðmundar, Ingveldur Sigurðardóttir, glöð yfir niðurstöðunni. „Ég hef aldrei sakast við hana enda hef ég enga ástæðu til þess,“ sagði hún.

Þá sagði Kristín Edwald, verjandi Landspítalans, að dómurinn kæmi henni ekki á óvart. Finnst henni að aldrei hefði átt að ákæra í málinu.

Í kjölfar dómsuppkvaðningar kallaði Ólafur Skúlason, formaður félags hjúkrunarfræðinga, eftir rannsóknarnefnd alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu í samtali við Vísi.

„Reglurnar og lögin eru hreinlega ekki nógu skýr til að segja til um í hvaða farveg þessi mál eigi að fara. Við köllum eftir því að það verði skipuð einhvers konar rannsóknarnefnd á svona alvarlegum atvikum í heilbrigðisþjónustu,“ sagði Ólafur. Hann bætti því við að þora yrði að segja frá mistökum ef fólk ætti að læra af þeim. Hann sagði að ef starfsmenn ættu á hættu að verða ákærðir væri hann hræddur um að tíðni atvikaskráninga myndi lækka.

**thorgnyr@frettabladid.is**




# Trump lofar að fara hvergi

**BANDARÍKIN** „Ég mun aldrei hætta í þessari kosningabaráttu,“ sagði Donald Trump, sem sækist eftir útnefningu Repúblikanaflokks Bandaríkjanna til forsetaframboðs, í samtali við The Washington Post í gær.

Mikið hefur verið deilt á Trump síðustu daga í kjölfar ummæla hans um að banna skyldi öllum múslimum að koma til Bandaríkjanna, hvort sem þeir væru hryðjuverkamenn, flóttamenn eða Bandaríkjamenn á leið heim úr fríi erlendis.

Aðrir frambjóðendur repúblikana kölluðu hugmyndina ótæka og sögðu hana þvert á það sem flokkurinn stendur fyrir. Þá sagði talsmaður forsetaembættis Bandaríkjanna hugmynd Trumps sjálfkrafa dæma hann úr leik sem trúverðugan kost í forsetaembættið.

Hörð viðbrögð samflokksmanna hans urðu til þess að hann benti á skoðanakönnun USA Today þar sem fram kom að nærri sjötíu prósent fylgismanna hans myndu kjósa Trump jafnvel þótt hann yrði ekki frambjóðandi repúblikana heldur færi fram sem sjálfstæður frambjóðandi utan flokka.

Trump hefur mælst með mest fylgi allra repúblikana allt frá því í júlí og stendur fylgi hans nú í tæpum þrjátíu prósentum. **– þea**



**Donald Trump vill banna öllum múslimum að koma til Bandaríkjanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**20-40%**
afsláttur af öllum vörum frá
**RUSSELL HOBBS**



**8.874kr**
~~14.790kr~~
**Kaffivél Legacy**
Stál, 10 bollar.
1840125
Russell Hobbs

**25%**
afsláttur
**Öll Electrolux smáraftæki**



**4.868kr**
~~6.490kr~~
**Hraðsuðukanna**
ELOISE EEWA3100, 1,5 ltr
1829123
Electrolux

**20-25%**
afsláttur
**Öll búsáhöld**



**5.599kr**
~~6.999kr~~
**Litaðir eldhúshnífar í gjafaöskju**
5 stk litaðir hnífar
2007433
taylor's eye witness

**28%**
afsláttur



Úrval verkfæra á frábæru tilboði!

**9.995kr**
~~13.995kr~~
**Hleðsluborvél**
EPC12CAB 12V, 2 rafhlöður
5245999
BLACK&DECKER

# JÓLAGJAFIR
# TILBOÐSDAGAR
## mikið úrval allt að 40% afsláttur

## GÆÐA JÓLATRÉ
### Á LÆGRA VERÐI
**Sérvalin jólatré fyrir Blómaval.**
• NORMANNSÞINUR • RAUÐGRENI • STAFAFURA
**Öllum jólatrjám fylgir janúar glaðningur Blómavals!**





**24%**
afsláttur
**5.495kr**
~~7.257kr~~
**Skrúfvél**
KC36LN 3.6V
5246014
BLACK&DECKER



**26%**
afsláttur
**24.995kr**
~~33.995kr~~
BORVÉL
160 FYLGIHLUTIR
FLOTT TASKA FYLGIR
**Hleðsluborvél með höggi EGBL188AFC**
18V, 2 rafhlöður Li-Ion, 160 fylgihlutir
5245560
BLACK&DECKER



**20-40% AFSLÁTTUR**
**ALLAR SERÍUR OG JÓLALJÓS**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Á þriðja þúsund flóttamanna flutt til Aþenu

**GRIKKLAND** Á fjórða hundrað grískra lögreglumanna mættu að landamærum landsins við Makedóníu í gær. Tilgangurinn var að smala 2.500 flóttamönnum í 45 rútur og ferja þá til Aþenu, höfuðborgar landsins.

Flóttamennirnir verða hýstir í flóttamannabúðum á tveimur íþróttaleikvöngum sem byggðir voru fyrir Ólympíuleikana árið 2004.

Fólkið hafði verið strand á landamærunum í þrjár vikur, síðan Makedónar ákváðu að hleypa einungis inn flóttamönnum frá stríðshrjáðum svæðum.

Nokkrir þeirra höfðu mótmælt undanfarið með því að sauma saman varir sínar. Flóttamennirnir sem um ræðir eru að mestu leyti frá Íran, Pakistan, Bangladess, Sómalíu og Marokkó.

Til stympinga kom milli um þrjátíu flóttamanna og lögreglu. Ákveðið var að flóttamennirnir uppreisnargjörnu yrðu fluttir á lögreglustöð. **– þea**

# Mál ekki tekin upp vegna fúsks

**SVÍÞJÓÐ** Önnur hver lögreglurannsókn í Svíþjóð hefur ekki verið tekin upp á ný þótt tilkynning hafi borist um að lífsýni sem tekið var á sínum tíma stemmi við lífsýni sem tekið var síðar vegna rannsóknar á öðru afbroti.

Í kjölfar frétta sænska blaðsins Dagens Nyheter af þessu nú í vikunni hefur lögreglan í Gautaborg hafið rannsókn á nauðgunarmáli frá 2012. Þá lýsti kona því hvernig hún var dregin inn í íbúð þar sem tveir menn nauðguðu henni. Lífsýni úr tveimur mönnum fundust í líkama hennar og á buxum. Samsvörun fannst þá ekki í gagnabanka.

Í maí í fyrra fékk lögreglan tilkynningu um samsvörun með nafni viðkomandi. Nú segir lögreglan að það hafi verið vegna mistaka sem málið var ekki tekið upp á ný. **– ibs**

# Sumar á Indlandi



Kona í Kasmír-héraði nyrst á Indlandi hengir upp chili-pipar til þerris í góða veðrinu, en þar er nú sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Níu af tíu hjá SGS sögðu já

**KJARAMÁL** Kjarasamningur Starfsgreinasambandsins (SGS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga var samþykktur með yfir 90 prósentum greiddra atkvæða. Kosningu um samninginn, sem skrifað var undir 20. nóvember, lauk á miðnætti á þriðjudagskvöld.

„Starfsgreinasambandið fór með umboð 15 aðildarfélaga sinna og var samningurinn samþykktur í öllum félögunum,“ segir á vef SGS. Kjörsókn var 33,14 prósent. **– óká**

# Segjast glíma við nýja tegund útgerðarmanna

**Formaður VM segir útgerðir hafa hótað sjómönnum sem lýst hafi skoðunum eða sett fram kröfur í kjaramálum. Viðræðum hefur verið frestað. SFS segir að ekki standi á þeim. Samningar hafa verið lausir frá 2011.**

**KJARAMÁL** „Við viljum hitta sem flesta félagsmenn og við munum ræða þá staðreynd að það mun ekkert fást frá útgerðinni nema henni verði stillt upp við vegg,“ segir Guðmundur Ragnarsson, formaður VM – Félags vélstjóra og málmiðnaðarmanna.

Á vef VM kemur fram að boðað verði til funda milli jóla og nýárs til að ræða stöðuna sem upp sé komin í kjaraviðræðum félaga sjómanna við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), en þeim var frestað á föstudag. Sjómenn hafa verið samningslausir frá 2011.

Guðmundur segir upp komna undarlega stöðu. Af hálfu útgerðanna sé með öllum ráðum unnið á móti tilraunum verkalýðsfélaganna til að spyrna við fótum á móti breytingum sem útgerðirnar hafi komið á um borð í skipunum. „Okkar félagsmenn hafa ekki lengur stöðu til að hafa skoðun eða setja fram sínar kröfur án hótana,“ segir hann. Dæmi séu um að mönnum hafi ekki bara verið hótað brottrekstri, heldur útilokun um ráðningu hjá öðrum útgerðum innan SFS.

„Við glímum nú við nýja tegund útgerðarmanna. Ég hef ekki kynnst neinu slíku frá því ég byrjaði að vinna við samningagerð,“ segir Guðmundur. Um sjö stórar útgerðir ráði öllu. „Staðan er sú að sjómenn andmæla ekki Þorsteini Má í Samherja, Gunnþóri í Síldarvinnslunni, eða þeim á Höfn eða í Vestmannaeyjum. Þetta er veruleikinn sem við glímum við.“

Í tilkynningu SFS um frestun viðræðnanna er áréttað að þeim hafi ekki verið slitið og þær séu áfram hjá ríkissáttasemjara. „Frá því samningar voru lausir í ársbyrjun



Útgerðarmenn segja fulltrúa félaga sjómanna hafa kosið að fresta viðræðum við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Okkar félagsmenn hafa ekki lengur stöðu til að hafa skoðun eða setja fram sínar kröfur án hótana.
>
> Guðmundur Ragnarsson formaður VM



2011 hafa sjómenn fengið hækkun kauptryggingar og kaupliða í samræmi við hækkanir á almennum markaði. Þótt samningar séu lausir gildir síðasti kjarasamningur þar til nýr kjarasamningur hefur verið gerður,“ segir þar og bent er á að tekjur sjómanna ráðist af fiskverði á hverjum tíma. Þeir hafi því notið þess góðæris sem verið hafi undanfarin ár í sjávarútvegi.

SFS hafi lýst sig reiðubúin til að reyna að ljúka samningum við sjómenn fyrir næstu áramót. Fulltrúar sjómanna telji ekki ástæðu til þess og hafi ákveðið að fresta viðræðum. „SFS er hins vegar ávallt reiðubúið til viðræðna við fulltrúa sjómanna um endurskoðun kjarasamninga.“ **olikr@frettabladid.is**




# OSTAKÖRFUR
# FYRIR SÆLKERA





## OSTAKARFA 1
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Ibérico paté
- Camembert Royal Faucon
- Piparostur
- Ljúflingur
- Rjómaostur
- Stonewall Red Pepper Jelly

**3.599**



## OSTAKARFA 2
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Ibérico paté
- Camembert Royal Faucon
- Ostarúlla reyktur lax
- Piparostur
- Rjómaostur
- Bónda Brie
- Ljúflingur
- Stonewall Red Pepper Jelly

**4.399**



## OSTAKARFA 3
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Ibérico paté
- Bleu d´Auvergne
- Prima Donna Maturo
- Camembert Royal Faucon
- Ostarúlla reyktur lax
- Bónda Brie
- Piparostur
- Rjómaostur
- Ljúflingur
- Stonewall Wild Blueberry Jam
- Stonewall Red Pepper Jelly

**5.999**



## OSTAKARFA 4
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Melba Toast
- Ibérico paté
- Prima Donna Maturo
- Bleu d´Auvergne
- Ostarúlla reyktur lax
- Piparostur
- Bónda Brie
- Rjómaostur
- Ljúflingur
- Camembert Royal Faucon
- Höfðingi
- Stonewall Wild Blueberry Jam
- Stonewall Red Pepper Jelly
- Ferrero Rocher

**7.399**



## OSTAKARFA 5
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Melba Toast
- Mousse De Canard
- Einiberja pylsa
- Ibérico paté
- Bleu d´Auvergne
- Prima Donna Maturo
- Camembert Royal Faucon
- Ostarúlla reyktur lax
- Ljúflingur
- Piparostur
- Bónda Brie
- Brie Chili og engifer
- Höfðingi
- Rjómaostur
- Stonewall Wild Blueberry Jam
- Stonewall Red Pepper Jelly
- Ferrero Rocher

**8.799**

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# VIRK vill aukinn hlut í aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum

**ALÞINGI** VIRK starfsendurhæfingarsjóður telur mikilvægt að sjóðurinn fái aukna aðkomu að þeim lið aðgerðaáætlunar stjórnvalda í geðheilbrigðismálum sem snýr að ráðningu ríkis og sveitarfélaga á fólki sem lent hefur utan vinnumarkaðar vegna langvinnra geðsjúkdóma.

Í umsögn sinni um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðir í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára fagnar VIRK markmiðum stefnu og aðgerðaáætlunar. „Sérstaklega því „að þjónusta við einstaklinga með geðraskanir sé samþætt og samfelld“, eins og segir í undirmarkmiði áætlunarinnar,“ segir á vef VIRK.

VIRK bendir meðal annars á að geðræn vandamál séu mjög algeng hjá þeim sem horfið hafi af vinnumarkaði vegna heilsubrests og slysa og að rúmlega 40 prósent fólks sem hefji starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK segi geðræn vandamál hamla atvinnuþátttöku sinni. Hlutfallið fari vaxandi. Bent er á að sérhæfð þjónusta á þessu sviði sé stór þáttur í þjónustu VIRK og því skynsamlegt að sjóðurinn verði talinn með sem samstarfsaðili í fleiri aðgerðum í stefnu- og aðgerðaáætluninni en nú sé gert ráð fyrir.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra mælti fyrir tillögunni á Alþingi í nóvember, en velferðarnefnd hefur hana til umfjöllunar áður en hún gengur til annarrar umræðu í þinginu. – óká


Geðdeild Landspítalans við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Markmið að færa fé út á landsbyggðina

**Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, segir það markmið tillagna meirihluta nefndarinnar að færa fé út á land. Styrkja þurfi grunnstoðir samfélaga vítt og breitt um landið. Fé sett í samgöngumannvirki, fjarskipti og uppbyggingu ljósleiðara á landsbyggðinni.**


Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Breytingatillögur meirihluta fjárlaganefndar eru nú til umræðu á þingi í annarri umræðu um fjárlög. Af þeim 8,8 milljörðum króna sem meirihlutinn gerir tillögur um til breytinga munu aðeins rúmar 80 milljónir fara til Vestfjarða.

Fréttablaðið fór yfir tillögur meirihluta fjárlaganefndar með það markmið að greina í hvaða landshluta breytingatillögurnar fara. Kom í ljós að af þeim tæpum níu milljörðum sem ætlaðir eru í breytingar meirihlutans er hægt að staðsetja 3,8 milljarða. Einnig eru aðrar 1.172 milljónir sem áætlaðar eru til landsbyggðanna án þess að það sé skilgreint nánar.

Á árinu 2014 setti forsætisráðherra á laggirnar nefnd um atvinnuástand og horfur á Norðurlandi vestra. Var nefndinni falið að koma með tillögur til ríkisstjórnar Íslands sem hægt væri að ráðast í til að auka atvinnu á svæðinu. Nefndin, undir forystu oddvita Framsóknarflokksins í Skagafirði, skilaði á fjórða tug tillagna til ríkisstjórnarinnar. Nú er sú nefnd að uppskera ríkulega fyrir landshlutann. 370 milljónir króna leggur meirihluti fjárlaganefndar til að fari aukalega í landshlutann í hin ýmsu verk.

„Við tókum á móti rúmlega fjörutíu sveitarfélögum og landshlutasamtökum auk Sambands íslenskra sveitarfélaga þannig að við reynum að setja fjármagn þar sem mest skortir á,“ segir Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar. „Þessar breytingatillögur eru að okkar mati landsbyggðarmiðaðar tillögur. Reykjavíkursvæðið er að taka svo stóran part af fjárlögum hvers árs þannig að nú erum við að setja peninga út á landsbyggðina í grunnkerfið þar, hafnir, flugvelli, samgöngur og fjarskipti. Ljósleiðaraverkefnið er gríðarlega mikilvægt til dæmis. Svo setjum við 400 milljónir í hafnarframkvæmdir vítt og breitt um landið, bætum í vegi í dreifðum byggðum og svo erum við að styrkja stöðu Norðurlands vestra sem hefur lengi átt í miklum erfiðleikum.“

> Reykjavíkursvæðið er að taka svo stóran part af fjárlögum hvers árs þannig að nú erum við að setja peninga út á landsbyggðina í grunnkerfið þar.
>
> Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar

Norðurland eystra og Suðurland fá næstum jafn mikið úr breytingatillögum meirihlutans eða um 435 milljónir króna. Lagt er til að um 300 milljónir fari á Austurland og um 200 milljónir á Vesturland. Reykjanesið fær örlítið minna eða um 190 milljónir. Vestfirðir skera sig svo úr með 88,2 milljónir króna.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fjórðungssambands Vestfirðinga, fagnar því að bæta eigi í á Norðurlandi vestra og segir sértækar byggðaaðgerðir sem þessar mikilvægar. „Að sama skapi minnum við á Vestfjörðum á það loforð sem gefið var þegar umrædd nefnd var sett á laggirnar, að þegar þeirri vinnu væri lokið ætti að huga að Vestfjörðum. Okkur þykir fjórðungurinn ekki hafa notið sannmælis í fjárlagagerðinni það sem af er,“ segir Aðalsteinn.

## Breytingatillögur meirihluta fjárlaganefndar

**Hægt er að greina hvert rúmir fimm milljarðar í breytingatillögum meirihlutans fara. Þar af eru 1.172 milljónir króna sem eiga að renna til landsbyggðanna án þess að það sé greint nánar í breytingatillögunum.**







# Menn sjá ávinning í að efla starfsmenntun

**MENNTAMÁL** Fram undan er átak í að fjölga nemendum sem ljúka starfsnámi. Til þess að svo verði þarf að koma á markvissu námi sem höfðar til nemenda, tryggja nemendum vinnustaðanám og stofna fagháskólastig þannig að ungt fólk líti á starfsnám sem lykil í áframhaldandi nám á háskólastigi, þetta kom fram á fundi Menntamálastofnunar og Rannís á miðvikudaginn undir yfirskriftinni: Átak í starfsmenntun – starfsgreinaráðin, skólarnir og stoðkerfið.

Menntamálastofnun, sem tók formlega til starfa í október, vinnur með framhaldsskólum og starfsgreinaráðum að námsbrautalýsingum í starfsnámi. Menntamálastofnun vill tryggja samtal atvinnulífs og skóla á þessari vegferð og leggur áherslu á að nám taki mið af þörfum atvinnulífsins.

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, segir að þetta sé eitt af málunum sem hafi verið í umræðunni í þó nokkurn tíma.

„Þetta kom fram meðal annars í vinnuhóp sem ráðuneytið setti af stað. Menn sjá sér ávinning í að efla starfsmenntun. Það er ákveðin brú upp í háskóla eftir starfsnám á framhaldsskólastigi. Í löndum eins og Sviss og Austurríki, þar sem er gömul hefð fyrir starfsmenntun, horfa menn á að beint framhald liggi frá starfsmenntun upp á háskólastig,“ segir hann.

Arnór segir að enn hafi ekki verið komist að neinni niðurstöðu um málið, enn þá sé verið að ræða hvort eigi að byggja þetta upp innan framhaldsskóla, háskóla eða í sérskólum. Menntamálaráðuneytið ákveði hvernig eigi að útfæra þetta. – sg


Menntamálastofnun vinnur með framhaldsskólum og starfsgreinaráðum að námsbrautalýsingum í starfsnámi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

## Jóladagatal

# Nýtt jólatilboð

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
til 12. desember 2015

25% afsláttur




2 lítrar

**749 kr. pk.**

Verð áður ~~999~~ kr. pk.

Krónan hátíðarís, 2 l



Sérð þú hvaða tilboð leynist í næsta pakka? Fylgstu með á laugardaginn.

Fylgstu með Jóladagatalinu á facebook síðu Krónunnar – Jólaleikur í hverri viku

# Töluvert hefur áunnist og drög að samningi verið kynnt

**UMHVERFISMÁL** Forseti Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP21), Laurent Fabius, kynnti í gær ný drög að hnattrænum samningi um aðgerðir í loftslagsmálum, með þátttöku allra ríkja.

Í ræðu á stuttum fundi við það tilefni, þar sem samningsdrögunum var dreift, sagði Fabius að búið væri að ná saman að mestu leyti um mikilvæg atriði, til dæmis hvernig standa skuli að aðlögun að loftslagsbreytingum.

Enn á þó eftir að komast að niðurstöðu um fjármögnun aðgerða, eftirfylgni með markmiðum ríkja til lengri tíma og ábyrgðarskiptingu milli ríkja og ríkjahópa.

Drögin nú eru miklum mun skýrari en þau sem viðræðuhópur skilaði til þingsins um síðustu helgi og dregur betur fram kosti varðandi helstu ágreiningsefni. Fabius sagði að vel hefði miðað, en enn væri þó mikil vinna eftir á lokasprettinum. Ráðstefnunni lýkur á morgun, en Hugi Ólafsson, formaður íslensku samninganefndarinnar, hefur sagt það næsta víst að þingað verði inn í helgina. Reynslan hafi sýnt frá fyrri ráðstefnum að sjaldnast er hjá því komist.

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, segir í fréttatilkynningu það vera ánægjulegt að kominn sé skriður á viðræðurnar. „Tilfinningin er sú að nú þokist hratt í samkomulagsátt en björninn er þó ekki unninn. Þótt búið sé að landa mikilvægum atriðum er varða einstaka þætti samningsins á eftir að tengja þá saman og búa til heildarramma utan um nýtt samkomulag. Næstu sólarhringar fara í að sníða þennan ramma og ég er vongóð um að það takist.“ – shá



Laurent Fabius, og aðrir ráðamenn franskir, hafa lagt allt undir til að ráðstefnan skili loftslagssamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Hreyfihamlaðir í göngupróf

**SVÍÞJÓÐ** Færri hreyfihamlaðir íbúar í Södertälje í Svíþjóð fá nú leyfi til að leggja í stæði fatlaðra eftir að yfirvöld fóru að skylda þá til að sæta sérstakri rannsókn og jafnvel fara í göngupróf. Misnotkun á stæðunum hefur aukist undanfarin ár og þess vegna var ákveðið að fara í herferð gegn svindlinu.

Þeir sem sækja um nýtt leyfi til að leggja í stæðin eða endurnýjun á leyfi sæta nú rannsókn. Í þau skipti sem göngupróf hefur farið fram kom í ljós að notandi stæðisins gat gengið talsverðan spöl án erfiðleika. – ibs


Olíuverð hefur hríðfallið í ár.

## Lægsta verð á hrávöru í 16 ár

**EFNAHAGSMÁL** Hrávöruverð hefur lækkað mikið á árinu. Í vikunni féll hrávöruvísitala Bloomberg og hefur ekki mælst lægri síðan í júní árið 1999.

Of mikið framboð og of lítil eftirspurn hafa valdið verðhjöðnun á hrávörum. Á undanförnum dögum hefur verð á hrávörum, svo sem áli, stáli og kopar, lækkað enn frekar. Greint var frá því í byrjun viku að hrávöruverð tunnu af olíu væri komið undir 40 dollara, í fyrsta sinn síðan í febrúar árið 2009.

Ástandið hefur ekki verið verra síðan í efnahagskreppunni 2008, og er talið að það fari versnandi. Lækkun hrávöruverðs hefur mikil áhrif á alþjóðaviðskipti en Dow Jones vísitalan hefur lækkað um 200 stig í vikunni eftir að tilkynnt var um olíuverðið, auk niðurskurðar hjá námurisanum Anglo American. – sg

# Stjórnarherinn í Sýrlandi náði borginni Homs aftur á sitt vald

**Uppreisnarmenn yfirgefa síðasta hverfi sitt í borginni eftir nærri þriggja ára umsátur stjórnarhersins með linnulitlum loftárásum. Samið var um vopnahlé meðan uppreisnarmenn og fjölskyldur þeirra héldu burt.**

**SÝRLAND** Sýrlenskar uppreisnarsveitir yfirgáfu í gær al Wair-hverfi í norðvesturjaðri borgarinnar Homs, sem þeir hafa haft á valdi sínu í nokkur ár.

Þeir sömdu við Sýrlandsstjórn um að fá að fara óhultir frá borginni og fylgdust bæði sýrlenskir hermenn og fulltrúar Sameinuðu þjóðanna með brottför þeirra.

Borgarstjórinn í Homs, Talal Barazzi , sagði að eftir samninginn yrði Homs örugg borg, laus við byssur og byssumenn.

Alls voru það nokkur hundruð manns sem voru flutt frá borginni, sumir með sjúkrabifreiðum. Fjölskyldur uppreisnarmannanna fóru einnig burt frá borginni. Fólkið hélt sem leið liggur til yfirráðasvæða uppreisnarmanna í norðvesturhluta landsins.

Gegn uppgjöf uppreisnarmanna lét stjórnin 35 fanga lausa.

Þessi niðurstaða þykir mikill sigur fyrir stjórn Bashar al Assads Sýrlandsforseta. Stjórnarherinn hefur setið um borgarhlutann í nærri þrjú ár og ítrekað gert loftárásir á íbúana þar.

Á síðasta ári gerðu uppreisnarmenn í gamla borgarhlutanum í Homs sambærilegt samkomulag við stjórnarherinn um vopnahlé gegn því að fá að yfirgefa borgina.

Aðeins nokkrar vikur eru frá því rússneski herinn hóf loftárásir á uppreisnarmenn í Sýrlandi. Rússar hafa ekki eingöngu beint árásum sínum að vígasveitum Íslamska ríkisins svonefnda, heldur einnig að uppreisnarhópum sem notið hafa stuðnings frá Vesturlöndum.

Íbúar hverfisins voru orðnir langþreyttir á linnulausum hernaði í nærri þrjú ár, en undanfarið hefur stjórnarherinn haldið uppi mikilli sókn á hverfið úr norðri og notið þar stuðnings rússneska hersins.

Í al Wair bjuggu um 300 þúsund manns við upphaf átakanna, en meira en 200 þúsund þeirra hafa fyrir löngu flúið átökin. Stjórnarherinn mun nú taka þetta hverfi á sitt vald. Borgin verður þar með öll komin undir stjórn Assads á ný.

Homs var lengi vel miðpunktur uppreisnarinnar gegn Assad forseta og stjórn hans.

Þessa dagana standa yfir í Sádi-Arabíu viðræður nokkurra helstu hópa sýrlenskra uppreisnarmanna, þar sem þeir ætla að reyna að ná samstöðu um kröfur sínar í hugsanlegum friðarviðræðum við stjórn Assads. gudsteinn@frettabladid.is


Uppreisnarmenn komnir um borð í rútu sem flutti þá burt frá borginni Homs í gær. NORDICPHOTOS/AFP

### Vopnabúr Íslamska ríkisins

Amnesty International segir að Daish-samtökin, sem kalla sig Íslamska ríkið, hafi í fórum sínum meira en hundrað tegundir af vopnum og skotfærum

Þessi vopn eru framleidd í meira en 25 löndum, en flest í Rússlandi, Kína, Bandaríkjunum og ýmsum Evrópulöndum.

Stór hluti vopnanna var í eigu íraska hersins og fenginn frá Bandaríkjunum eða Rússlandi og öðrum þáverandi austantjaldsríkjum.

Mest munar þar um vopn sem bárust til Íraks meðan Saddam Hussein var þar við völd, ekki síst þegar Írakar áttu í stríði við Íran. Að minnsta kosti 34 ríki sendu Írökum vopn á þessum tíma, en 28 þessara sömu landa sendu Írönum einnig vopn.

Megnið af vopnum Íslamska ríkisins er sem sagt fengið úr vopnageymslum íraska hersins, en einnig hafa vígasveitirnar komist yfir vopn í bardögum, með ólöglegum vopnaviðskiptum og frá liðhlaupum í bæði Írak og Sýrlandi.

Þetta eru vopn af ýmsu tagi, allt frá léttum skotvopnum yfir í riffla, vélbyssur, sprengjuvörpur og þungavopn ásamt brynvörðum hervögnum og skriðdrekum.

Þessi vopn hafa vígasveitir Íslamska ríkisins notað til þess að fremja alls kyns mannréttindabrot




# Merkel valin maður ársins

**BANDARÍKIN** Angela Merkel Þýskalandskanslari er „maður ársins“ hjá tímaritinu Time. Það þýðir að tímaritið telur hana hafa verið áhrifamesta einstakling ársins á heimsvísu.

Er þar meðal annars vísað til þeirrar forystu sem hún hefur tekið innan Evrópusambandsins, svo sem þegar tekist hefur verið á um flóttamannastrauminn undanfarið eða hinn lamandi skuldavanda Grikklands.

„Nú þegar stór hluti heimsins á enn á ný í harðvítugum deilum um jafnvægið milli öryggis og frelsis, þá er kanslarinn að krefjast ansi mikils af þýsku þjóðinni, og með fordæmi hennar, okkur hinum einnig,“ segir í umfjöllun tímaritsins.

Þetta er í fyrsta sinn í 29 ár sem kona verður fyrir valinu. Síðast var það Corazon Aquino, sem var forseti Filippseyja.

**» Þetta er í fyrsta sinn í 29 ár sem kona verður fyrir valinu. Síðast var það Corazon Aquino, sem var forseti Filippseyja.**

Meðal þeirra sem Time segir hafa komið til greina við valið í ár eru Abu Bakr al-Baghdadi, sem er leiðtogi Daish-samtakanna í Sýrlandi og Írak, bandaríski forsetaframbjóðandinn Donald Trump og Hassan Rouhani Íransforseti.

Einnig segir tímaritið hafa komið til greina að velja mótmælendur hreyfingarinnar Black Lives Matter í Bandaríkjunum, sem hafa barist gegn ofbeldi bandarísku lögreglunnar gagnvart þeldökkum íbúum landsins. – gb



Forsíða tímaritsins Time með mynd af Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, sem tímaritið telur hafa verið áhrifamesta einstakling ársins á heimsvísu.

# DEBENHAMS

*Gjafavörudagar*

## 20-50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

## 20% AFSLÁTTUR

AF SNYRTIVÖRUM*



EKKI MISSA AF ÞESSU!
GILDIR ÚT DAGINN Í DAG

*Gildir ekki af Viva Glam vörum né jólalínunni frá MAC

Finndu okkur á facebook

**Opið** 11:00 – 21:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Opið hús og félagsfundur

Rauði krossinn í Reykjavík býður félaga og aðra velunnara velkomna á opið hús og félagsfund í nýjum húsakynnum félagsins.

**Staður**: Efstaleiti 9
**Stund**: 10. desember, kl. 17:30 – 19:00

Drög að stefnu deildarinnar verða kynnt og boðið verður upp á kakó og jólalega stemningu.

Stjórn og starfsfólk Reykjavíkurdeildar

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



Eftirréttir




Stundum er gott að gera sér dagamun




Mjúk og bragðgóð jógúrt með stökkum kornkúlum sem leika við bragðlaukana. Tilvalin kostur sem sparimorgunverður, gómsætur millibiti eða ljúffengur eftirréttur.

... hvert er þitt eftirlæti?




Vindmyllurnar tvær ofan Þykkvabæjar sem teknar voru í gagnið í fyrrasumar ná mest 74 metra hæð. Nýju myllurnar ná tvöfalt hærra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Fá 45 MW úr þrettán 149 metra vindmyllum

**Biokraft ehf. vill reisa þrettán 149 metra vindmyllur norðan Þykkvabæjar þar sem tvær vindmyllur fyrirtækisins hafa framleitt rafmagn frá 2014. Uppsett afl verður 45 MW miðað við 1,2 MW í dag. Aflið er svipað og í Írafossvirkjun.**

**ORKUMÁL** Fyrirhugaður vindmyllugarður fyrirtækisins Biokraft í Austurbæjarmýri norðan Þykkvabæjar mun geta framleitt allt að 45 MW af raforku. Þetta kemur fram í tillögu að matsáætlun.

Biokraft, sem stofnað var 2012, gangsetti í júlí í fyrra tvær vindmyllur í Þykkvabæ í tilraunaskyni. Þær myllur hafa samtals 1,2 MW framleiðslugetu. Nýting þeirra þykir hafa verið mjög góð, skilað 42 prósentum af fræðilegri hámarksgetu miðað við 24 prósent sem tíðkast á landi og er jafnvel hærri en á sjó þar sem afkastagetan er venjulega 41 prósent. Rafmagnið er selt til Orkuveitu Reykjavíkur.

Áætlað er að bæta við þrettán myllum á um 380 hektara svæði sem nefnt er Djúpárvirkjun. „Svæðið er á milli svokallaðs Dammskurðar í suðri og Safamýrar í norðri og liggur á milli Þjórsár og Markarfljóts í nálægð við sjóinn,“ segir í tillögu að matsáætlun sem Björney umhverfisráðgjöf gerði. Landið er óskipt sameign Austurbæja í Þykkvabæ auk Hábæjar 1-2 og Jaðars.

Reisa á þrettán vindmyllur í nálægð við núverandi vindmyllur. Mastur hverrar myllu yrði allt að 92,5 metra hátt, þvermál snúningsflatar um 113 metrar og spaðarnir ná upp í 149 metra í hæstu stöðu.

Gert er ráð fyrir allt að 45 MW uppsettu afli í fyrirhugaðri virkjun Biokraft. Til samanburðar er Írafossvirkjun í Soginu 48 MW, Kröfluvirkjun 60 MW og Blönduvirkjun 150 MW. Þar sem aflið nær því að vera 10 MW eða meira þarf framkvæmdin öll að fara í umhverfismat.

„Víða erlendis þekkist það að vindmyllugarðar séu nálægt mannabyggð, en þetta er í fyrsta sinn sem þessi möguleiki verður skoðaður á Íslandi,“ segir í tillögunni. „Langt er í fjöll og annað sem getur skapað skjól eða orsakað sviptivinda. Að fenginni reynslu vegna fyrri vindmylla er útséð að veðurskilyrði eru góð og vindur frekar jafn yfir árið.“

Sem fyrr segir þarf umhverfismat áður en af framkvæmdum getur orðið. Fram kemur í matstillögunni að farið hafi verið um svæðið þar sem núverandi vindmyllur standa um tvisvar á dag og landeigandi haft eftirlit með umhverfinu.

„Ein vængbrotin veiðibjalla fannst 14. maí 2015 og er ekki vitað hvort hún hafi flogið á spaða eða ekki,“ segir í tillögunni um áhrif á dýralíf. „Samkvæmt bændum á svæðinu virðist staðsetning myllanna ekki hafa áhrif á ágengi gæsa og álfta í nærliggjandi tún og kartöflugarða.“ gar@frettabladid.is

## Fyrirhugaðar vindmyllur Biokraft




» Mastrið á vindmyllunni er um 20 metrum hærra en Hallgrímskirkja.

> Erlendis þekkist það að vindmyllugarðar séu nálægt mannabyggð, en þetta er í fyrsta sinn sem þessi möguleiki verður skoðaður á Íslandi.

Úr tillögu að matsáætlun vegna Djúpárvirkjunar

### Ekki vildu allir íbúar vera með

„Á íbúafundi í Þykkvabæ 8. desember 2014 kom tillaga frá íbúum um að framkvæmdaraðili myndi endurskoða valda staðsetningu á landi Hábæjar 1 og 2 og Jaðars, vegna hugsanlegra sjónrænna áhrifa og að einungis landeigandi svæðisins fengi greitt fyrir landnot, en ekki íbúar í grennd við framkvæmdina. Skoðuð var önnur möguleg staðsetning til að koma til móts við óskir íbúa, nánar tiltekið sunnan við þorpið við sjávarsíðuna á svæði sem kallast Gljáin. Farið var í frumrannsóknir og kom í ljós að svæðið gæti hentað vel fyrir framleiðslu en þar sem undirstöðurnar eru sandur yrði sú aðgerð að öllum líkindum kostnaðarsamari en fyrri kostur. Þessi staðsetning var hins vegar talin vera hentugri því svæðið er í sameign allra staðarbúa og færu því leigugreiðslur til fleiri aðila. Þessu var hins vegar hafnað af hluta íbúa og því var vikið aftur að upprunalegu hugmyndinni.“

*Úr tillögu að matsáætlun Djúpárvirkjunar*

# nettó

## Jólabæklingurinn er kominn út!




NÝTT KORTATÍMABIL HEFST

**10. DES**

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 10. – 16. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

ÞÚ GETUR NÁLGAST BÆKLINGINN Í HEILD SINNI Á NETTO.IS | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

# Heimsþekkt hönnun –



Eames Lounge Chair

Ray og Charles Eames, 1956







Eames DAW

Tilboðsverð 64.900 kr.

verð áður 79.900 kr.

Ray og Charles Eames, 1950

Eames House Bird

Verð 19.900 kr.

Sunburst

Tilboðsverð 39.900 kr.

verð áður 49.900 kr.

George Nelson, 1949

Opið laugardag 11-16 og sunnudag 13-17

vitra.

# frábært verð









**Rotary Tray**
Verð 6.900 kr.
Jasper Morrison, 2014

**Eames DSR**
Tilboðsverð 37.900 kr.
verð áður 44.400 kr.
Ray og Charles Eames, 1950

**Uten.Silo minna**
Tilboðsverð 34.900 kr.
verð áður 42.900 kr.
Dorothee Becker, 1969/1970

Penninn
Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# Íhuga að flýja mengunarmökkinn

Stefán Úlfarsson býr í Peking ásamt eiginkonu og dóttur. Þar ríkir ófremdarástand dögum saman vegna loftmengunar. Svo alvarlegt er ástandið að fólk flytur frá borginni. Stefán segir það orðið koma til greina að flýja ástandið.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Á sama tíma og ráðamenn 195 þjóða sitja á rökstólum á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París eru vandamálin sem við er að glíma þegar farin að hafa mikil áhrif á daglegt líf fólks um allan heim. Ekki síst á það við um Kínverja – fjölmennustu þjóð heims. Hagvöxtur í landinu, næststærsta hagkerfi heims, hefur verið ógnvænlega hár í aldarfjórðung og uppbygging iðnaðar og orkuvera er farin að taka sinn toll.

### Jafnvel bannað að grilla

Yfirvöld í höfuðborg Kína þar sem um 20 milljónir manna búa, Peking, sendu í fyrsta skipti í vikunni út rauða aðvörun – hæsta viðbúnaðarstig af fjórum – sem þýðir að mengun innan borgarmarkanna muni haldast langt yfir hættumörkum í þrjá sólarhringa eða lengur. Þetta þýðir að leik- og grunnskólum, auk fjölda fyrirtækja hefur verið lokað tímabundið – helmingurinn af fimm milljónum ökutækja er kyrrsettur annan hvern dag. Það er meira að segja bannað að grilla sér mat úti við, en viðbúnaðarstigið er sett á nú í fyrsta sinn þrátt fyrir að mengunin hafi oft verið verið verri, og síðast í fyrri viku.

### Horfir á mengunina veltast áfram

„Margt leggst á eitt við að magna upp mengunina í og kringum borgina. Gríðarleg iðnaðarstarfsemi, mengun frá bílum, bruni á lággæða kolum til að kynda húsnæði, og þá einkum í úthverfum og aðliggjandi sveitum, loftstillur og fleira,“ segir Stefán Úlfarsson, sjálfstætt starfandi hagfræðingur sem hefur búið í miðborg Peking síðastliðin fjögur ár ásamt fjölskyldu sinni; kínverskri eiginkonu sinni Ping og dótturinni Árnýju. Ping starfar sem blaðamaður á kínverskum fréttamiðli en Árný gengur í skóla í borginni.

„Mestalla þessa viku er fjöldi örsmárra mengunaragna í loftinu tíu til tuttugu sinnum meiri en talið er óhætt. Ég geri ráð fyrir að þeir sem eru veikir fyrir finni strax fyrir beinum áhrifum í formi ertingar í hálsi, öndunarerfiðleika og slíks. Beinu áhrifin fyrir aðra eru kannski fyrst og fremst á hugsunina. Þar sem mengunin er þykkust sér maður hana veltast áfram og sveipa umhverfið öskugrárri slikju. Þegar maður sér þetta veit maður að eitthvað er að,“ segir Stefán og bætir við að Ping þurfi að mæta til vinnu á hverjum degi – ólíkt mörgum sem ekki treysta sér til vinnu. Sjálfur hefur hann aðstöðu til að vinna heima. Skólinn hennar Árnýjar leyfir foreldrum að ráða því sjálf hvort þau senda börn sín í skólann meðan ástandið er hvað verst. Þau ákváðu að láta hana ekki fara í skólann og verður hún því líklega heima alla þessa viku, að sögn Stefáns.

„Ég skýst út áður en konan fer í vinnuna á morgnana og kaupi í matinn og svoleiðis. Síðan höldum við Árný okkur inni allan daginn. Gluggarnir eru lokaðir og lofthreinsibúnaðurinn á fullu. Þannig lágmörkum við mengunina sem við öndum að okkur. Konan er búin nánast eins og reykkafari þegar hún fer í vinnuna með stóra grisju fyrir andliti. Kennararnir senda okkur upplýsingar á netinu um þau verkefni sem ætlast er til að börnin vinni heima,“ segir Stefán.

### Enginn sjáanlegur árangur

Þar sem ástandið í borginni hefur oft verið svipað og í þessari viku eða jafnvel verra, án þess að gripið hafi verið til jafn harkalegra aðgerða og nú, liggur beint við að spyrja: Hvers vegna núna?

„Ég held að ástæðan felist í því að fólk er að verða meðvitaðra um umfang vandans. Margir óttast, held ég, að geta ekki lengur búið fjölskyldu sinni öruggt heimili í Peking. Stjórnvöld vilja sýna að þau eru að gera eitthvað í málinu. Almenningur hefur lagt á sig æ meira umstang síðustu ár út af mengun; birgt sig upp af grisjum, dregið úr notkun einkabíls, komið sér upp lofthreinsibúnaði heima og jafnvel flutt á brott. Það hefur hins vegar verið erfiðara að átta sig á því hvað stjórnvöld eru að gera. Í ríkisfjölmiðlunum gefa þau vissulega til kynna að þau séu meðvituð um vandann og vinni eftir áætlun að lausn hans. Gefnar eru út reglugerðir og tilskipanir. Samt er enginn sjáanlegur árangur. Mengunin virðist ekki vera á förum. Kannski er farið að líta á lausn vandans sem mikilvægan mælikvarða á lögmæti stjórnvalda,“ segir Stefán.

Í samhengi við orð Stefáns má rifja það upp að kínversk yfirvöld hafa leynt og ljóst reynt að leyna vandamálinu sem loftmengunin er. Fyrir rúmu ári bönnuðu yfirvöld að upplýsingar um loftmengun í Peking væru birtar, en þá stóð fundur 21 leiðtoga aðildarríkja Viðskipta- og samvinnustofnunar Asíu og Kyrrahafsríkja yfir. Í fréttum frá þessum tíma sagði frá því að stjórnvöld gæfu út sínar eigin upplýsingar um mengun, en Stefán segir að íbúar borgarinnar reiði sig á tölur um loftgæði sem bandaríska sendiráðið í Peking gefur út og birtir bæði á vefnum og á Twitter. Þessar mælingar sendiráðsins hafa verið þyrnir í augum yfirvalda og hugðust þau koma í veg fyrir birtingu þeirra þegar leiðtogafundurinn stóð yfir í fyrra.

### Íhuga að flytja frá Peking

Að lokum segir Stefán: „Við erum heppnari en margir aðrir, að hafa val um það hvort við búum áfram í Peking eða flytjum á brott. Fyrir einu til tveimur árum hefði mér ef til vill þótt fjarstæðukennt að fara bara út af mengunninni. Í dag finnst mér það alls ekki svo vitlaus hugmynd.“



Stefán, Ping og Árný litla hafa búið í Peking í nokkur ár en núna telja þau að vart verði unað við mengunina í borginni lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Loftgæði í Peking 2008-2015




> Fyrir einu til tveimur árum hefði mér ef til vill þótt fjarstæðukennt að fara bara út af menguninni. Í dag finnst mér það alls ekki svo vitlaus hugmynd.
>
> Stefán Úlfarsson, hagfræðingur



Tilboðsverð gilda frá 10. desember, til og með 14. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



### Hundruð þúsunda greinast með krabbamein vegna loftmengunar

Fjölmiðlar í Kína og á Vesturlöndum hafa nefnt ógnvænlegar tölur um dauðsföll í Kína vegna loftmengunar. Á einum stað er giskað á að það séu örlög þriggja milljóna manna á ári. China Daily segir frá því að 700.000 Kínverjar muni greinast með lungnakrabbamein árið 2015, og er loftmengun hluti skýringarinnar.




www.cintamani.is | Bankastræti 7 | Austurhraun 3 | Smáralind | Kringlan

## Sungið fyrir þá sem minna mega sín



**Jólin sungin inn** Árlegir Fíladelfiutónleikar „fyrir þá sem minna mega sín“ voru teknir upp í gær. Tónleikarnir hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Þeir verða sýndir á Stöð 2 á aðfangadagskvöld. Að venju er það Óskar Einarsson sem stýrir Gospelkór Fíladelfiukirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ásökun er ekki endilega meiðyrði

**Enginn hefur verið dæmdur til greiðslu miskabóta í Hæstarétti fyrir að tjá sig um eigin reynslu af kynferðisbroti, segir Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður konu sem hefur verið krafin um greiðslu vegna ummæla um meint fyrnd kynferðisbrot á Facebook.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



**DÓMSMÁL** „Ef fyrir liggur að í ummælum felist ásökun um kynferðisbrot og ljóst er að hverjum þau beinast þá þarf alls ekki að vera að þau flokkist sem meiðyrði,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður sem ver hagsmuni konu sem var krafin um greiðslu og hótað stefnu eftir að hún lýsti því yfir í lokuðum hóp á Facebook að hún ætlaði ekki að mæta á skemmtun hópsins vegna meintra kynferðisbrota sem áttu sér stað þegar hún var í grunnskóla. Konan fékk m.a. afsökunarbeiðni frá einhverjum af þeim drengjum sem að hennar sögn tóku þátt í meintri misnotkun á sínum tíma en frá meintum aðalgeranda fékk hún kröfubréf.

„Ekkert hefur heyrst í lögmanninum en það er ekki sama að segja um umbjóðanda hans. Að sögn konunnar hefur sá aðili ítrekað krafið hana milliliðalaust um greiðslu.“

### Frjálst að segja sannleikann

Sigrún minnir á að í löggjöfinni sé gert ráð fyrir því að mönnum sé almennt frjálst að segja sannleikann. „Þó hann sé sár. Sýnir þú fram á það fyrir dómi að ummæli þín séu sönn þá kann það að leiða til sýknu. Það getur þú gert þó brotið hafi aldrei verið kært til lögreglu, það kært til lögreglu en fellt niður og jafnvel ef sýknað var t.d. sökum fyrningar eða sakhæfisskorts. Ástæðan er sú að sönnunarkröfurnar sem gerðar eru í einkamálum eru ekki eins strangar og í sakamálum.“

### Salti stráð í sárin

Sigrún segir umræðuna vekja upp spurningar um takmörkun á tjáningarfrelsi. „Það er svo eins og að strá salti í sár brotaþola ef hann er eltur uppi með kröfur um miskabætur í hvert sinn sem hann tjáir sig opinberlega um það ofbeldi sem hefur markað hann til lífstíðar. Margir hafa talað um að það sé nóg að banna nafngreiningar, en hvað þá með tjáningu þar sem má augljóslega lesa milli línanna um hvern ræðir? Ef við viljum einnig takmarka þá tjáningu, hvar drögum við mörkin?“

Hún segir jafnframt óviðunandi þegar einstaklingar eru opinberlega sakaðir um brot sem þeir frömdu ekki. „Hér vegast á tvennir mikilvægir hagsmunir en við getum ekki dregið mörkin með þeim hætti að tjáning brotaþola sé með öllu bönnuð. Að geta tjáð sig opinberlega um eigin reynslu, skoðanir og hugðarefni er meðal þess sem er varið af tjáningarfrelsinu.“

Sigrún mælir með því að þeir sem hafa verið krafðir um miskabætur vegna ummæla á netinu leiti ráða hjá lögmanni og býður sjálf fyrstu ráðgjöf að kostnaðarlausu. „Við mælum einnig með því að þeir sem eru að velta því fyrir sér að gera kröfu um miskabætur vegna særandi ummæla skoði vel hvort ummælin kunni að vera sönn og hvort það sé fjárhagslega og tilfinningalega þess virði að fara af stað með málið. Því eins og staðan er í dag vitum við ekki til þess að nokkur hafi verið dæmdur til greiðslu miskabóta í Hæstarétti fyrir að tjá sig um sína eigin reynslu af kynferðisbroti. Til eru þó dæmi um að slíkar kröfur hafi verið lagðar fyrir dómstóla án árangurs.“



**„Að geta tjáð sig opinberlega um eigin reynslu, skoðanir og hugðarefni er meðal þess sem er varið af tjáningarfrelsinu,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Úr bréfi til konu sem nafngreindi meintan geranda

**Til mín hefur leitað X og falið mér að gæta hagsmuna sinna vegna ærumeiðandi ummæla sem þú viðhafðir um hann á Facebook, nánar tiltekið í umræðuhópi með nafninu X en ummælin virðist þú hafa látið falla í byrjun X 2015.**

**Í bréfinu lýsir þú því að það var ekki „einn af draumum mínum að vera læst inn í herbergi meðan drengirnir skiptust á að uppfylla sínar óskir“. Af tilvitnuðum orðum verður ekki betur séð en að þarna sért þú að lýsa frelsissviptingu og nauðgun.**

**„Margir fengu nú leyfi frá X til að gera það sem þeir vildu. Það var nú fínt þar sem hann gerði sama hlutinn. Það fékk enginn leyfi frá mér.“**

**Í tilvitnuðum ummælum felst ásökum um að umbj. minn hafi nauðgað þér og stuðlað að sambærilegum brotum gegn þér. Um er að ræða ásakanir um refsiverða háttsemi sem margra ára fangelsi liggur við samkvæmt íslenskum lögum sbr. meðal annars 1. mgr. 194 gr. laga nr. 19/1940. Ummæli hafa að geyma ærumeiðandi aðdróttun í garð umbjóðanda míns og varða við 235. gr laga nr. 19/1940.**

*Úr kröfubréfi til konu sem sagði frá meintum kynferðisbrotum á Facebook*



FÆRÐ ÞÚ STÆRSTA
# JÓLABÓNUSINN?

Þú átt möguleika – *ef þú átt miða!*




## MILLJÓNIR Á EINN MIÐA

*og nú fer vinningurinn út!*

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS FYRIR KL. 18

Stóri dagurinn

Miðasala á **hhi.is**, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni. **Miðaverð er aðeins 1.300 kr.** **Einn miði gildir í heila 3 leiki** í sama útdrætti.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*

PIPAR\TBWA • SÍA • 155678



Hér á Íslandi hefur fiskeldi vaxið ásmegin í fjörðum austanlands og á Vestfjörðum. Nú er unnið að því að þróa fóður sem hægt er að nýta í fiskeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skordýr og timbur í fiskafóðri framtíðar

**Leitað er nýrra leiða til að framleiða fóður fyrir eldisfisk. Hvatinn er sívaxandi fiskeldi sem mun mæta þörfum mannkyns fyrir meira fiskmeti í framtíðinni en meira verður ekki tekið af villtum stofnum. Íslenskir og sænskir aðilar hafa unnið saman að fóðurframleiðslu.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Framleiðsla á mjöli úr timburafurðum, lirfum skordýra og með ræktun örverulífmassa á brennisteinsvetni kom við sögu rannsókna og þróunarvinnu þekkingar- og rannsóknafyrirtækisins Matís. Hvatinn er alþjóðleg nauðsyn á að svara vexti fiskeldis á heimsvísu og minnka álag á fiskistofna við fiskimjölsframleiðslu.

Matís vakti athygli á þessum rannsóknum nýverið í því samhengi að eftirspurn eftir fiskmeti eykst stöðugt í heiminum. Auka verður framboðið á eldisfiski til að halda framboði stöðugu og minnka álag á fiskistofna sem sögulega hafa verið nýttir til fiskimjölsframleiðslu, en nýting uppsjávarfisks til slíkrar framleiðslu er gagnrýnd á sama tíma og hann er nýttur til manneldis í auknum mæli. Fiskimjöl er enn ríkjandi próteingjafi í fiskafóðri en framleiðslan dregst saman af fyrrnefndum ástæðum.

Ragnar Jóhannsson, verkefnisstjóri hjá Matís, hefur unnið að ýmsum verkefnum sem miða að því að nýta önnur hráefni en fiskimjöl í fiskeldisfóður.

Matís og þróunarfélagið Sæbýli ehf. á Eyrarbakka hafa á síðustu árum náð góðum árangri í samstarfi við sænska nýsköpunarfyrirtækið SP Processum við að þróa fiskafóður úr aukaafurð sem fellur til við pappírsframleiðslu úr trjáviði. Þessi nýja tegund sem unnin er úr timburafurðum gæti í fyllingu tímans skipt miklu máli ef rækta má tré og vinna úr þeim hráefni í fiskafóður og gæti það dregið úr umhverfisálagi vegna fiskeldis í heiminum.

Ragnar segir að um sé að ræða aðferð til að nýta sellulósa úr timbri [fjölsykra sem er eitt af næringarefnum í plöntum]. Þegar er efnið nýtt til lyfjaframleiðslu, til fatagerðar, í steypu og framleiðslu á etanóli. Í mjög einfaldaðri mynd eru niðurbrotssykrur sem eftir verða notaðar sem orkugjafi fyrir myglusveppi. Með gerjuninni fæst einfrumungur sem nota má við framleiðslu á fiskafóðri.

Massinn er þurrkaður og blandað við önnur hráefni svo úr verði fiskeldisfóður. Þetta fóður hefur verið reynt í tilapíueldi með góðum árangri og er nú verið að þróa fóður fyrir bleikjueldi.

Önnur aðferð sem hefur verið reynd í fóðurframleiðslu er að nota brennisteinsvetni frá Hellisheiðarvirkjun sem orkugjafa við ræktun örverulífmassa. Örverurnar vaxa hratt á brennisteinsvetninu, eru síðan þurrkaðar og bætt í fiskeldisfóður. Þessu verkefni var nýlega lokið eftir tveggja ára þróunarvinnu, en frekari rannsókna er þörf til að hámarka árangur.

> **Lirfurnar éta allt. Hér er horft til þess að nýta fiskúrgang, innyfli og slíkt. Notagildi þessa hráefnis er takmarkað og miklu af því hent enda ekki einfalt að búa til mjöl úr því beint. Lirfan hefur hátt próteininnihald og hentar vel til að búa til dýrafóður.**
>
> Ragnar Jóhannsson, verkefnastjóri hjá Matís

En þá er ekki allt talið. Skordýr eru önnur matarhola fyrir þá sem leita nýrra gjafa við framleiðslu fóðurs. Lirfur hermannaflugunnar eru til alvarlegrar skoðunar hér á landi en tilraunaræktun hófst hjá fyrirtækinu Víur á Bolungarvík í fyrrahaust.

„Lirfurnar éta allt. Hér er horft til þess að nýta fiskúrgang, innyfli og slíkt. Notagildi þessa hráefnis er takmarkað og miklu af því hent enda ekki einfalt að búa til mjöl úr því beint. Lirfan hefur hátt próteininnihald og hentar vel til að búa til dýrafóður,“ segir Ragnar en í Kanada hefur úrgangur frá stórmörkuðum verið notaður til að ala lirfurnar. „Við erum að henda frá okkur mörgu sem hægt er að nota, sem er vandamál og gengur gegn lögum. Heimurinn þarf prótein og mikið af því próteini sem verið er að nota í dag er sojaprótein. Það kemur að stórum hluta frá ræktun í Suður-Ameríku og skógur er ruddur í stórum stíl vegna þessarar framleiðslu,“ segir Ragnar og tæpir þar á máli málanna í dag sem loftslagsmálin, en varðveisla skóga og hlutur landbúnaðar í þeim vanda sem verið er að reyna að leysa hefur komið mjög við sögu á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París sem nú stendur yfir.

„Svo varðar þetta líka fæðuöryggi heimsins. Sojamjöl er orðið mjög eftirsótt, t.d. í Kína og víðar. Evrópa notar þetta í stórum stíl án þess að hafa nokkra stjórn á þessari auðlind. Því er lögð áhersla á það í Evrópu að finna próteinauðlindir sem hægt er að nýta heima fyrir – og vera ekki jafn háð framleiðendum í fjarlægum löndum og nú er. Lögmálið er í þessu eins og víðar – ef þú getur haft eitthvað heimafengið þá er það kostur.“

**svavar@frettabladid.is**



**Lirfa hermannaflugunnar er mjög næringarrík og inniheldur um 42% prótein og 35% fitu sem gerir hana hentuga sem fóðurhráefni.**

## Framleiðsla Íslands vart merkjanleg

Í skýrslu Alþjóðabankans, Fish to 2030: Prospects for Fisheries and Aquaculture, frá árinu 2014, er því spáð að tveir þriðju alls fiskmetis muni koma frá eldi árið 2030. Í skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá 2014 segir að neysla á fiski í heiminum hafi aldrei verið meiri og um helmingur þeirra sjávarafurða sem neytt sé komi úr eldi.

Í fólksfjöldaspám kemur fram að mannkyn muni ná níu milljörðum um miðja öldina, og mikilvægi fiskeldis og fóðurframleiðslu til að mæta þeim gríðarlega vexti í framleiðslu er mjög haldið á lofti í samhengi við fæðuöryggi heimsins.

Íslendingar ala um 0,01% af heildarfiskeldisframleiðslu heimsins. Kína framleiðir um 60% heimsframleiðslunnar. Í Evrópu eru Norðmenn langstærstir en Síle framleiðir mest í Ameríku, samkvæmt Alþjóðabankanum.

**60%**

**af fiskeldi í heiminum eru í Kína.**




20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Mikilvægt að tala um áfengisvandamál

Prófessor við Karólínsku stofnunina í Stokkhólmi segir þrýsting frá umhverfinu bestu lausnina í baráttunni við of mikla drykkju.

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ibs@frettabladid.is

Sá sem drekkur of mikið skaðar ekki bara sjálfan sig. Aðrar afleiðingar drykkjunnar eru umfangsmiklar. Þetta kemur fram í skýrslu sænska læknafélagsins og bindindissamtakanna IOGT í Svíþjóð þar sem teknar eru saman niðurstöður nýrra rannsókna.

Afleiðingarnar eru allt frá áhyggjum fjölskyldunnar vegna drykkju ættingja til dauðsfalla í umferðinni eða á vinnustað, að því er segir í frétt sænska blaðsins Dagens Nyheter.

Haft er eftir lækninum og prófessornum Sven Andréasson við Karólínsku stofnunina í Stokkhólmi að þeir sem eigi að taka boðskap skýrslunnar til sín séu þeir sem ekki geri sér grein fyrir að þeir tilheyri þeim hópi sem drekkur of mikið. „Hafi einhver mörgum sinnum sagt við einstakling að hann hafi áhyggjur af drykkju hans þá hefur sá næstum alltaf ástæðu til að hafa áhyggjur,“ segir læknirinn. Því miður séu viðbrögðin hjá þeim sem drekkur of oft þannig að gert sé of mikið úr drykkjunni.

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ, segir fólk eiga að taka mark á athugasemdum annarra. „Þá fer fólk að hugsa sér nær. Að tala um vandann er mjög mikilvæg leið. Hér heima hafa bæði fjölskyldumeðlimir og þeir sem drekka tækifæri til að spyrja hlutlausa aðila og leita aðstoðar. Það er hægt að tala við ráðgjafa á göngudeild hjá okkur og þá kemur í ljós hvort ástæða er til að hafa áhyggjur.“

Andréasson segir að besta lausnin sé þrýstingur frá umhverfinu þótt það sé erfitt að vera sá sem bendir á að drykkjan sé of mikil. Hann tekur jafnframt fram að baráttuleiðir stjórnvalda séu einokun með smásölu áfengis, skattlagning, aldurstakmark og lokunartími skemmtistaða. Greinilegt sé að þessar leiðir hafi áhrif þar sem þær takmarki aðgengi að áfengi. Aukið aðgengi hafi í för með sér meira ofbeldi, umferðarslys og fleiri dauðsföll.

Hann getur þess meðal annars að of mikil drykkja hafi neikvæð áhrif á fjóra til tíu fjölskyldumeðlimi, vini og fleiri. Of mikil drykkja hafi fyrst og fremst neikvæð áhrif á börnin, hættan á að þau skaðist aukist. Rannsóknir sýni að börn drykkjumanna fái oft lægri einkunnir og minni menntun en önnur börn, samtímis sem þau eigi frekar á hættu að þurfa sjálf að glíma við áfengisvanda.

Valgerður bendir á að áhyggjur aðstandenda, barna, maka og stundum foreldra vegna þess sem drekkur spilli jólagleðinni. „Það er ástæða til að ræða málin í þeirri von að þetta batni.“



Jólagleði barnanna getur spillst af áhyggjum vegna drykkju fjölskyldumeðlims. NORDICPHOTOS/GETTY



> Að tala um vandann er mjög mikilvæg leið. Hér heima hafa bæði fjölskyldumeðlimir og þeir sem drekka tækifæri til að spyrja hlutlausa aðila og leita aðstoðar. Það er hægt að tala við ráðgjafa á göngudeild hjá okkur og þá kemur í ljós hvort ástæða er til að hafa áhyggjur.
>
> Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ






Stúlkur í 1. bekk í Sýrlandi með námsgögn frá UNICEF. MYND/UNICEF

## Sannar gjafir UNICEF hjálpa börnum í neyð

Þegar gefin er sönn gjöf UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, gleður maður og bætir líf barna um allan heim með lífsnauðsynlegum hjálpargögnum, að því er bent er á á vef samtakanna.

Hjá UNICEF á Íslandi, unicef.is, er hægt að kaupa gjafabréf með ljósmynd og lýsingu á gjöfinni. Sá sem maður vill gleðja með slíkri gjöf fær gjafabréfið en hjálpargögnin eru send úr birgðastöð UNICEF til barna í neyð. Á vef samtakanna segir að hægt sé að velja um margs konar hjálpargögn í öllum verðflokkum.

Sem dæmi má nefna að fyrir 5.501 krónu er hægt að gefa gjafakörfu fulla af hjálpargögnum, það er 38 pökkum af vítamínbættu jarðhnetumauki sem gerir kraftaverk við meðhöndlun vannærðra barna. Karfan inniheldur einnig bóluefni sem verndar 25 börn gegn mislingum. Í körfunni eru ormalyf sem hjálpa 150 börnum að vinna bug á sníkjudýrasýkingu í meltingarvegi auk námsgagna fyrir 20 börn.

**5.501 kr.**

**KOSTAR KARFA FULL AF HJÁLPARGÖGNUM**

- 38 pakkar af vítamínbættu jarðhnetumauki
- Bóluefni sem verndar 25 börn gegn mislingum
- Ormalyf sem hjálpa 150 börnum að vinna bug á snýkjudýrasýkingu í meltingarvegi
- Námsgögn fyrir 20 börn

Það fer eftir þörfinni hverju sinni hvert gjafirnar eru sendar. UNICEF metur þörf fyrir aðstoð eftir ströngum verkferlum. Árlega kynnir UNICEF á Íslandi síðan alþjóðlega skýrslu þar sem fram kemur hvert hjálpargögnin sem gefin voru sem sannar gjafir árið áður voru send. UNICEF er á vettvangi í yfir 190 löndum og lögð er áhersla á að ná til allra barna. – **ibs**




**Notum bílastæðahúsin!**

Vitatorg, Traðarkot, Kolaport, Stjörnuport og Bergstaðir eru í stuttri göngufjarlægð frá TUK TUK skutlum.

# Meiri tími í Miðborginni okkar

## LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM

Jólin nálgast óðfluga og því er víða opið til klukkan 22 í verslunum miðborgarinnar – alla aðventuna. Bregðið undir ykkur betri fætinum og sinnið jólainnkaupunum í dásamlegu aðventuumhverfi.

Nóg pláss er fyrir þarfasta þjóninn og skutlur frá TukTuk verða á ferðinni frá Lækjargötu við Arnarhól og upp að Snorrabraut frá kl. 17 til 22 frá fimmtudegi til sunnudags. Kynnið ykkur afgreiðslutíma verslana nánar á midborgin.is.

**Við minnum á bílastæðahúsin við Vitatorg, Traðarkot, Kolaport, Stjörnuport og Bergstaði.**



### AFGREIÐSLUTÍMAR Í DESEMBER:

| | |
|---|---|
| 10. – 12. des. | 10:00 – 22:00 |
| 13. des. | 13:00 – 18:00* |
| 14. – 16. des. | 10:00 – 18:00* |
| 17. – 22. des. | 10:00 – 22:00 |
| 23. des. | 10:00 – 23:00 |
| 24. des. | 10:00 – 12:00 |

*Opið til kl. 22 í vaxandi fjölda verslana





P BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

VERIÐ, VERSLIÐ OG NJÓTIÐ ÞAR SEM AÐVENTUHJARTAÐ SLÆR.
— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

VIÐSKIPTI



Bílageymslur Volkswagen í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## VW dregur í land með fjölda svindlbíla

Volkswagen segir útblásturshneyksli sitt ná til mun færri bíla en fyrirtækið hafði áður talið. Þýski bílaframleiðandinn segist nú telja að kolefnisútblástur og eldsneytiseyðsla aðeins 36 þúsund Volkswagen-bíla hafi verið ranglega gefin upp en ekki 800 þúsund bíla líkt og fyrirtækið gaf út í síðasta mánuði.

Volkswagen hafði lagt til hliðar 2 milljarða evra, jafnvirði um 280 milljarða íslenskra króna, til að mæta kostnaði vegna málsins.

Fyrrgreindar bifreiðar tengjast þó ekki 11 milljónum bifreiða sem Volkswagen hafði þegar viðurkennt að í væri hugbúnaður sem tryggði að útblástur væri minni við prófanir en hefðbundinn akstur. Upp komst um svindlið í september og hefur það haft mikil áhrif á gengi Volkswagen.

Í kjölfar jákvæðari tíðinda af Volkswagen í gær hækkaði hlutabréfaverð í fyrirtækinu um 6 prósent en það hefur eigi að síður lækkað um 30 prósent á árinu. – **ih**

# Fækkun útibúa heldur áfram um

**Bankaútibúum mun fækka um 8 á þessu ári og um 43 prósent frá 2008. Heimsóknum til gjaldkera Landsbankans hefur fækkað um fjórðung á þremur árum. Allt niður í 20 heimsækja minnstu útibúin á viku.**

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Að óbreyttu mun bankaútibúum hér á landi fækka um 8 á þessu ári. Þá verða útibúin 87 en þau voru 152 árið 2008 og hefur því fækkað um 43 prósent. Á sama tíma hefur heimsóknum í heimabanka fjölgað hratt. Landsbankinn bendir á að yfir 80 prósent bankaviðskipta séu orðin rafræn og hlutfallið fari hækkandi.

Heimsóknir í netbanka Landsbankans hafa verið 11 sinnum fleiri en heimsóknir í útibú árið 2012 en á síðasta ári voru heimsóknirnar orðnar 20 sinnum fleiri.

Heimsóknum til gjaldkera hefur aftur á móti fækkað um fjórðung milli áranna 2012 og 2014. „Þetta vinnur saman, færri heimsóknir í útibú og fleiri heimsóknir í netbanka,“ segir Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs Landsbankans.

Hann bendir á að þróunin eigi sér stað þrátt fyrir mikla fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi.

Opnunartími margra útibúa hefur einnig verið styttur og starfsmönnum fækkað. Landsbankinn tilkynnti í nóvember að útibú bankans á Seyðisfirði yrði fært í húsakynni sýslumannsins, opnunartími yrði styttur og starfsmönnum yrði fækkað úr þremur í einn.

Helgi segir að heimsóknir í viku hverri í fámennustu byggðarlögum þar sem Landsbankinn rekur afgreiðslu hlaupi á nokkrum tugum. „ Kannski niður í tvo til þrjá tugi,“ segir Helgi.

Í sumum bæjarfélögum hafi þjónustuheimsóknir tekið við hlutverki útibúa sem helst sinni þörfum eldri viðskiptavina.

Helgi telur þó enn að útibú gegni mikilvægu hlutverki. „Það er ekki hægt að segja að útibúin séu dauð eða þau muni hverfa alveg.“ Viðskiptavinir vilji enn sækja ráðgjöf og upplýsingar í útibú þegar þeir þurfi að taka stórar ákvarðanir, til að mynda um að taka húsnæðislán.

> **Það er ekki hægt að segja að útibúin séu dauð eða þau muni hverfa alveg.**
>
> Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs Landsbankans



### Lokanir bankaútibúa árið 2015









# Bretar eyða fúlg auglýsingar fyrir

**Búist er við metári í jólaauglýsingum í Bretlandi. Áframhaldandi vexti er spáð. Mikil eftirspurn verður á auglýsingamarkaði í Bandaríkjunum á næsta ári vegna forsetakosninga.**

Bresk fyrirtæki munu verja 310 milljónum punda, jafnvirði 60 milljarða íslenskra króna, í sjónvarpsauglýsingar fyrir jólin í ár. Þetta er metár í jólaauglýsingum og hafa fyrirtæki ekki eytt jafn miklu í þær síðan árið 1998 samkvæmt frétt breska dagblaðsins The Guardian.

Talið er að svokallaður „svartur föstudagur“ og „stafrænn mánudagur“ í kringum þakkargjörðarhátíðina og hækkun á auglýsingaverði í sjónvarpi séu meðal annars orsök þessarar þróunar.

Auglýsingamarkaðurinn í bresku sjónvarpi mun samkvæmt spám vaxa um að minnsta kosti 8 prósent á þessu ári í tæplega fjóra milljarða breskra punda, jafnvirði 770 milljarða íslenskra króna. Þetta er mesti vöxtur í geiranum í tuttugu ár. Það sem ýtti undir vöxt á sjónvarpsauglýsingamarkaði í ár voru meðal annars íþróttaviðburðir eins og heimsmeistaramótið í rúgbí.

Sjónvarpsauglýsingamarkaðurinn tók dýfu árið 2009 þegar tekjur drógust saman um 14,1 prósent á árinu. Það var versta kreppa sem auglýsingamarkaðurinn hafði gengið í gegnum í Bretlandi. Hann hefur farið vaxandi síðan þá.

Spáð er áframhaldandi vexti á breska auglýsingamarkaðnum árið 2016. ZenithOptimedia spáir 9,7 prósenta vexti í geiranum og að heildartekjur muni nema 17,3 milljörðum punda, jafnvirði 2.200 milljarða íslenskra króna. Því er spáð að vöxtur á sjónvarpsauglýsingamarkaði muni dragast saman um 5 prósent en að heildartekjur

# land allt

25%

fækkun varð á heimsóknum til gjaldkera hjá Landsbankanum á árunum 2012 til 2014.




43%

fækkun hefur orðið á útibúum frá 2008.



Mikið hefur verið auglýst í Bretlandi að undanförnu, einkum í sjónvarpi.

NORDICPHOTOS/GETTY

# um fjár í jólin

muni hins vegar nema 4,1 milljarði punda, jafnvirði 500 milljarða íslenskra króna. Auglýsingar í dagblöðum munu einnig dragast saman um 6,3 prósent á árinu. Auglýsingar á netinu munu hins vegar aukast um 17,0 prósent og nema 9,4 milljörðum punda, jafnvirði 1.200 milljarða íslenskra króna, árið 2016.

Talið er að mikil aukning verði á alþjóðlegum auglýsingamarkaði á næsta ári í aðdraganda forsetakosninga í Bandaríkjunum, Ólympíuleikanna í Ríó og Evrópumeistaramótsins í fótbolta. Talið er að forsetakosningar muni auka auglýsingatekjur í Bandaríkjunum um 2,3 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 300 milljarða íslenskra króna, sérstaklega í formi sjónvarpsauglýsinga og netauglýsinga.

Þá munu Ólympíuleikarnir auka tekjur á alþjóðlegum auglýsingamarkaði um að minnsta kosti tvo milljarða Bandaríkjadala, eða um 250 milljarða króna.

saeunn@frettabladid.is

# Óbreyttir stýrivextir um sinn en bindiskylda lækkar

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gærmorgun að stýrivextir bankans yrðu áfram 5,75 prósent.

Seðlabankinn boðaði þó frekari vaxtahækkanir á næstu misserum í ljósi vaxandi innlends verðbólguþrýstings. Hve mikið og hve hratt stýrivextir yrðu hækkaðir ætti eftir að koma í ljós.

Orðalag peningastefnunefndarinnar vakti athygli greiningardeilda Arion banka og Íslandsbanka og töldu þær tón nefndarmanna hafa mildast. Það gæti bent til þess að stýrivaxtahækkanir á næstunni yrðu ekki eins skarpar og búist hafi verið við.

Þá var bindiskylda lækkuð í 2,5 prósent eftir að hafa verið hækkuð í 4 prósent í september. Markmið lækkunarinnar var að auðvelda bönkunum að mæta greiðslum stöðugleikaframlags sem útlit er fyrir að verði greiddar á næstu vikum. – ih



Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson seðlabankastjórar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# DESEMBERTILBOÐ

**30% AF ÖLLUM BORA-SÓFUM**

Bora-hornsófi
Nú **79.900** kr.
**SPARAÐU 40.000 kr.**



Bora-hornsófi

*Sófi með legubekk. Dökkgrátt áklæði. 233 x 151 cm. 119.900 kr. Nú 79.900 kr.*
*Einnig hægt að fá hornsófa 3 + 2. 313 x 248 cm. 189.900 kr. Nú 129.900 kr. Hnakkapúði seldur sér.*

**50% AF ÖLLUM CHARME-GLÖSUM**



Charme-glös

*Hvítvíns- eða rauðvínsglas. 495 kr. Nú 245 kr.*
*Kampavínsglas. 395 kr. Nú 195 kr.*

**25% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM**



Raie-rúmföt

***140x200/60x63 cm. Blátt. 8.995 kr. Nú 6.495 kr.***

**40% AF VÖLDUM SÆNGUM**



Dream-sæng

*Pólýester sæng. 135 x 200 cm. 7.995 kr.*
*Nú 4.795 kr.*

Pelikan-sexhyrndar vegghillur
Nú **2.495** kr.
**SPARAÐU 2.500 kr.**



Pelikan-vegghillur tvær í setti

*Sexhyrningar. 4.995 kr. Nú 2.495 kr.*
*Hús/ferningar. 3.995 kr. Nú 1.995 kr.*

**30% AF ÖLLUM BORA-SÓFUM**

Bora-hornsófi
Nú **139.900** kr.
**SPARAÐU 60.000 kr.**



Bora-hornsófi m/legubekk

*Hornsófi með legubekk. 295 x 200 cm. Hægri eða vinstri. 199.900 kr. Nú 139.900 kr.*

**30% AF ALLRI JÓLAVÖRU**

SIRIUS
SHINING MOMENTS



Siv-jólatré

***40 LED ljós. 46 cm.***
***9.995 kr. Nú 6.995 kr.***
***60 LED ljósum. 66 cm.***
***14.995 kr. Nú 9.995 kr.***



Neel-kertahús

*Svart eða hvítt kertahús. H 13 cm. 1.795 kr.*
*Nú 1.195 kr. H 19 cm. 3.995 kr. Nú 2.795 kr.*

SIRIUS
SHINING MOMENTS



Bolette-ljósasería

***Ljósasería með 20 ljósum. 6.995 kr. Nú 4.895 kr.***



Christmas-jólastjarna watt&VEKE

*Snöflinga. 64 cm. 12.995 kr. Nú 8.995 kr.*
*Perustæði seld sér. 5 m. 1.695 kr. Nú 1.095 kr. 3,5 m. 895 kr. Nú 595 kr.*



Accoster-jólasveinn

*Rauður eða grár. 100 cm. 7.995 kr. Nú 5.595 kr.*
*36 cm. 1.295 kr. Nú 895 kr. Rauður. 26 cm. 795 kr.*
*Nú 555 kr.*

Christmas-kertaglas
Nú **695** kr.
**SPARAÐU 300 kr.**



Christmas-kertaglas broste COPENHAGEN

*Hvítt kertaglas með gull- eða silfurlituðum trjám.*
*995 kr. Nú 695 kr.*



Christmas-kertastjaki

*Kertastjaki. 16 x 16 cm. 3.495 kr. Nú 2.395 kr.*

VEXTIR 0%

**BORGAÐU SMÁTT OG SMÁTT**
*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaða mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard Netgíró

# ILVA



**25%**
**AF VÖLDUM BORÐSTOFU-HÚSGÖGNUM**

Asta-borðstofustóll

*Stóll úr gúmmívið. Ýmsir litir. 14.900 kr.*
*Nú 10.900 kr.*



Noak-borðstofustóll

*Stóll með eikargrind og leðursessu. 19.900 kr.*
*Nú 14.900 kr.*




Christmas-gjafapoki

*Svartur. 24 x 12 x 38,5 cm. 595 kr. Nú 415 kr.*
*Hvítur. 50 x 18 x 80 cm. 1.495 kr. Nú 995 kr.*

Diamond-kerti
Nú **695** kr.
**SPARAÐU 300 kr.**




Diamond-kerti

*Svart, gull- eða silfurlitað kúlukerti. 7,3 x 6,7 cm.*
*995 kr. Nú 695 kr.*

**30%**
**AF ÖLLUM FATASKÁPUM**




## 1
### VELDU STÆRÐ



Komdu með málin á rýminu til okkar og við hjálpum þér að skipuleggja skápinn. Þú velur þá stærð sem þér hentar og lit.
Allir skáparnir okkar eru 220 cm á hæðina.




## 2
### VELDU ÚTLIT/ÁFERÐ

Veldu útlit sem þér finnst fallegast - viðar-, spegla- eða háglansáferð. Einnig hægt að velja milli mismunandi lita á grunnskápum.



## 3
### VELDU SKIPULAGIÐ

Ráðfærðu þig við sölumenn okkar og þeir leiðbeina þér með innra skipulag skápsins. Hér er sýnt aðeins brot af þeim lausnum sem við bjóðum uppá.




kaffi ILVA

**ALLA VIRKA DAGA TIL JÓLA FRÁ 12-15**

Gljáður hamborgarhryggur með brúnuðum kartöflum, grænum baunum, eplasalati og sósu.

1.495 kr.



## JÓLADAGATAL ILVA Á FACEBOOK
**WWW.FACEBOOK.COM/ILVAISLAND**

Á HVERJUM DEGI TIL JÓLA ÁTT ÞÚ MÖGULEIKA Á AÐ VINNA
**HEILDARVERÐMÆTI VINNINGA ER YFIR**
**600.000**




* gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði og vörum merktum "Everyday Low Price"

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
10. des. Fimmtudagur 11 - 18:30, 11. des. Föstudagur 11-20,
**Frá 12. des er opið til 22:00**
laugardag 10-22, sunnudag 12-22, mánudaga - föstudaga 11-22

shop online

# Konur eiga sig sjálfar



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Endurskoðun löggjafar um fóstureyðingar er í gangi í heilbrigðisráðuneytinu. Ákvæði laganna hafa staðið óbreytt í 40 ár. Þar er kveðið á um að fóstureyðing sé heimil undir ákveðnum kringumstæðum, þar á meðal þegar ætla má að tilkoma barns verði konunni of erfið vegna félagslegra aðstæðna. Einnig ef læknisfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, ætla megi að heilsu konu sé hætta búin eða ef hætta er á að barnið fæðist vanskapað. Þá er heimilt að eyða fóstri ef konu hefur verið nauðgað. Fréttablaðið greindi frá þessari endurskoðun á þriðjudag en heilbrigðisráðherra segir lögin barn síns tíma og fulla þörf á endurskoðun.

Nýlega birtist grein í Læknablaðinu þar sem gagnrýnt var að konur væru enn í þeirri formlegu stöðu að tveir aðilar þyrftu að samþykkja beiðni þeirra um þungunarrof, tveir læknar eða læknir og félagsfræðingur.

Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt lengi og hafa þær raddir orðið háværari með árunum. Þær Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir gáfu á árinu út bókina Rof – frásagnir kvenna af fóstureyðingum, þar sem birtast sögur 76 kvenna sem deildu reynslu sinni af fóstureyðingum. Í kynningu bókarinnar segir að fjörutíu árum eftir setningu laganna séu fóstureyðingar enn eitthvað sem vinkonur hvíslast á um í stað þess að rætt sé opinskátt um þessa reynslu sem um þriðjungur íslenskra kvenna á sameiginlega.

Í þættinum Ísland í dag á þriðjudag sagði María Lilja Þrastardóttir frá reynslu sinni af fóstureyðingu. Hún sagðist hafa upplifað niðurlægingu við það að þurfa þetta samþykki og spurningar sem lagðar voru fyrir hana voru óþægilegar og óviðeigandi. Í grein Læknablaðsins segir að þörf sé á endurmati laganna til að þau sjónarmið ráði för sem styðja nútímalegt sjálfræði kvenna. Heilbrigðisráðherra segir megináhersluna við endurskoðunina þá að konur hafi ákvörðunarvald yfir eigin málum. „Í mínum huga er þetta ákvörðun sem konan sjálf er best búin og fær um að taka og hún á að hafa ákvörðunarvaldið í þessu efni,“ segir Kristján Þór.

Þessi endurskoðun löggjafarinnar er nauðsynleg. Nú til dags eru fóstureyðingar kallaðar þungunarrof. Hugtakanotkuninni var breytt vegna þess hversu gildishlaðið orðið fóstureyðing er en þungunarrof lýsir því mun betur nákvæmlega um hvað ræðir.

Ákvörðun um að gangast undir þungunarrof er ávallt konunnar. Þó hún sé í mörgum tilfellum tekin í samráði við maka eða annan aðstandanda er það konan ein sem stendur fyrir ákvörðuninni. Þó alls ekki megi gera lítið úr ákvörðuninni um að binda enda á þungun, enda getur það reynst sumum konum erfitt, þá má heldur ekki gera of mikið úr henni. Það er engin skömm að hafa gengist undir þungunarrof. Það sem er til skammar er að konum, sem hafa upplifað slíkt, finnst þær ekki geta rætt um reynslu sína.

Konum verður að treysta fyrir sínum eigin líkama. Endurskoðun laganna er fagnaðarefni.

> **Það er engin skömm að hafa gengist undir þungunarrof. Það sem er til skammar er að konum, sem hafa upplifað slíkt, finnst þær ekki geta rætt um reynslu sína.**

HOLLAR OG HEILLANDI


Full af frábærum uppskriftum!
Berglind Sigmars
- Heilsuréttir fjölskyldunnar og GOTT, veitingastaður
BÓKAFÉLAGIÐ
bokafelagid.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**„Orðaður“ við framboð**

**Ólafur Ragnar Grímsson, eða orðunefnd í hans umboði, hefur ákveðið að svipta Sigurð Einarsson, fyrrverandi stjórnanda Kaupþings, Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu vegna aðildar hans að stórfelldu fjármálamisferli í aðdraganda bankahrunsins. Er þetta í fyrsta skipti sem einhver er sviptur þeim rétti að bera orðuna. Margir segja gjörðir forsetans aldrei háðar tilviljunum og hver einasta hreyfing sé reiknuð í þaula, líkt og stórmeistari hugsi fjölda leikja fram í tímann. Vilja einhverjir meina að nú sé virkilega hægt að „orða“ forsetann við framboð næsta sumar.**

**Samkvæmisleikur á þingi**

**Desembermánuður er mánuður karps á þingi um forgangsröðun fjármagns ríkisins. Það er þá sem stjórn og stjórnarandstaða bítast hvað harðast um hvar fé ríkisins sé best borgið. Hefst þá umræða sem allir vita hvernig þróast. Sitt sýnist hverjum um þennan samkvæmisleik sem er jafn fastur gestur á aðventunni og Kryddsíldin á gamlársdag. Einhvern veginn held ég nú að flestir séu farnir að loka eyrum sínum gagnvart þessu og biðja heldur um upplýsta og yfirvegaða umræðu um fjárlög hvers árs. Leikur að prósentum og súluritum getur orðið hvimleiður til lengdar.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Ekki lama RÚV



Björg Eva Erlendsdóttir



Friðrik Rafnsson



Mörður Árnason
stjórnarmenn í RÚV

Mikill meirihluti landsmanna telur Ríkisútvarpið hluta af tilveru sinni, menningarþátttöku, lýðræðisstarfi, sýn til umheimsins, og vill að þetta almannaútvarp fylgi okkur inn í framtíðina. Landsmenn vilja líka að til séu aðrar öflugar stöðvar og miðlar. Á fjölbreyttum fjölmiðlavettvangi á Ríkisútvarpið að vera í senn kjölfesta og leiðarvísir, stöð með ákveðnar skyldur við samfélagið en ekki bara hluthafa sína, stöð sem býr að sterkri hefð en er nógu öflug og framsækin til að geta fylgt hjartslætti nýrra tíma.

Það sem almannaútvarp Íslands þarf til að sinna hlutverki sínu er fjárhagslegur stöðugleiki og friður um grundvallargildin. Hingað til hefur gengið á ýmsu í fjármálunum en helstu samtök þjóðarinnar, pólitísk, fagleg og menningarleg, hafa staðið þétt á bak við það úrvalslið sem býr til Ríkisútvarpið á hverjum degi – útvarpið í 85 ár, sjónvarpið í næstum 50 ár.

Nú blása aðrir vindar. Í stjórnarflokkunum tveimur eru öfl sem telja rétt að draga úr starfi Ríkisútvarpsins og vilja það jafnvel feigt, nema þá sem smástöð fyrir sérvitringa. Ástæður eru að hluta hugmyndafræðilegar og að hluta virðast þær tengjast einhvers konar hefndarhug sem enginn botnar í. Þessi öfl hamast nú gegn frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra um að upphæð útvarpsgjaldsins verði áfram sú sama og verið hefur. Takist þeim að stöðva frumvarpið verður Ríkisútvarpið af verulegum tekjum, 4–500 milljónum króna. Engin ráð eru þá í sjónmáli önnur en harkalegur niðurskurður í launaútgjöldum, uppsagnir og stórskert dagskrá.

Rekstur almannaútvarps þolir ekki slíkt högg. Hættan er sú að smám saman yrði dagskrá sjónvarps og útvarps svo dapurleg að áhorfendum og áheyrendum fækkaði, tekjur af auglýsingum drægjust saman og almennur stuðningur minnkaði. Stöðin mundi smám saman lamast – hætta að skipta máli – án þess að aðrir hefðu vilja og bolmagn til að gera okkur öllum það gagn sem Ríkisútvarpið gerir á hverjum degi.

Við, stjórnarmenn í Ríkisútvarpinu, heitum á almenning að koma Ríkisútvarpinu til hjálpar og gera ráðherrum og þingmönnum ljóst að það má ekki lama almannaútvarpið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sökkvandi lönd

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Kiribati heitir eyjaklasi í miðju Kyrrahafi þar sem búa 100.000 manns. Landið er ekki nema 800 ferkílómetrar að flatarmáli svo að þéttleiki byggðar þar er meiri en í kraðakinu í Tókíó. Eyjarnar 32 dreifast yfir hafsvæði á stærð við Indland. Kiribati varð sjálfstætt ríki 1979, en hafði áður verið brezk nýlenda. Flestar eyjarnar eru á hæð við venjulegan strætisvagn. Hækkandi sjávarborð af völdum hlýnandi loftslags hefur keyrt fjölda heimila í kaf, spillt vatnsbólum og heilsu fólksins og fjárhag. Fólkið á sér enga undankomuleið nema úr landi.

**Fimm hættur**

Hlýnun loftslags er staðreynd. Erlendir jarðvísindamenn taka Sólheimajökul gjarnan sem dæmi um bráðnandi jökla. Síðustu 15-20 ár hefur jökulbrúnin færzt innar um allt að 50 metra á ári. Heimamenn þurfa með reglulegu millibili að færa bílastæðin handa ferðamönnum nær jöklinum.

Alþjóðabankinn telur hlýnun loftslags hafa fimm hættur í för með sér: Þurrka, flóð, storma, hækkandi sjávarborð og aukna óvissu í landbúnaði. Malaví, bláfátækt land með 16 milljónir íbúa í sunnanverðri Afríku, er í mestri hættu vegna þurrka, segir bankinn, en mörg önnur lönd eru einnig í mikilli hættu. Bangladess með 160 milljónir íbúa er í mestri hættu vegna flóða og einnig Kína og Indland þar sem þriðjungur íbúa heimsins býr. Filippseyjar með 102 milljónir íbúa eru í mestri hættu vegna storma og Súdan með sínar 40 milljónir íbúa vegna óvissu um afdrif landbúnaðar. Öllum lágvöxnum eylöndum eins og Kiribati stafar bráð hætta af hækkandi sjávarborði sem hótar að keyra þau í kaf. Alþjóðabankinn og Sameinuðu þjóðirnar hafa hjálpað til við að kortleggja vandann og lagt á ráðin um lausnir. Jafnvel Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) teygir sig út fyrir sinn venjulega verkahring og lætur málið til sín taka enda getur hlýnun loftslags, takist ekki að halda henni í skefjum, haft alvarlegar efnahagsafleiðingar fyrir aðildarlönd sjóðsins og kallað á hjálp þaðan.

**Hvað er til ráða?**

Vandinn snýst einkum um koltvísýring og aðrar lofttegundir sem draga til sín útfjólubláa geisla og læsa þannig hita inni í gufuhvolfinu og hækka með því móti hitastigið líkt og í gróðurhúsum. Þess vegna er hlýnun loftslags í daglegu tali kennd við gróðurhúsaáhrif. Til að stöðva þessa þróun eða snúa henni við þarf að draga úr losun koltvísýrings og annarra efna út í andrúmsloftið, einkum með því að draga úr olíunotkun og kolabrennslu og einnig gróðureyðingu þar eð gróður dregur í sig koltvísýring og dregur um leið úr losun hans út í andrúmsloftið. Þannig er hægt að þynna gashjúpinn sem hefur hækkað hitann á jörðu niðri.

Vandinn er kunnuglegur og lausnirnar líka. Hlýnun loftslags er eins og önnur umhverfismengun af manna völdum, m.a. ofveiði, og kallar á svipuð viðbrögð. Loftið sem við öndum að okkur er sameign. Menn sjá sér ekki að fyrra bragði hag í að halda loftinu hreinu og á réttu hitastigi þar eð þá munu aðrir ganga á lagið. Þess vegna þarf löggjöf og raunar samstarf á heimsvísu því að mengun og loftslag virða ekki landamæri.

Hægt er að setja lögboðið þak – kvóta! – á mengun til að halda henni í skefjum og úthluta kvótanum án endurgjalds. Hagkvæmara er þó og réttlátara að reyna að meta til fjár verðmætin sem í húfi eru og fara markaðsleið að settu marki með því að gera mönnum skylt að greiða fyrir hvort heldur veiðiréttinn eða réttinn til að blása koltvísýringi út í andrúmsloftið. Þetta er leiðin sem veiðigjaldsmenn hér heima hafa lagt fram til lausnar ofveiðivandanum á Íslandsmiðum í bráðum hálfa öld og kveðið er á um í nýju stjórnarskránni sem samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Þetta er einnig leiðin sem AGS og Alþjóðabankinn mæla með á loftslagsráðstefnunni í París sem lýkur á morgun. Sé þessi leið farin er hentugt að fella mengunargjöld inn í orkuverð líkt og ESB-lönd hafa lengi gert, en Bandaríkjamenn hafa hikað við að gera. Hugsunin er þessi: Þeir sem menga andrúmsloftið á kostnað annarra þurfa að bæta ráð sitt og bæta skaðann. Sumir sjá rautt og kjósa heldur að heilu löndin sökkvi í sæ, en vonandi fá þeir ekki að ráða för í þetta sinn.

> **Loftið sem við öndum að okkur er sameign. Menn sjá sér ekki að fyrra bragði hag í að halda loftinu hreinu og á réttu hitastigi þar eð þá munu aðrir ganga á lagið. Þess vegna þarf löggjöf og raunar samstarf á heimsvísu því að mengun og loftslag virða ekki landamæri.**








FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einnota ríkisstjórn



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Það er orðið lýðum ljóst að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs mun ekki sitja lengur en sem nemur kjörtímabilinu. Ástæðan er margþætt og það á við hér eins og segir í Geirmundarsögu Heljarskinns að: „Það renna margir orsakalækir að einum ósi örlaga.“ Rýnum nú í þau spjöld í sögu ríkisstjórnarinnar sem gera það að verkum að það er búið að skammta henni þá daga sem hún mun telja.

## Að svelta heilbrigðiskerfið er ekki bara ljótt heldur vond pólitík

Í málflutningi sínum fyrir síðustu alþingiskosningar gagnrýndu núverandi stjórnarflokkar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hola að innan heilbrigðiskerfið og hétu því að styðja það betur ef þeir kæmust á valdastóla. Þetta gladdi þá okkar sem eru nægilega vitgrannir til þess að hlusta á það sem stjórnmálamenn segja fyrir kosningar. Nú æxluðust mál þannig að afturendar hinna loforðaglöðu hafa vermt valdastóla í tvö og hálft ár en heilbrigðiskerfið er í engu minna rusli en áður og það horfir ekki til bóta nema síður sé.

Það uppkast að fjármálafrumvarpi ársins 2016 sem nú liggur fyrir Alþingi gerir ráð fyrir því að fjárframlög til Landspítalans verði óbreytt þótt það sé ljóst að það muni kosta fjórum milljörðum meira þá en nú að halda uppi sömu þjónustu og hefur verið veitt í ár. Það á sem sagt ekki einu sinni að halda í horfinu, hvað þá að gera betur.

Þetta er sama ríkisstjórnin og segist vilja reisa nýtt hús yfir Landspítalann fyrir hundrað milljarða króna og segir gjarnan, upp fyrir haus í sínum dæmigerða ruglingi, að hún vilji reisa nýjan Landspítala þótt spítalinn sé miklu meira og allt annað en hús þótt hann þurfi svo sannarlega á húsi að halda. Húsið er nefnilega ekki bara loforð sem verður erfitt að efna, það er líka skjól sem ríkisstjórnin felur sig á bak við þegar henni er bent á að það sé ýmislegt sem vanti upp á Landspítala.

Þegar maður er ríkisstjórn sem hefur lokkað að sér kjósendur með því að lofa því að bæta heilbrigðiskerfið þá endurreisir maður Landspítalann með því að sjá honum fyrir þeim tækjum sem nútíma læknisfræði kallar á og því fagfólki sem þarf til að hlúa að sjúkum og meiddum meðan maður safnar liði til þess að reisa nýtt hús. Það eru nefnilega margar leiðir aðrar en að reisa hús til þess að bæta heilbrigðiskerfið og spara með því þegar til langs tíma er horft.

**Ég vil láta fjárlaganefnd vita að ef hún breytir ekki frumvarpinu á þann veg að mun meira fari til Landspítalans munum við nokkrir félagar safna 100.000 undirskriftum undir plagg sem hvetur landsmenn til þess að kjósa aldrei aftur þá stjórnmálaflokka sem standa að þessari ríkisstjórn.**

Eftir alla þá umræðu sem hefur átt sér stað og þann einróma vilja sem fólkið í landinu hefur tjáð að Landspítalinn fái meira er sú ríkisstjórn dauðadæmd sem stendur bísperrt fyrir framan fólkið og segir Landspítalinn, ekki meir, ekki meir. Þetta er sama ríkisstjórnin og leggur til í uppkasti að fjárlögum að fjárframlög til kirkjunnar verði aukin.

Þegar ég benti lækni nokkrum vini mínum á hvað það væri skringilegt að þjóð sem ekki hefði efni á að sinna brýnum vandamálum heilbrigðiskerfisins yki útgjöld til einnar tegundar annarslífstrúar svaraði hann að kannski stafaði það af því að hæstvirtur fjármálaráðherra hafi raunverulegt innsæi inn í vandamál heilbrigðiskerfisins en í stað þess að leysa þau ætli hann að sjá til þess að þeir sem látist af þeirra völdum verði jarðsungnir með stæl og komi ekki til með að skorta góðar jarðarfarir.

Mér fannst þetta bara svona rétt mátulega fyndinn fimmaura brandari en engu fáránlegri en efni málsins, sem er aukið fé til kirkjunnar en raunverulega minna til Landsspítalans.

## Hvers konar áhættu er þessi ríkisstjórn reiðubúin að taka?

Þetta fjársvelti Landspítalans og heilbrigðiskerfisins í heild sinni er svartur blettur á íslenskri menningu. Fjárfesting okkar í heilbrigðiskerfinu er langt undir OECD meðaltali. Það er ekki bara ríkisstjórnum um að kenna heldur allri þjóðinni vegna þess að við kusum fólk til þess að stjórna landinu sem ákvað að svona ætti þetta að vera. Þetta á ekki bara við um núverandi ríkisstjórn því ástandið var jafnvel verra undir þeirri síðustu. Hvernig stendur á því að við sem þjóð sættum okkur við að hlúa svona illa að sjúkum og meiddum samborgurum okkar? Við þeirri spurningu veit ég ekkert annað svar en að það hlýtur að vera eitthvað mikið að höfuðskeljainnihaldinu okkar.

Hvaða úrræði hafa þá staðið stjórnvöldum til boða til þess að hysja heilbrigðiskerfið upp á ásættanlegan stað? Það er ekki of mælt að ætla að það þyrfti um það bil 150 milljarða króna til þess. Og hvaðan ættu þeir svo sem að koma? Í leit að svari við þeirri spurningu beinist athyglin að þrotabúum þeirra banka sem settu samfélagið á hliðina. Fyrr á árinu gáfu Sigmundur og Bjarni það í skyn að ríkið myndi sækja allt að 850 milljarða króna í þrotabúin en þegar upp er staðið virðist það ætla að verða um 300 milljarðar. Ekki hafa fengist haldgóðar skýringar á því hvers vegna þeir sætta sig við svo skarðan hlut en eitt er víst að 500 milljarðarnir sem á milli ber hefðu gert gott betur en að laga íslenskt heilbrigðiskerfi.

Það lítur helst út fyrir að nægjusemi flokksforingjanna tveggja eigi rætur sínar í því að þeir hafi ekki viljað taka þá áhættu að styggja aðra kröfuhafa í þrotabúin með því að taka meira. Það er dapurlegt að sitja uppi með kornunga leiðtoga sem ættu aldur síns vegna að vera hungraðir, kraftmiklir og hugrakkir en þora ekki að taka það sem við þurfum og eigum skilið. Það er eins og þeir geri sér ekki grein fyrir því að það er miklu meiri áhætta tekin með því sækja ekki nægilegt fé í þá einu sjóði sem eru okkur aðgengilegir til þess að bylta íslensku heilbrigðiskerfi inn í nútímann. En þeir eru sem sagt reiðubúnari til þess að taka þá áhættu sem felst í því að láta þjóðina búa við stórgallað heilbrigðiskerfi og úrelt.

Og Sigmundur og Bjarni standa hoknir í hnjánum fyrir framan kröfuhafana sem eru fulltrúar hins erlenda auðvalds, og eru hreyknir yfir því að þeir kvörtuðu ekki undan dílnum sem þeir fengu og virðast ekki gera sér grein fyrir því að það voru ekki bara kröfuhafarnir sem glötuðu allri virðingu fyrir þeim þegar buxurnar þeirra fóru að blotna heldur hið alþjóðlega samfélag allt og ekki síst íslensk þjóð.

## Að kunna ekki að skammast sín

Það var formaður fjárlaganefndar sem lét hafa það eftir sér um daginn að Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, hefði beitt nefndina andlegu ofbeldi þegar hann reyndi að útskýra fyrir henni fjárþörf spítalans. Þar gætti svolítils misskilnings af hennar hálfu því þótt það hafi brunnið á hörundi nefndarmanna að heyra lýst þeirri þörf sjúklinga sem þeir ætluðu ekki að mæta þá er ekki um ofbeldi að ræða af Páls hálfu heldur lýsingu á raunveruleika. Það má hins vegar deila um það hvað væri viðeigandi nafn á þann gjörning nefndarinnar sem fólst í því að daufheyrast við baráttu Páls fyrir því að spítalinn fengi í það minnsta að halda í horfinu.

Í stað þess að skammast sín ákvað formaðurinn að veitast að Páli og kalla hófstillta baráttu hans fyrir hagsmunum þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi andlegt ofbeldi. Nefndin virðist gleyma því að Páll er ekki að tala um göt í gegnum fjöll eða sendiráð í Tókíó heldur sjúkdóma fólksins í landinu, sársauka, kvíða, angist og líf og dauða og síðan sjúkdóma, sársauka, kvíða, angist og líf og dauða foreldra og barna fólksins. Og nefndin daufheyrist við því af botnlausum hroka og grimmd.

Við þetta verður ekki búið af því að í þessu landi býr gott fólk sem þykir vænt hverju um annað þótt á því finnist kannski einstaka undantekningar í ríkisstjórnum og þinginu. Þess vegna vil ég láta fjárlaganefnd vita að ef hún breytir ekki frumvarpinu á þann veg að mun meira fari til Landspítalans munum við nokkrir félagar safna 100.000 undirskriftum undir plagg sem hvetur landsmenn til þess að kjósa aldrei aftur þá stjórnmálaflokka sem standa að þessari ríkisstjórn vegna þess kulda og afskiptaleysis sem hún sýnir sjúkum og meiddum í okkar samfélagi. Söfnunin verður létt verk og löðurmannlegt. Þjóðinni ofbýður.

## Eitt slíkt dæmi

Gáttaflökt er algengast þeirra hjartsláttaróreglna sem koma þolendum í hendur heilbrigðiskerfisins. Um það bil 25% Íslendinga fá kast af gáttaflökti einhvern tíma á ævinni og þar af fær stór hundraðshluti endurtekin köst eða óreglan verður viðvarandi. Einn af fylgifiskum gáttaflökts er heilablóðfall og er gáttaflöktið ábyrgt fyrir í það minnsta 30% þeirra. Þess vegna eru þolendur settir á blóðþynningu til þess að fyrirbyggja heilablóðföll og þegar þeir fá kast eru þeir svæfðir og þeim veitt rafstuð til þess að reyna að koma þeim í réttan takt, sem er kallaður sínus og það veit sá einn sem í flökti hefur lent hvað sínusinn er mikil blessun.

Nýverið hafa læknar á Landspítalanum, undir forystu Sigfúsar Gissurarsonar sem er ungur snillingur, farið að gera flókna brennsluaðgerð til þess að fyrirbyggja köst hjá þeim sem hafa fengið þau. Hann segir mér að á landi hér sé þörf á um það bil 150 slíkum aðgerðum á ári, en hann fær ekki leyfi til þess að gera nema 60. Það er sem sagt biðlisti fyrir þessar brennsluaðgerðir sem lengist um eitthvað minna en 90 á ári vegna þess að einhverjir á listanum deyja af sjúkdómnum eða öðru.

Hver aðgerð kostar um 700.000 krónur þannig að hann fær 42 milljónir á ári en þyrfti 105 milljónir til þess að sinna þörfinni. Afleiðingin af þessum 63 milljóna króna sparnaði er kostnaður sem er vafalítið margföld sú upphæð í lyfjum þeirra sem ekki þyrftu þau eftir aðgerð og í kostnaði við rafvendingarnar, að maður tali nú ekki um ávinninginn af vellíðan og starfsgetu þeirra sem eru allt í einu komnir í viðvarandi sínus.

Sú staðreynd að ákvörðunin um að það megi ekki gera nema 60 brennsluaðgerðir á ári var tekin af skriffinni einhvers staðar í stofnun sem heitir Sjúkratryggingar Íslands breytir ekki því að það er á ábyrgð kjörinna fulltrúa fólksins í landinu að framselja valdið til þess að taka svona ákvarðanir. Þetta er ákvörðun sem endanlega kostar þjóð stórfé og einstaklinga þjáningu og jafnvel varanlega fötlun eða lífið. Það væri sjálfsögð betrumbót á heilbrigðiskerfinu að leyfa Sigfúsi að mæta þörfinni fyrir brennsluaðgerðir að fullu þótt henni fylgi skammtímakostnaður.

# ALLT Í HAKKI!

*Frábært tilboð á ungnautahakki í Iceland*




**Vaxtalaus jólareikningur Netgíró***
**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

# Róttækni og kjarkur í loftslagsmálum



**Svandís Svavarsdóttir**
þingmaður Vinstri grænna

Þjóðir heims standa nú frammi fyrir einu stærsta verkefni sögunnar á stórum fundi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í París þessa dagana. Til þess að stemma stigu við aukinni losun gróðurhúsalofttegunda og draga úr henni svo um munar þarf stórtækar aðgerðir í öllum geirum samfélagsins í öllum samfélögum. Líka á Íslandi.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum ógna lífi á jörðinni. Gríðarlegar breytingar á veðri, hitastigi og yfirborði sjávar munu hafa mikil áhrif á daglegt líf einstaklinga, samfélaga og heilu þjóðanna. Óveður, stórflóð og uppskerubrestir eru orðin daglegt brauð í fréttum víða um heim. Minna hefur farið fyrir umræðunni um fækkun tegundanna sem stendur í beinum tengslum við loftslagsbreytingar. Maðurinn, sem er partur af vistkerfi jarðar, verður fyrir áhrifum af slíkum breytingum eins og allt annað líf á jörðinni. Náttúran getur nefnilega verið án mannsins en maðurinn ekki án náttúrunnar.

### Aðeins ein jörð

Hið opinbera markmið er að hlýnunin verði ekki meira en tvær gráður á selsíus en samt verður um að ræða gríðarlegar breytingar af því tagi sem áður er nefnt. Líkurnar á því að takist að ná þessum markmiðum minnka hins vegar með ári hverju. Ef hlýnunin verður meiri verður vandinn stærri og skaðinn á jörðinni óafturkræfur. Við eigum ekki aðra jörð og framtíð hennar er í húfi.

Stærsti vandi mannkyns er græðgisvæðingin, kapítalisminn og ágeng nýting náttúruauðlinda. Trúin á að hagvöxtur sé allra meina bót sama hvaðan hann kemur er villuljós sem er ein helsta ástæðan fyrir stöðu mála í þessum stóru og aðkallandi verkefnum. Viðfangsefni aldarinnar er að tryggja jöfnuð, frið og velsæld í heiminum án ágengs vaxtar og yfirgangs á fólk og náttúru. Til þess þarf nýja og betri mælikvarða en hagvöxt eða þjóðarframleiðslu og meiri áherslu á raunveruleg og varanleg lífsgæði í sátt við náttúru og umhverfi.

### Alvöru markmið

En hvað getur Ísland gert? Náttúruverndarsamtök Íslands lögðu fram þrjár kröfur á dögunum að því er varðar framlag Íslands til loftslagsumræðunnar. Í fyrsta lagi að Ísland leggi fram sjálfstætt markmið um að draga úr losun um 40% fyrir 2030, í öðru lagi að stefna að kolefnishlutlausu Íslandi 2050 og loks að hverfa frá öllum áformum um olíuvinnslu á Íslandsmiðum. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur tekið undir öll þessi markmið og sér þess stað bæði í ályktunum landsfundar nú í haust og í sérstökum þingmálum sem endurspegla stefnuna. Umhverfisráðherrann hefur verið spurður um afstöðu ríkisstjórnar Íslands í þessum málum og er skemmst frá því að segja að hún gat ekki tekið undir nein þessara markmiða.

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram sóknaráætlun í loftslagsmálum sem er listi yfir 16 verkefni. Áætlunin er ótímasett, án mælanlegra markmiða, samansafn af kunnuglegum verkefnum en engin heildarsýn. Svo virðist sem ekki liggi fyrir hvernig standi til að fylgja áætluninni eftir, meta framgang hennar eða hvernig hún spilar saman við aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sem þegar liggur fyrir samkvæmt lögum frá 2010.

**Það þarf meira en verkefnalista og góðar óskir í loftslagsmálum. Það þarf að tala skýrt, hafa metnaðarfull markmið og leggja fé og krafta til rannsókna og þróunar í þágu loftslagsvænni tækni og atvinnustarfsemi.**

Það þarf meira en verkefnalista og góðar óskir í loftslagsmálum. Það þarf að tala skýrt, hafa metnaðarfull markmið og leggja fé og krafta til rannsókna og þróunar í þágu loftslagsvænni tækni og atvinnustarfsemi. Það þarf stórhug í loftslagsmálum, róttækni og kjark. Við svo stórt verkefni dugar ekkert minna.

# 300 kr./lítrinn



**Sigurður Ingi Friðleifsson**
framkvæmdastjóri Orkuseturs

Hér er pæling. Hvað myndi gerast ef olíulítrinn færi í þrjú hundruð krónur? „Galið!“ myndu flestir hrópa og spyrja, „hvað með útgjöld heimilanna? Hvað með verðbólguþrýstinginn? Hvað með kjarasamningana? Hvað með stöðugleikann?!“ Pælingin snýst þó ekki um hækkandi heimsmarkaðsverð á olíu eða auknar tekjur Rússa, Norðmanna og OPEC. Nei, þetta snýst um hærra kolefnisgjald á eldsneyti, þ.e.a.s innlenda skatttekju. Þessi pæling snýst ekki einu sinni um að auka tekjur ríkissjóðs, heldur um hækkun kolefnisgjalds í kjölfar LÆKKUNAR á öðrum sköttum. Það er nefnilega alveg hægt að hækka kolefnisgjald án þess að allt fari um koll og veski heimilanna tæmist.

Olía er öflugur skattgreiðandi sem teygir sig um allt þjóðfélagið bæði í samgöngum og vöruflutningum. Auðvelt væri að lækka t.d. virðisaukaskatt, tryggingagjald og/eða tekjuskatt til að eyða út áhrifunum á heimili, fyrirtæki og verðbólgu. Við erum meira að segja nýbúin að ganga í gegnum umfangsmikla skattabreytingu á virðisaukaskattþrepum í vegasalti, þ.e. annað þrepið upp og hitt niður, þar sem reiknuð heildaráhrif á meðalheimilin voru í plús eða versta falli á núlli. Það er sem sagt hægt að hækka kolefnisgjald um 100 krónur án þess að setja allt á hliðina. Kolefnisskatturinn myndi gefa tugi milljarða á ári og lækka þyrfti aðra skatta í samræmi við það.

### En hvað myndi gerast?

Verð á olíulítra eru einmitt laun fyrir sparaðan lítra, þ.e.a.s. afgerandi launahækkun verður í boði fyrir allar aðgerðir sem draga úr olíunotkun. Rafmagns-, metan- og eyðslunettum bílum myndi snarfjölga og hjólreiðar, almenningssamgöngur, samakstur og vistakstur tækju rækilegan kipp með tilheyrandi samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Innlend framleiðsla á umhverfisvænna eldsneyti eins og nú þegar er hafin t.d. hjá Carbon Recycling og Orkey myndi einnig eflast til muna.

Þjóðarleiðtogar og aðrir stjórnmálamenn tala digurbarkalega um bráða nauðsyn aðgerða í loftslagsmálum en átta sig oft illa á því að hikstið er ekki tæknivandamál heldur innleiðingarvandi. Árið 1990 var Kyoto-samningurinn innleiddur en síðan þá hafa margar lausnir í orkumálum eins og vindorka, sólarorka, LED-perur, rafbílar o.fl. þroskast úr hálfgerðum tilraunaverkefnum í hreinar markaðslausnir. Eina vandamálið er að lausnirnar eru örlítið dýrari en hin hefðbundna jarðefnaeldsneytislausn. En því ekki að brúa bilið með kolefnisgjaldi? Já, það er að segja ef menn hafa yfirleitt einhvern áhuga á því að grípa til aðgerða?

**Stórfelld hækkun kolefnisgjalds samhliða samsvarandi lækkun almennra skatta myndi skila verulegum árangri í orku- og loftslagsmálum landsins, án þess að ógna stöðugleika.**

En alvöru kolefnisgjald gæfi líka ýmsa möguleika í hagstjórninni fyrir sniðuga ráðamenn. Skattlagning ferðamanna hefur t.d. vafist fyrir fólki og ef vilji er til að auka tekjurnar í þeim geira þá myndi hærra kolefnisgjald klárlega skapa meiri tekjur af ferðamönnum. Einnig mætti nota kolefnisgjaldið til að jafna olíuverð á móti rokkandi heimsmarkaðsverði, þ.e. lækka það þegar heimsmarkaðsverð rýkur upp og öfugt, og skapa þannig meiri stöðugleika.

Stórfelld hækkun kolefnisgjalds samhliða samsvarandi lækkun almennra skatta myndi skila verulegum árangri í orku- og loftslagsmálum landsins, án þess að ógna stöðugleika. Notkun jarðefnaeldsneytis myndi snarminnka með tilheyrandi efnahagsbata, gjaldeyrissparnaði og minni mengun. Tími alvöru aðgerða og stærri skrefa er kominn og þá er spurningin einungis þessi: Þora ráðamenn að skipta út yfirlýsingum fyrir aðgerðir?

# Börn og íslenskt táknmál





**Heiðdís Dögg Eiríksdóttir**
formaður Félags heyrnarlausra og hjúkrunarfræðingur

**Hjördís Anna Haraldsdóttir**
stjórnarmaður í Félagi heyrnarlausra og grunnskólakennari

Aðgengi heyrnarlausra og heyrnarskertra barna að málsamfélagi íslenska táknmálsins er samofið möguleika þeirra til þroska, menntunar og lífsgæða. Lagaleg staða íslenska táknmálsins sem og réttur til menntunar í íslensku táknmáli og að íslensku táknmáli hefur styrkst á undanförnum árum. Þó virðist sem á skorti í framkvæmd laganna og skilning á í hverju máluppeldi heyrnarlausra/heyrnarskertra barna, daufblindra barna og barna döff foreldra felst. Sérstaklega hvað varðar mikilvægi félagslegra samskipta í málsamfélagi íslenska táknmálsins.

Málnefnd um íslenskt táknmál hefur í árlegum skýrslum sínum vakið athygli á máluppeldi heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Fram hefur komið að nefndin hafi rökstuddan grun um að víða sé pottur brotinn í frummótun um málumhverfi og máluppeldi heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Bendir nefndin á að börnin hafi ekki aðgang að íslensku táknmálssamfélagi og málið sé ekki kennslumál á sama hátt og íslenska. Þessi afstaða til málanna valdi því að börnin hafa ekki aðgang að virku tvítyngi.

Einnig hefur nefndin fjallað um stöðu íslenska táknmálsins innan grunnskólans og bendir á að mörg heyrnarskert, heyrnarlaus börn komist aldrei í snertingu við ÍTM, hvorki heima fyrir né í skólanum.

Á okkar grunnskólagöngu var skólalóðin í okkar huga Táknmálsland. Á skólalóðinni var íslenska táknmálið sjálfsagt mál og þar hitti maður fólk á öllum aldri. Allri þekkingu var safnað saman á þennan stað og íslenska táknmálsumhverfið blómstraði. Við kynntumst eldri kynslóðum nógu vel til að þekkja þær seinna og við ólumst upp með yngri kynslóðinni.

### Eignuðumst menningarlega samsemd

Við fengum málsamfélag íslensks táknmáls, málfyrirmyndir, tungumál og skilning á tilveru okkar. Þar eignuðumst við menningarlega samsemd í eigin menningu og lærðum að takast á við líf okkar sem heyrnarlausir einstaklingar í heyrandi menningarheimi. Íslenska táknmálið lagði grunn að menntun okkar og þeim lífsgæðum sem við njótum í dag.

Öllum börnum sem greinast heyrnarlaus eða alvarlega heyrnarskert ætti að standa til boða að læra íslenskt táknmál og fá að ganga í skóla, sem býður upp á ríkulegt málumhverfi á táknmáli. Með því að gefa þeim kost á að læra íslenskt táknmál og tryggja þeim nægan aðgang að frjóu og jákvæðu málsamfélagi stuðlum við að tvítyngdu máluppeldi þeirra, íslensku táknmáli og íslensku, félagsmótun og menningarlegri samsemd.

En til þess að svo megi verða þarf að vera lifandi og aðgengilegt táknmálsumhverfi í leik- og grunnskólum. Við vitum af eigin raun hve mikilvægt táknmálsumhverfið er fyrir þroska einstaklingsins s.s. félagsfærni og rökhugsun.

**Á vettvangi Félags heyrnarlausra leitum við allra mögulegra leiða til að tryggja heyrnarlausum/heyrnarskertum börnum jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu á grundvelli íslensks táknmáls.**

Á vettvangi Félags heyrnarlausra leitum við allra mögulegra leiða til að tryggja heyrnarlausum/heyrnarskertum börnum jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu á grundvelli íslensks táknmáls. Við lítum á það sem samfélagsábyrgð okkar að tryggja að börnin hafi aðgang að táknmálsumhverfinu og málfyrirmyndum. Það gerum við með því að veita stjórnvöldum aðhald en einnig með því að halda uppi félagsstarfi fyrir börnin og fjölskyldur þeirra til að auka aðgengi þeirra að táknmálssamfélaginu.

Ef þú ert foreldri barns með skerta heyrn hvetjum við þig til að gefa barninu þínu möguleika á að læra íslenskt táknmál og stuðla að því að það nái virku tvítyngi. Foreldrum og aðstandendum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna stendur til boða ráðgjöf og ókeypis námskeið í íslensku táknmáli hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra.




SAGA HALLGRÍMS-KIRKJU

Frásögn af samstöðu og stórhug í litríkri byggingarsögu Hallgrímskirkju, þróttmiklu safnaðarstarfi og einstöku listalífi.

ÚTGEFANDI: HALLGRÍMSKIRKJA Í REYKJAVÍK DREIFING: HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG


the PIER
HAAG TUNGUSÓFI
áður 199.900,- NÚ 159.920,-
Stærð: 325x143x210 cm.
Vertu vinur okkar á Facebook
Gildir 10.–16. DESEMBER
AFSLÁTTUR 20% 20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
AF HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
LEGUBEKKUR
áður 99.900,- NÚ 79.920,-
Stærð: 74x157xH81 cm.
LUKTIR
FRÁ 4.792,- m/afslætti
ADELINE NÁTTBORÐ
áður 39.900,- NÚ 31.920,-
MOSELLE NÁTTBORÐ
áður 19.990,-
NÚ 15.992,-
SOVANA NÁTTBORÐ
áður 32.900,- NÚ 26.320,-
30% AFSLÁTTUR
AF JÓLAVÖRU
AFSLÁTTUR 30% 30% AFSLÁTTUR
Bread
BRAUÐKASSI
áður 9.990,- NÚ 7.992,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is
ANTON&BERGUR




| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 |
|---|---|---|---|---|---|---|



Tefal 25 ÁR HJÁ ORMSSON
Tefal Pottar og pönnur fagmannsins
BRAUN
Veggklukkur, vekjaraklukkur og ferðavekjarar í nokkru úrvali á fínu verði.
Verð frá kr. 3.590,-
brabantia
TouchBin
Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.
BRAUN
BRAUN Háreyðingartæki
Silk-épil5 Legs&Body
kr. 14.990,-
ORMSSON
Jóla dagar
AEG
Expresso-kaffivél, hálfsjálfvirk. Einfaldur og tvöfaldur skammtari. Frábært verð:
kr. 14.900,-
BRAUN
SmartControl Sport 197s Rakvél
kr. 12.900,-
Allinox
Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.
Gæðavörur sem gleðja og gagnast
brabantia
Sterk eldhúsáhöld
Ostaskeri, hvítlaukspressa, pizzuhnífur, þeytari eða dósaopnari, allt á sínum stað í eldhúsinu.
AEG
Favola kaffivélin frá AEG á sér marga aðdáendur enda er Lavazza kaffi í hylkjunum.
kr. 29.900,-
bodum
Gæða pressukönnur sem prýði er að, í góðu úrvali.
Verð frá kr. 5.900,-
bodum
Saltið og piparinn saman í einum stauk. Það fer bara eftir því í hvora áttina þú snýrð. Til í ýmsum litum.
kr. 7.900,-
Opnunartími um helgina:
Laugardagur kl. 11-18
Sunnudagur 13-17
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
NIVONA
Afkastamiklar og endingagóðar kaffivélar til heimilisnota.
Jólatilboð
kr. 69.900,-
BRAUN
Oral-B
Braun - OralB Disney rafmagnstannbursti db4.510 Kr. 2.290,-
Braun - OralB rafmagnstannbursti db4.010 Kr. 1.990,-
M
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# Rétt fyrstu viðbrögð í tilefni ætlaðs kynferðisbrots gegn barni



Valgerður Sólnes
lögfræðingur

Þegar dómari í sakamáli dæmir um sekt eða sakleysi þarf hann meðal annars að leggja mat á þau sönnunargögn sem liggja fyrir í málinu.

**Sönnunargögn í sakamáli**

Mikilvægustu sönnunargögnin í málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum eru frásagnir gerandans, barnsins og annarra vitna. Hlutverk dómara er meðal annars að meta hvort framburðurinn sé trúverðugur eða ekki og hvort hann hafi þýðingu fyrir úrslit máls. Hefur framburður brotaþola verið stöðugur? Er framburðurinn í samræmi við fyrri framburð? Hvernig horfir hann við framburði ákærða og vitna og öðrum sönnunargögnum? Þetta er meðal spurninga sem dómari þarf að leita svara við.

Aðstaðan getur verið erfið, því í kynferðisbrotamálum eru það oft einungis tveir einstaklingar, gerandi og þolandi, sem geta sagt frá málsatvikum af eigin raun. Þetta er enn vandasamara þegar barn á í hlut.

Börn sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti segja oft einstaklingi, sem þau bera traust til, frá atvikinu. Þetta getur verið ættingi, vinur eða faglærður einstaklingur úr nærumhverfinu, til dæmis kennari, sálfræðingur eða starfsmaður félagsþjónustu sveitarfélaga. Á þessum einstaklingum hvílir skylda til að gera barnaverndarnefnd viðvart hafi þeir ástæðu til að ætla að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Erfitt getur verið að meta hvenær aðstæður eru með þeim hætti að tilkynna skuli barnaverndarnefnd um þær. Ríkir hagsmunir standa þó til þess að tilkynna allar grunsemdir um hættu á að barn verði beitt kynferðislegu ofbeldi, grun um að slíkt ofbeldi eigi sér stað og grun um að það hafi þegar átt sér stað, óháð því hver er gerandi og hversu alvarlegt ofbeldi hafi átt sér stað. Tilkynnandi þarf ekki að hafa nákvæmar upplýsingar um brot en hann þarf að átta sig

**Það hvað barn sagði um kynferðisbrot á fyrri stigum, áður en máli var komið í réttar hendur, getur haft áhrif við mat á hvort dómari getur lagt trúnað á frásögn þess og annarra vitna fyrir dómi – og þar af leiðandi hvort dómarinn geti notað framburðinn við úrlausn máls.**

á því í hverju hann telur hættuna fyrir barnið vera fólgna.

**Enginn má yfirheyra barn nema barnaverndarnefnd og lögregla**

Í framkvæmd hefur sú staða oft komið upp að tilkynnandi tilkynnir brot ekki strax til barnaverndarnefndar, heldur rannsakar málið nánar sjálfur, til dæmis með því að ræða við barn og þá jafnvel að viðstöddum aðstandanda eða öðrum brotaþolum, hafi þeir verið fleiri en einn. Slíkt getur verið skaðlegt fyrir úrlausn málsins því þarna skapast hætta á að tilkynnandinn fari út fyrir sitt verksvið án þess að hafa til þess nauðsynlega þekkingu.

Afar brýnt er að tilkynnandi vísi máli rakleiðis til barnaverndarnefndar eða jafnvel lögreglu, ef hann hefur ástæðu til að ætla að brot sé mjög alvarlegt, en reyni ekki að grennslast frekar fyrir um atburðina sjálfur. Barnaverndarnefnd, og eftir atvikum lögregla, tekur síðan skýrslur af barninu samkvæmt þeim vinnubrögðum sem tíðkast við skýrslutökur af svo ungum brotaþolum, til dæmis með aðkomu Barnahúss.

**Af hverju skipta rétt viðbrögð máli?**

Vandasamt er að yfirheyra börn og lítið má út af bera til að rýra trúverðugleika þeirra. Það hvað barn sagði um kynferðisbrot á fyrri stigum, áður en máli var komið í réttar hendur, getur haft áhrif við mat á hvort dómari getur lagt trúnað á frásögn þess og annarra vitna fyrir dómi – og þar af leiðandi hvort dómarinn geti notað framburðinn við úrlausn máls. Rétt viðbrögð skipta því sköpum svo dómari geti leitt málsatvik í ljós og dæmt um sekt eða sakleysi.





Mikael með magnaða bók
★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Stundin
2 BÓKSÖLULISTINN Ævisögur 01.11.-22.11.2015
3. Sæti METSÖLULISTI EYMUNDSSON Vikan 28.10–3.11.
sögur útgáfa


# Jákvætt skref í okkar samfélagi



Eymundur Eymundsson
ráðgjafi og meðlimur í Grófinni

Manneskjan er í alls konar litum og gerðum en stundum þurfum við aðstoð og þá getur verið gott að vita hvert hægt er að leita. Á Akureyri var lögð niður dagdeild geðdeildar þegar hrunið kom vegna sparnaðar en við vitum að vandamál hverfa ekki og fólk þarf hjálp og þess vegna var Grófin geðverndarmiðstöð stofnuð hinn 10. október 2013.

Óhætt er að segja að þörfin var og er mikil þar sem daglega mæta 20 til 25 manns sem segir sitt eftir tveggja ára starf að eitthvað er að virka sem fær fólkið til að koma og takast á við sjálft sig með öðrum á jafningjagrunni. Við fengum hvatningarverðlaun frá forvarna- og fræðslusjóðnum „Þú getur“ fyrir framúrskarandi forvarnar- og fræðslustarf sem vakið hefur athygli og hjálpað mörgum að stíga skrefið í átt að bættum lífsgæðum. Um leið var fjórum einstaklingum úr Grófinni sem eru í háskólanámi veittir námsstyrkir sem er ómetanlegt og gefur öðrum um leið von um að margt sé hægt með góðum stuðningi.

**Hugarafl og Grófin geðverndarmiðstöð**

Ég fór suður haustið 2009 í Ráðgjafarskóla og var búinn að lesa mér til um Hugarafl og fannst þessi hugmyndafræði um valdeflingu og batamódelið spennandi en á leiðinni þangað hugsaði ég „nei, ég er ekki svona geðveikur“, var með ranghugmyndir og fordóma gagnvart öðrum og þekki það þegar aðrir hugsa það sama sem getur hindrað fólk í að leita sér aðstoðar.

Ég tók skrefið í Hugarafl og sneri ekki heim fyrr en þremur árum seinna, ég sé ekki eftir þeirri vinnu í sjálfum mér og sá marga einstaklinga ná góðum bata ef ekki fullum bata af sínum geðröskunum en fyrst og fremst öðlast bætt lífsgæði sem við öll þráum og ef þú ert að hugsa það sama og ég gerði gefðu þessu tíma og tækifæri. Ég var á miklum lyfjum en er á litlu í dag með því að nýta mér m.a. Hugarafl. Hugsanlega verð ég lyfjalaus einhvern tímann en það er ekki markmið í sjálfu sér.

Sama má segja að hjá okkur í Grófinni hafa menn getað minnkað við sig lyf eftir að hafa tekið skrefið og nýtt sér hjálpina með að hafa sinn lækni með í ráðum. Grófin geðverndarmiðstöð vinnur eftir hugmyndafræði Hugarafls sem er valdefling og batamódel sem felur m.a. í sér að ná tökum á eigin lífi með því að efla sjálfan sig með öðrum notendum og fagmönnum á jafningjagrunni.

**Grófin geðverndarmiðstöð vinnur eftir hugmyndafræði Hugarafls sem er valdefling og batamódel sem felur m.a. í sér að ná tökum á eigin lífi með því að efla sjálfan sig með öðrum notendum og fagmönnum á jafningjagrunni.**

**Heitt á könnunni**

Ef þú ert að einangra þig, ert með grímu til að fela þína vanlíðan og finnst allt vonlaust og sérð ekki tilgang með þessu lífi þá sakar ekki að koma við og kynna sér starfsemina. Geðraskanir fara nefnilega ekki í manngreinarálit frekar en önnur áföll sem fólk verður fyrir í lífinu en að fá sér kaffi og spjalla kostar ekkert og hver veit nema að það gæti hjálpað. Maður veit víst ekki nema maður gefi sér tækifæri og tíma og miðað við fjöldann sem kemur til okkar gæti verið að þetta hentaði þér. Grófin er staðsett í Hafnarstræti 95., 4. hæð, fyrir ofan Apótekarann í göngugötunni á Akureyri.

# Heilbrigð trú!



Gunnar Jóhannesson
fv. sóknarprestur

Trúmálaumræðan er fjörleg í dag, en misjafnlega málefnaleg eins og gengur. Í nýlegu innleggi, „Á traustum grunni vísindalegra staðreynda“ (Fréttabl., 6.11.15), er ýjað að því að trúað fólk „afsali sér heilbrigðri skynsemi og rökhyggju en leggi í blindni trúnað á ýmiss konar kraftaverkasögur“. Sú staðhæfing, sem ekki er vísindalegs eðlis, gefur tilefni til að minna á eitt og annað.

Það er algeng skoðun að trú og vísindi séu andstæður; að með tilkomu vísinda séu trúarlegar skýringar á lífinu og tilverunni úreltar leifar liðins tíma. Jafnvel er álitið að vísindi hafi afsannað tilvist Guðs. Þó geta vísindi ekki afsannað tilvist Guðs því að þau fást við hinn efnislega heim. Guð er handan hans og því eitthvað sem vísindi geta ekki náð til í krafti eigin aðferða. Vísindamaður sem segist hafa afsannað tilvist Guðs fæst ekki við vísindi heldur heimspeki eða guðfræði.

Vísindi eru því takmörkuð! Þau ná ekki utan um eða útskýra allt sem leitar á huga mannsins eða er fólgið í reynslu hans. Eins og eðlisfræðingurinn Peter Medewar sagði er fljótlegast að koma óorði á vísindi með því að segja að þau svari öllum spurningum og að spurningar sem vísindi svari ekki séu merkingarlausar. Að mati Medawar eru vísindi augljóslega takmörkuð enda geti þau ekki svarað grundvallarspurningum varðandi tilurð tilverunnar, tilgang lífsins og örlög, eða hvað sé gott, rétt og fallegt.

Það viðhorf að trú og vísindi fari ekki saman stenst illa sögulega skoðun. Brautryðjendur vísinda voru trúaðir menn á borð við Boyle, Galíleó, Newton, Kepler o.fl. Þeir sáu enga mótsögn milli vísinda og guðstrúar. Það sama á við um fjölmarga vísindamenn í nútímanum. Þá var ekki tilviljun að vísindi komu til sögunnar í Evrópu 16. aldar sem lengi hafði mótast af kristinni heimsmynd. Eins og C.S. Lewis sagði urðu menn vísindalegir í hugsun því þeir gerðu ráð fyrir náttúrulögmálum; og þeir gerðu ráð fyrir náttúrulögmálum því að þeir trúðu á þann sem setti náttúrunni lögmál sín.

**Ganga út frá bjagaðri guðsmynd**

Þeir sem telja að vísindi og trú séu í mótsögn ganga oft út frá bjagaðri guðsmynd. Litið er svo á að Guð sé einungis uppfyllingarefni í takmarkaða þekkingu mannsins. Við finnum Guði stað þar sem vísindaleg útskýring sé ekki fyrir hendi. Eftir því sem vísindi útskýri meira verði minna pláss fyrir Guð. En slíkur skilningur ber ekki Guði kristinnar trúar vitni. Guð er orsakavaldurinn, sá sem leiddi fram alheiminn og viðheldur tilvist hans. Hann er á bak við það sem við vitum og það sem við vitum ekki.

Vísindin rannsaka alheiminn, hvers eðlis hann er og hvernig hann virkar. Þegar vísað er til Guðs annars vegar og vísinda hins vegar til að útskýra alheiminn er um að ræða ólíkar útskýringar – sem þó er gjarnan ruglað saman.

Að biðja fólk að velja á milli vísinda og Guðs er líkast því að sýna manni Ford T bíl og biðja hann að velja á milli tveggja mögulegra útskýringa á honum. Annars vegar náttúrulögmálin, lögmál eðlisfræðinnar, vélfræðinnar o.s.frv. og hins vegar Henry Ford sjálfan. Slíkir afarkostir eru fráleitir því um tvær jafngildar útskýringar er að ræða enda þótt ólíkar séu. Báðar eru nauðsynlegar og réttar. Við þurfum í senn vísindalega útskýringu á bílnum með tilliti til eðlisfræðilegra lögmála og persónulega útskýringu með tilliti til orsakavalds.

Þegar alheimurinn er útskýrður með vísan til Guðs sem orsakavalds er um að ræða útskýringu af öðrum toga en hina vísindalegu útskýringu. En þær eru ekki í mótsögn. Henry Ford keppir ekki við lögmál eðlisfræðinnar sem útskýring á Ford T bíl frekar en Guð keppir við vísindi sem útskýring á alheiminum. Þá væri fráleitt að halda því fram að þar sem við getum útskýrt með vísindalegum hætti hvernig Ford T bíll virkar megi draga af því þá ályktun að Henry Ford hafi aldrei verið til.

Í raun er það svo að eftir því sem við skiljum alheiminn betur verður auðveldara að dásama hugvitssemi Guðs sem á bak við hann er. Það hefur alltaf verið hið kristna viðhorf: „Himnarnir segja frá Guðs dýrð, og festingin kunngjörir verkin hans handa.“

**Í raun er það svo að eftir því sem við skiljum alheiminn betur verður auðveldara að dásama hugvitssemi Guðs sem á bak við hann er.**

visir.is Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

„… feikispennandi, þétt og vel skrifuð saga.“

HELGA BIRGISDÓTTIR / HUGRÁS



„Hrikalega spennandi“



GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN






ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

FJÖRU VERÐLAUNIN
Tilnefning

„Virkilega hressandi viðbót við flóru íslenskra unglingabókmennta … fléttan er virkilega spennandi og vel útpæld.“

HALLA ÞÓRLAUG ÓSKARSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

„Einkar vel skrifuð saga … bráðsnjall snúningur í lokin … Mjög vel gert.“

ÁRNI MATTHÍASSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Bókin er skemmtileg … vel skrifuð … þessi lesandi bíður spenntur eftir framhaldinu.“

TINNA EIRÍKSDÓTTIR / SIRKÚSTJALDIÐ

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

## Þessir mótherjar gætu komið úr kúlunum í París á laugardaginn



### Erfiður

Í erfiða riðlinum má finna þrjár af bestu þjóðum mótsins og lið sem verður mjög erfitt að eiga við. Í þessari útgáfu mætir Ísland heimsmeisturum, heitasta framherja heims og fornum erkifjendum.

**ÞÝSKALAND**



Thomas Müller

Heimsmeistararnir þóttu hiksta töluvert í undankeppninni. Það var þó ekki verra en það að Þýskaland vann D-riðilinn með 22 stigum og var þar á undan Pólverjum, Írum og Skotum. Við erum líka að tala um heimsmeistarana! Þýskaland hefur kannski ekki verið líkt sjálfu sér að undanförnu en það er lið sem þú vilt forðast að mæta á EM.

**KRÓATÍA**



Luka Modric

Nú gætu einhverjir orðið reiðir því Króatar koma inn í mótið sem næstslakasta þjóðin í öðrum styrkleikaflokki. Það er samt bara alltaf erfitt að spila við Króatíu í íþróttum eins og strákarnir okkar fengu að kynnast í umspilinu fyrir HM 2014. Þetta er frábært lið sem hafnaði í öðru sæti síns riðils á eftir Ítalíu. Króatar eru með stútfullt lið af hæfileikum og reynslu í góðri blöndu.

**PÓLLAND**



Robert Lewandoski

Strákarnir sáu með berum augum hversu gott pólska liðið er og er skrítið að hugsa til þess að það sé í þriðja styrkleikaflokki. Pólland hafnaði í öðru sæti á eftir Þýskalandi í undankeppninni en spennan í kringum liðið í heimalandinu er mikil. Það er með mikla hlaupagetu, sterka vörn og mikla sprengju fram á við.

### Léttur

Augljóslega er enginn auðveldur riðill á EM og dettur engum í hug að Ísland geti talið nokkurn leik léttan. Sumir mótherjar eru þó auðveldari en aðrir og í þessum riðli gæti Ísland fengið nóg af stigum.

**PORTÚGAL**



Cristiano Ronaldo

Portúgal er eins manns lið. Reyndar er þessi eini maður, Cristiano Ronaldo, alveg ævintýrlega góður. Það veit í raun enginn hvar portúgalska liðið stendur þessa dagana. Það vann sinn riðil í undankeppninni mjög auðveldlega en var nú ekki í þeim erfiðasta. Auðvelt er líka að hugsa til HM þar sem liðið hrundi út með stæl. En kannski er upprisan á leiðinni.

**RÚSSLAND**



Artyom Dzyuba

Rússar skriðu inn á mótið í öðru sæti G-riðils undankeppninnar, tveimur stigum á undan Svíum sem voru ekki góðir. Rússneska liðið er í smá krísu. Það vantar stjörnur en er vissulega með fína liðsheild. Liðið spilar hægt og er varnarsinnað og er lið sem myndi henta okkar strákum alveg frábærlega.

**UNGVERJALAND**



Gabor Kiraly

Þetta er ein af fáum þjóðum á EM sem við megum einfaldlega kalla eftir sigri á. Ungverjar höfnuðu í þriðja sæti F-riðils með aðeins 16 stig og voru þar á undan Finnlandi. Þeir unnu svo Noreg í umspilinu sem telst ekki mikið afrek í fótboltanum í dag. Það verður mikil stemning í kringum ungverska liðið á HM en Ísland er betra fótboltalið. Svo einfalt er það.

### Leiðinlegur

Þótt enginn riðill eða dvölin í Frakklandi verði yfir höfuð leiðinleg getur Ísland lent í riðli með þjóðum sem eru afskaplega góðar í fótbolta en bjóða upp á minni stjörnuljóma og færri sögur til að japla á.

**SPÁNN**



David Silva

Það verður alltaf nóg að frétta af liðunum úr fyrsta styrkleikaflokki og hér erum við að tala um meistara síðustu tveggja Evrópumóta. Aftur á móti er spænska landsliðið þekkt fyrir að gefa lítið af sér og farnar eru úr liðinu stjörnur á borð við Xavi og Fernando Torres. Svo fengi íslenska liðið ekkert að vera með boltann og myndi tapa, 0-1.

**AUSTURRÍKI**



David Alaba

Austurríki er eitt af liðunum sem gætu slegið í gegn í Frakklandi á sama tíma og stjörnuljómann yfir því er ekki mikill. Austurríska liðið er hægt og sígandi orðið algjörlega frábært og stútaði G-riðli undankeppninnar með níu sigrum í tíu leikjum. Liðið spilar frábæran fótbolta með hraða og beinskeytta leikmenn á borð við Marko Arnautović hjá Stoke sem skoraði tvö á móti City um síðustu helgi.

**TÉKKLAND**



Petr Čech

Íslenska liðið mætti Tékklandi tvívegis í undankeppninni og þess vegna væri ekkert gaman að mæta því aftur. Eins og við fengum að kynnast er tékkneska liðið mjög gott enda vann það riðilinn okkar. Það vantar þó stjörnurnar í Tékkland sem er með frábæra liðsheild og frábæran þjálfara sem á eftir að fleyta því langt.

### Skemmtilegur

Skemmtilegi riðilinn er reyndar mjög erfiður líka en hann er fullur af sögum og fréttum sem myndu svala fótboltaþorsta landsmanna. Þar mætir Lars Lagerbäck samlöndum sínum.

**ENGLAND**



Wayne Rooney

Íslendingar vilja mæta enska liðinu og sjá strákana okkar berjast við stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni. Þetta hefur verið draumur okkar lengi og við eigum skilið að mæta Englandi. Svo gætum við líka alveg unnið.

**ÍTALÍA**



Giorgio Chiellini

Ítalska liðið er á mikilli uppleið eftir að hafa fallið úr leik í riðlakeppni HM 2014. Ítalir unnu sinn riðil í undankeppninni án þess að tapa leik og hafa náð vopnum sínum undir stjórn Antonio Conte. Það yrði frábært að mæta þessum fjórföldu heimsmeisturum og svo er alltaf smá möguleiki á að spila við Mario Balotelli.

**SVÍÞJÓÐ**



Zlatan Ibrahimović

Það færi allt á hliðina bæði á Íslandi og í Svíþjóð ef Lars Lagerbäck myndi mæta samlöndum sínum og sínum gömlu lærisveinum. Þvílíkur leikur fyrir báðar þjóðir og svo er auðvitað eins og einn Zlatan Ibrahimovic í liði Svíþjóðar. Maðurinn sem Lars rak heim úr keppnisferð eins og frægt er orðið. Leikirnir yrðu ekkert mikið skemmtilegri en þetta.

# Verður laugardagurinn til lukku?

**Dregið verður til riðlakeppni EM 2016 í fótbolta á laugardaginn þar sem strákarnir okkar verða í fyrsta sinn í pottinum. Mikil spenna ríkir fyrir drættinum en Fréttablaðið setur hér upp fjórar gerðir af mögulegum riðlum sem allir hafa sínar sögur og stórstjörnur.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar í karlalandsliðinu í fótbolta bíða væntanlega spenntari eftir laugardeginum næstkomandi en sjálfum aðfangadegi. Á laugardagseftirmiðdag kemur í ljós hvaða þjóðum Ísland mætir á Evrópumótinu í Frakklandi. Dregið verður í Palais des Congrès í 17. hverfinu í París og hefst dráttinn klukkan 17.00 að íslenskum tíma.

Fyrir þá sem ekki vita verður Ísland í neðsta styrkleikaflokki, en takmarkið um að hækka sig upp um einn flokk náðist ekki þegar liðið náði ekki að vinna neinn af síðustu þremur leikjum sínum í riðlakeppninni. Það kom þó ekki að sök þegar kom að stóra markmiðinu sem var að komast í fyrsta sinn á stórmót.

Ljóst er að strákanna okkar bíður ærið verkefni, en það er þó alveg hægt að vera heppinn með riðil. Þó að okkar strákar séu í neðsta styrkleikaflokki eru þeir búnir að sýna að íslenska liðið er mjög gott. Sigrar á



Tólfan á eftir að fjölmenna til Frakklands, sama hvernig riðillinn verður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tyrkjum, Tékkum og tveir á stjörnum prýddu liði Hollands sönnuðu það í undankeppninni.

Riðlarnir geta orðið allavega. Ísland getur lent í algjörum dauðariðli með stórþjóðum á borð við Þýskaland, Ítalíu og Pólland en líka verið í mjög svo árennilegum riðli með þjóðum á borð við Portúgal, Rússland og Ungverjaland. Svo geta riðlarnir orðnir mjög erfiðir en að sama skapi mjög skemmtilegir.

Íslenska fótboltaáhugamenn dreymir ekkert heitar en að mæta Englandi í mótsleik. Í hvert skipti sem dregið er í hvaða undankeppni sem er bíðum við eftir að mæta stjörnunum úr ensku úrvalsdeildinni en aldrei koma þær. Við erum nú þegar búin að missa af Steven Gerrard, Frank Lampard, Rio Ferdinand, John Terry, Ashley Cole, Paul Scholes og David Beckham svo örfá en góð dæmi séu tekin.

Til að hita aðeins upp fyrir dráttinn á laugardaginn setur Fréttablaðið hér upp fjóra mögulega riðla sem eru miserfiðir og mis „skemmtilegir“ þó auðvitað verði alltaf gaman að fara í fyrsta sinn á stórmót. Við minnum á að allt er þetta til gamans gert.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**FÖRÐUN ER TJÁNINGARFORM**

**Förðunarfræðingurinn Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir segir æ fleiri karla búa til förðunarmyndbönd. Hún segir gyllta litinn áberandi fyrir jól.** **Bls. 4**


**TÆKIFÆRISGJAFIR**

TILBOÐ



Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955










**GÓÐ BLANDA** „CE-peysan er pöntuð frá Japan og Dreizehn-bolurinn er frá JÖR. Adidas-buxurnar eru úr Sports Direct og Air Jordan White Infrared 6 skóna keypti ég í Englandi.“

# FLOTT OG SMÁ SKRÍTIÐ Í BLAND

**SPURT & SVARAÐ** *Jóhann Kristófer Stefánsson er 23 ára gamall Reykvíkingur sem er á lokaári á sviðshöfundabraut í Listaháskóla Íslands. Í vetur spilar hann með tónlistarmanninum Sturlu Atlas og stefnir á að útskrifast. Svo vill hann verða ríkur og kaupa sér 50 fermetra íbúð í miðbænum á 100 milljónir.* ▸

MYNDIR/ANTON BRINK






Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Afmælis afsláttur

Verslunin er 3ja ára og af því tilefni veitum við 20% afslátt af allri vöru í 3 daga: fimmtudag, föstudag og laugardag (10 – 12. desember).

Einnig verðum við með glæsilegt tilboð á peysum, buxum og ýmsu öðru.

Og við ætlum að gefa þrjú 15.000 kr. gjafabréf.

Nýtt kortatímabil hefst fimmtudag 10. desember.

Hlökkum til að sjá ykkur og landsbyggðardömur munið, við póstsendum.

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið virku dagana kl. 11 – 18 og laugardag kl. 11 – 16
Skoðið myndir á facebook af tilboðsvöru.




**SVALUR** „Dunlop-úlpan er úr Sports Direct, hettupeysan úr Uniqlo og leðurhanskarnir úr Geysi. HBA-bolinn pantaði ég frá Bandaríkjunum og mótorkrossbuxurnar eru úr Suzuki búðinni. Nike Air Foamposite skóna sendi vinur minn mér frá Kaliforníu.“

▶ **Hvenær byrjaðir þú að hafa áhuga á tísku og hvernig hefur sá áhugi þróast?** Það varð ákveðinn vendipunktur í lífi mínu þegar stóri bróðir minn eignaðist Skechers-skó. Þá var ég átta ára og um leið fór ég að spá meira í fötum. Ég fór svo að spá meira í mínum eigin stíl fyrir svona sex árum þegar ég byrjaði að hlusta mikið á rapptónlist.
**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Hann er fyrst og fremst mjög persónulegur.
**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég reyni alltaf að vera í einhverju þægilegu, einhverju flottu og jafnvel einhverju smáskrítnu með. En fyrst og fremst klæði ég mig eftir veðri.
**Ef þú þarft að bregða þér í betri fötin, hvernig klæðist þú þá?** Þá dreg ég úr víðu fötunum og reyni að hafa litina einfalda, til dæmis eitthvað aðsniðið og svart.
**Áttu þér uppáhaldsverslanir hér heima og erlendis?** Hérna heima versla ég mest í Rauðakrossbúðinni og Sports Direct. Annars held ég mest upp á JÖR og Húrra Reykjavík. Erlendis held ég mest upp á Dover Street Market í London, og Overkill og Firmament í Berlín.
**Hverjir eru uppáhaldshönnuðir þínir, innlendir og erlendir?** JÖR fjölskyldan ræður ríkjum hérna heima. Erlendir hönnuðir sem ég held mikið upp á eru t.d. Tinker Hatfield, Nigo, Gosha Rubchinskiy og Sk8thing.
**Eyðir þú miklum peningum í föt miðað við jafnaldra þína?** Já, ég geri það. Ég á a.m.k. mjög erfitt með að sleppa því að kaupa eitthvað sem mér líst vel á.
**Áttu þér uppáhaldsflík?** Uppáhaldsflíkin mín þessa stundina eru Air Max 95 OG skórnir mínir.
**Getur þú nefnt dæmi um bestu kaup þín og um leið þau verstu?** Verstu kaupin mín eru ábyggilega Alexander Wang x H&M buxur sem ég keypti í fyrra. Þær voru of litlar en ég keypti þær í einhverri bullandi afneitun. Bestu kaupin mín eru neon Dunlop-úlpan sem ég keypti í Sports Direct fyrir nokkrum vikum.
**Er eitthvað sérstakt sem þú stefnir á að kaupa í vetur í fataskápinn?** Neonbuff og flíspeysa.
**Hvernig verða fatajólin hjá þér?** Ég ætla að vera í öllu hvítu, öll jólin.
**Notar þú einhverja fylgihluti?** Ég er alltaf með keðju um hálsinn og demant í eyranu. Svo ber ég úr þegar ég vil vita hvað tímanum líður.



**NÝTT OG GAMALT Í BLAND** „Barbour-peysan var keypt í Rauðakrossbúðinni en Supreme x Championship buxurnar og Nike Air Max 95 skórnir voru keyptir í Englandi.“


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**





S. Gunnbjörnsson ehf
heildverslun
Rúllugardínur
45 x 160 cm - 2.852 kr
60 x 160 cm - 3.224 kr
90 x 160 cm - 4.588 kr
120 x 160 cm - 5.927 kr
90 x 220 cm - 5.927 kr
160 x220 cm - 8.893 kr
Iðnbúð 8, S: 897 3317



Marta verður á staðnum og gefur góð ráð

MARTA JONSSON

ÍSLENSK HÖNNUN
HÁGÆÐA LEÐURSKÓR

MARTA JONSSON
KRINGLUNNI
s. 553 0809
LAUGAVEGI 51
s. 553 0816

# 25% afsláttur af kuldaskóm

## Helgina 10. - 13. desember

Barnaskór: ~~Verð 24.995.-~~ **Nú 18.740.-**
Dömuskór: ~~Verð 29.995.-~~ **Nú 22.490.-**
Herraskór: ~~Verð 32.995.-~~ **Nú 24.740.-**

**Þægilegir skór með 100% ull, til í dömu-, herra- og barnastærðum**















www.martajonsson.com | Póstsendum







Skemmtipakkinn

FRÁBÆR DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tryggðu þér áskrift á 365.is

365.is | Sími 1817

365

# FÖRÐUN ER EITT FORM TJÁNINGAR

**FJÖLBREYTILEIKI** *Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir hefur nýlokið námi í förðunarfræðum en þar á undan kláraði hún stjórnmálafræði. Hún segir förðun miklu meira en bara tól til að gera sig fína og fjölbreytileikinn sé allsráðandi.*



**JÓLAFÖRÐUN** Lovísa er sérstaklega hrifin af gylltu í kringum augu og rauðum vörum. Fylgjast má með förðun Lovísu á öllum helstu samfélagsmiðlum undir makeupbylovisa.
MYND/LOVÍSA OKTOVÍA EYVINDSDÓTTIR

Ég lærði förðun hjá snillingunum í Reykjavík Make up School. Metnaður þeirra í garð nemenda er aðdáunarverður og ég sé ekki eftir að hafa valið þann skóla," segir Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir, nýútskrifaður förðunarfræðingur og forfallin áhugamanneskja um förðun. Lovísa er einnig stjórnmálafræðingur og segir stjórnmál og förðun fara vel saman.

„Stjórnmálafræði er hálfgerð samfélagsfræði. Ég fylgist vel með málefnum líðandi stundar og það getur komið sér vel þegar kúnnar koma í förðun, það er auðvelt að finna eitthvað til að tala um. Ég fæ útrás á Snapchat-aðganginum mínum um förðun svo vinir mínir í háskólanum þurfa ekki að hlusta á mig blaðra endalaust um förðunar- og snyrtivörur," segir Lovísa sposk en hún stundar nú nám í fjölmiðla- og boðskiptafræði við HÍ.

**En hvað er svona heillandi við förðun?** „Förðun er svo miklu meira en bara tól til þess að gera sig fína, förðun er tjáningarleið og í dag er mikið svigrúm fyrir fjölbreytileika. Ég er sjálf mikið kameljón, get verið óförðuð marga daga í röð og mætt svo allt í einu með svartan varalit í skólann. Það er mikilvægt að vera bara maður sjálfur. Ég er líka ánægð með að fleiri og fleiri karlmenn koma sér á framfæri í förðunarheiminum, bæði sem förðunarfræðingar og svo þeir sem farða sig dags daglega og búa til myndbönd á YouTube."

**Varst þú krakkinn sem stalst í snyrtidótið hennar mömmu?** „Mamma átti aldrei mikið af snyrtidóti. Hún er svo náttúrulega falleg og frískleg. Líklega var það stjúpmóðir mín sem kom mér fyrst á bragðið þegar ég var unglingur, en það eru 10 ár á milli okkar í aldri og þegar ég var yngri var hún oft að taka sig til um helgar með alls konar litríku dóti. Síðustu ár hef ég verið að prófa mig áfram og stigið mörg feilspor en alltaf lært af þeim. Alls konar „special effect"-förðun heillar mig upp úr skónum þessa dagana, ég man varla skemmtilegri daga en þegar ég var að farða fyrir hrekkjavöku núna í október."

**Er einhver förðun í uppáhaldi hjá þér?** „Ég hef alltaf verið rosalega hrifin af dökku smokey, mér finnst það svo seiðandi og kynþokkafull förðun. En ég get ekki sleppt því að minnast á gyllta augnförðun og rauðar varir, klassískt lúkk. Sagan segir líka að það sé jólaförðunin í ár."

**Áttu einhverja uppáhalds förðunargræju?** „BeautyBlender. Þessi undrasvampur er dásamlegt tól til þess að koma í veg fyrir rákir eftir bursta."

**Ef þú hefðir bara 5 mínútur fyrir galaveislu?** „Ég myndi svitna og ofanda fyrstu 30 sekúndurnar. Í mókinu myndi ég laga augabrúnirnar, setja á mig léttan farða og skyggja andlitið og velja rauðan, fljótandi, mattan varalit. Svo maskari og stök augnhár til þess að fá smá náttúrulegan væng… Eru fimm mínútur liðnar?"



**TJÁNINGARFORM** „Ég er sjálf mikið kameljón, get verið óförðuð marga daga í röð og mætt svo allt í einu með svartan varalit í skólann."



**GÓÐ BLANDA** Lovísa segir stjórnmálafræði og förðunarfræði fara vel saman.


TRI
Suðurlandsbraut 32
Hjólreiðar
Hlaup
Sund
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN
BORGUN
CUBE Bakpokar
CUBE Jakkar
RFR Ljós
CUBE Hanskar
NEO
Tacx
The first real direct drive!
Mavic Aksium Disc
*Shimano Ultegra
#Cyclocross
CROSS RACE SL
359.990kr
#cube_your_life
*Schwalbe Marathon Winter
Væntanlegt!
CROSS RACE PRO
279.990kr
CROSS RACE
239.990kr
FATBIKE
369.990kr
desember @ TRI VERSLUN
Cube your life!
facebook.com/tri.is
instagram.com/triverslun
@TRIVERSLUN
20% afsláttur af öllum Cube 2015 reiðhjólum!
SHIMANO
WWW.TRI.IS
SHIMANO
- Opnunartími @ TRI VERSLUN -
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00
ParkTool
ParkTool



**BLÁTT OG MEIRA BLÁTT** Blái gallabuxnaliturinn nær til hermannamynsturs í þessum jakka.



**TÖFFARI** Flottur síður jakki með blómamynstri við gallabuxur. Töff klæðnaður.



**GALLAJAKKI** Þessi er í gallabuxum og jakka í stíl. Takið eftir að á jakkaermunum er annar litur.



**GLÆSILEGT** Herrann sem snýr baki í myndavélina er í mjög klassískum gallabuxum fyrir næsta sumar frá Valentino.



**FRJÁLSLEGT** Þægilegur og hefðbundinn klæðnaður. Takið eftir sandölunum.

# VALENTINO LOFAR GALLABUXURNAR

**ÞÆGILEGT** *Herratískan næsta vor og sumar frá Valentino er frjálsleg og einkennist af gallabuxum og sandölum. Gallabuxur eru reyndar alltaf í tísku en þessi heimsfrægi hönnuður vill veg þeirra sem mestan.*

Gallabuxurnar eru sumar „bættar“, á kálfunum er annar litur á gallaefninu en á leggnum. Skyrtur eru í svipuðum stíl, þá eru vasar að framan með öðrum lit. Þetta gefur fötunum skemmtilegan svip. Reyndar er tískan frá Valentino næsta sumar mjög frjálsleg. Hönnuðir Valentino sem eiga heiðurinn af þessum stíl eru Maria Grazia Chiuri og Pierpaolo Piccioli. Hermannalitir sáust einnig á sýningunni, bæði í jökkum og bakpokum. Þá verða sandalar skór sumarsins ef marka má Valentino.

Þau Maria og Pierpaolo þykja hugmyndaríkir hönnuðir, enda heillaðist Valentino Garavani af þeim árið 1999. Þá fékk hann þau til að hanna fylgihluti fyrir tískuhúsið. Niðurstaðan varð skemmtileg nýsköpun.

Þegar Valentino ákvað að draga sig að mestu út úr tískuhönnuninni árið 2007 fékk hann þau til að verða listrænir stjórnendur fyrirtækisins. Hér má sjá myndir af herratískunni vor og sumar 2016 að hætti Mariu og Pierpaolo. Skilaboðin er tímalaus hönnun, stíllinn samkvæmt hefðinni sem flestum ætti að líka vel við.



**SANDALAR** Þeir voru áberandi við gallabuxurnar á sýningu Valentino.



**ÖÐRUVÍSI** Þessar gallabuxur eru með rönd eins og smókingbuxur.







# Jólagjöf fagmannsins

10. desember 2015

**KYNNINGARBLAÐ** BYKO | Iðnvélar | Leirgerð | Óskagjöfin



# Snýst miklu meira um töfrana

Leirgerð hefur heillað **Fannar Þór Bergsson** frá unga aldri og fær hann aldrei leið á henni. Undanfarin ár hefur hann einbeitt sér að gerð teiknimynda- og myndasögufígúra úr leir. Ekki þarf flókin tæki til framleiðslunnar en helst mæðir á höndum listamannsins.

Leirinn á allan hug Fannars Þórs Bergssonar sem hefur undanfarin ár nær eingöngu leirað ýmsar þekktar teiknimyndafígúrur við miklar vinsældir. „Ég hef verið að leira styttufígúrur úr ofnbökuðum leir undanfarin sjö ár. Leirinn heitir Sculpey og um leið og ég uppgötvaði þessa tegund af leir þá fór ég að geta gert vandaðar styttur sem ég get einnig málað með akrýlmálningu.“

Það er heillandi að skapa úr leir að sögn Fannars. „Ég hef alltaf haft gaman af því að geta búið til það sem mig langar í frá því að ég var smástrákur. Á fullorðinsárunum snýst þetta samt meira um töfrana við að geta búið til það sem ég sé og finnst skemmtilegt að skoða á flötu yfirborði eins og blöðum, bókum og sjónvarps- og tölvuskjáum.“



Hann segir miklu meira lifandi þegar einhver karakter er kominn í leirform í þrívídd og hægt er að skoða hvern krók og kima. „Þá nýtur maður fígúrunnar miklu betur en þegar hún er í tvívídd. Það er líka þessi áþreifanleiki og andleg vellíðan við það að móta úr leir sem rekur mann áfram. Ég fæ aldrei leiða á þessu, þetta er bara hluti af mér og meðfæddir hæfileikar sem ég vil halda áfram að þróa og nýta til að færa mér sjálfum gleði og hamingju sem og öðru fólki.“

## Ýmsar flóknar fígúrur

Teiknimynda- og myndasögufígúrur eru sérsvið Fannars en í upphafi gerði hann einfaldar teiknimyndafígúrur á borð við Strumpana, Herramennina og Ungfrúrnar. „Í kjölfarið fór ég að búa til flóknari fígúrur eins og Viggó viðutan, Lukku-Láka og svo teiknimyndasöguhetjur eins og Batman, Superman og fleiri skyldar hetjur. Þetta var bara svo virkilega skemmtilegt viðfangsefni að ég hef eiginlega eingöngu haldið mig við þetta þema síðan.“

Vinnuferlið hjá Fannari er einfalt. „Fyrst finn ég einhverja skemmtilega teikningu eða ljósmynd af viðfangsefninu. Svo hef ég hana fyrir framan mig meðan ég leira eftir myndinni eða teikningunni.



Helstu verkfærin sem ég nota eru útskurðarjárn sem ég hef notað frá því ég hóf að nota Sculpey-leirinn. Þó má segja að hendurnar séu náttúrulega aðalverkfærið mitt auk ímyndunaraflsins. Auk þeirra er ég með alls konar verkfæri á borð við skurðartól með tréhandföngum og rúllukefli til að fletja leirinn út. Ég bý stundum til eigin verkfæri sem henta við smíðina hverju sinni. Almennt þarf þó helst hendurnar, hæfileika, vilja og þrjósku til leirgerðar. Það má yfirleitt notast við hvaða tæki og tól sem eru fyrir hendi en annars er best að skella sér bara í handverksbúðir og kaupa verkfærasett þegar maður er að byrja.“

## Margir furðu lostnir

Þegar Fannar hefur fullmótað fígúruna er hitað upp í ofninum heima. „Það fer eftir stærð og þykkt hversu lengi fígúran er í ofninum en oftast eru þetta 30-60 mínútur. Svo tekur um rúman klukkutíma að kæla styttuna niður áður en ég mála hana. Mér finnst best að nota ákveðna ljósa liti af leirnum svo að ég þurfi ekki eins mikla málningu til að grunnmála styttuna. Ég byrja á Titanium White og svo eru það helstu litirnir og loks skygging og lýsing og önnur smáatriði máluð með öðrum litum. Að lokum merki ég hverja styttu með listamannsnafni mínu og framleiðsluárinu.“

Fannar segir leirstytturnar hafa fengið mjög góðar viðtökur. „Margir verða furðu lostnir þegar þeir skoða þær nánar og sjá öll smáatriðin og um leið að ég handgeri hverja einustu styttu en geri engar afsteypur. Ég hef aðallega verið að sýna og selja styttur mínar á Facebook undir LeiraMeira en líka í verslununum Litir og föndur og Smíðar og skart á Skólavörðustíg.“

Aðspurður um uppáhaldsfígúrur segir hann erfitt að svara því. „Mér þykir vænt um öll sköpunarverkin mín og maður sér aðeins eftir þeim þegar þau seljast. En ef ég ætti að velja einhverjar uppáhaldsfígúrur þá myndi ég kannski segja Sammi og Kobbi, Ástríkur og svo auðvitað íslensku jólasveinarnir.“



„Þetta er bara hluti af mér og meðfæddir hæfileikar sem ég vil halda áfram að þróa og nýta til að færa mér sjálfum gleði," segir Fannar Þór Bergsson. MYND/GVA





Íslensku jólasveinarnir eru í uppáhaldi hjá Fannari og mjög vinsælir.



Teiknimynda- og myndasögufígúrur eru sérsvið Fannars og koma í mörgum útfærslum.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMENN AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson




**BOSCH rafhlöðuborvél**
GSR 18V-EC FC2, 2 x 18V 4,0Ah Lithium rafhlöður, kolalaus. Hersla 50 Nm Þyngd 1,7 kg. FC2 aukahlutir (patróna, vinkilpatróna, hjámiðjudrif og höggpatróna).
Hleðslutæki og L-Boxx taska fylgja.
**94.995 kr.**
74874104

**Bosch 18 volta kerfi**
- ein rafhlaða gengur fyrir öll verkfærin!

# BOSCH
Invented for life



**BOSCH rafhlöðuborvél**
GSB 18-2 LI
2 x 1,5 Ah Lithium.
13 mm patróna.
Hersla 38 Nm.
Þyngd 1,3 kg.
**39.995 kr.**
74874099



**BOSCH rafhlöðuborvél**
EC GSR 18V5,0A.
Kolalaus, 2X5Ah raflhlöður.
13 mm patróna.
Hersla 50 Nm.
Þyngd 1,9 kg.
L-Boxx fylgir.
**79.995 kr.**
74874085

# Blár BOSCH!
## Gerir einfaldlega allt

*Flexi*Click System





**BOSCH slípirokkur** GWS 9-125, 900W, skífur 125 mm.
Snúningshraði 11.500 sn/mín.
2,0 kg.
**22.995 kr.**
74871621



**BOSCH multisög**
GOP 300 SCE, 300W.
Hraði 8.000-20.000.
1,7 kg. L-Boxx og fylgihlutir.
**49.495 kr.**
74872181



**BOSCH rafhlöðuborvél**
GSR 14,4, 2X1,5 Ah Lithium rafhlöður.
Hersla 34 Nm.
1,2 kg. 2 gírar (0-1,300 sn/mín).
**34.995 kr.**
74874094

**BOSCH geirungssög**
GCM 8 SJL, 1600W
Blaðstærð 216 mm.
Hraði 5500 sn/mín.
**88.995 kr.**
74872507





**BOSCH hjólsög**
GKS 160, 1050W. 5600 sl/mín.
Dýpt 54 cm. 3,6 kg.
**32.595 kr.**
74872016



**BOSCH stingsög**
GST 65 B, 400W.
3100 sl/mín. 1,7 kg.
**18.795 kr.**
74872212



**BOSCH rafhlöðuborvél**
GSR10, 8V, 2X2,0 Ah Lithium rafhlöður.
Hersla 30 Nm.
0,95 kg. L-Boxx.
**32.995 kr.**
74874070

**BOSCH borðsög**
GTS 10 XC, 2100W.
Blaðstærð 254 mm.
Hraði 3200 sn/mín.
**147.995 kr.**
74872520



**L-BOXX**



**L-BOXX eru töskukerfi fyrir bláu Bosch rafhlöðuvélarnar. Kerfið virkar þannig að allar L-BOXX töskurnar smella saman, og því er mjög þægilegt og öruggt að ferðast með verkfærin á milli staða.**

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

# Frábært að fá góð verkfæri í jólagjöf

Eiríkur Lárusson rafvirki er að byggja eigið hús, aðeins 32 ára. Það hefði ekki þótt merkilegt þegar hann fæddist en nú þykir það óvenjulegt að svo ungt fólk standi í húsbyggingum.

Eiríkur segir að hann hafi keypt húsið fokhelt árið 2011. „Foreldrar mínir gerðu þetta og hvöttu mig til að gera það sama,“ segir hann. Faðir Eiríks er sömuleiðis rafvirki og hefur hjálpað honum mikið með húsið, enda hefur hann reynsluna. „Ég ákvað að þetta yrði langtímamarkmið, gera þetta hægt eftir efnum og aðstæðum,“ segir hann. „Fyrst kláraði ég neðri hæðina en er núna að vinna í efri hæðinni. Ég stefni á að geta tekið hana í notkun um páskana,“ segir Eiríkur sem er í sambúð með Freyju Leópoldsdóttur og eiga þau eina dóttur.

Eiríkur segist ekki þekkja neinn jafnaldra sem standi í húsbyggingum. „Það var algengt þegar pabbi var ungur að menn byggðu sitt eigið hús. Iðnmenntun hjálpar til við að stíga þetta skref. Núna eru strangari reglugerðir en voru fyrir þrjátíu árum þegar það þótti sjálfsagt að byggja sjálfur. Ef menn treysta sér til að byggja og geta gert eitthvað sjálfir þá mæli ég með þessari leið. Maður þarf þó alltaf hjálp frá fagmönnum, til dæmis þarf maður að hafa byggingastjóra og einungis rafvirkjar mega setja upp raflagnir. Mér finnst mjög skemmtilegt að standa í þessu þótt það taki stundum á,“ segir hann. „Stundum vex verkið manni í augum en maður verður bara að henda sér í það.“

Þegar Eiríkur er spurður hvort iðnaðarmenn óski sér verkfæra í jólagjöf segir hann svo vera. „Ég hef sjálfur fengið sög og háþrýstidælu í jólagjöf og verið ánægður með það. Það er engin móðgun að fá gjafir sem mann vantar og langar til að eiga. Öll heimili þurfa að eiga borvél, sög, hamar og skrúfjárn. Það eru alls konar græjur sem gott er að eiga; bitasett, borasett og alls kyns fjölnota vélar og handverkfæri. Svo er bæði hægt að fá þetta ódýrt og dýrt eftir því hve miklu maður vill eyða. Ég myndi halda að það væri mjög gott að eiga leiserhallamál. Það er hægt að fá það á öllum verðum. Hjólsög er sömuleiðis tæki sem gott væri að eiga,“ segir Eiríkur. „Það er alltaf hægt að bæta á sig góðum verkfærum,“ segir hann enn fremur og bætir við að þráðlaus eyrnahlíf með útvarpi væri mjög fín gjöf. „Það eru margir farnir að spá í ýmsum svona fylgihlutum. Það væri mjög þægilegt að hafa útvarp og mp3-spilara í vinnunni. Ég væri að minnsta kosti til í svoleiðis,“ segir Eiríkur og við tökum undir að það sé sniðugt hugmynd fyrir fagmanninn.

Eiríkur notar allan frítíma til að klára húsið sitt. Hann er farinn að hlakka til jólanna en án vafa verður þó unnið í húsinu þá daga enda gott frí.

> **Ég hef sjálfur fengið sög og háþrýstidælu í jólagjöf og verið ánægður með það. Það er engin móðgun að fá gjafir sem mann vantar.**
>
> *Eiríkur Lárusson*



**Eiríkur við störf í nýja húsinu sínu. Dóttir hans, Ísmey, fylgist vel með störfum föðurins.** MYND/GVA





## KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN - NÚNA Á LÆGRA VERÐI

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



HÖRKUPAKKAR Á TILBOÐI
DEWALT
– á heima hjá Sindra –
DCD790D2
18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,62 kg
Tilboðsverð
39.900 m/vsk.
Fullt verð 45.549
DCD790P2
18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x5,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
Tilboðsverð
57.900 m/vsk.
Fullt verð 63.775
DCH235M2
HÖGGBORVÉL 18V SDS+
Rafhlaða: 2x4,0 Ah Li-Ion
Afl: 400 W
Höggþungi: 2,1 J
Þyngd: 3,1 kg
Tilboðsverð
95.000 m/vsk.
Fullt verð 118.105
DW0822
PUNKTA- OG LÍNULEISER
Rafhlaða: 3x AA
Tveggja línu laser með lóðrétta og lárétta línu í kross og punkta í loft og gólf í lóðréttri línu
Tilboðsverð
35.900 m/vsk.
Fullt verð 43.403
DWS780
GEIRUNGSSÖG
Afl: 1675 W
Snúningshraði: 3800 sn./mín.
Mesti halli: 45°/45°
Blað: 305 mm
Þyngd: 24,8 kg
Tilboðsverð
159.900 m/vsk.
Fullt verð 180.621
DCS355D2
18V FJÖLNOTASÖG
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Afl: 300 W
Þyngd: 1,68 kg
Lengd: 310 mm
Tilboðsverð
59.900 m/vsk.
Fullt verð 74.812
DE7023
BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR
Létt og þægilegt borð fyrir allar gerðir geirungssaga. Fætur brjótast undir borð í flutningi. Borðið er 1,9 m samanbrotið en 3,9 m útbreitt. Festingar fyrir geirungssög fylgja.
Tilboðsverð
35.900 m/vsk.
Fullt verð 45.610
DW743
VELTISÖG
Afl: 2000 W
Snúningshraði: 2850 sn./mín.
Blað: 240 mm
Mesti halli: 45°
Þyngd: 37 kg
Verð
119.900 m/vsk.
PIPAR\TBWA • SÍA • 155881
NÝ VERSLUN
Skútuvogi 1, Reykjavík
sími 575 0000
Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði
SINDRI

# Það eiga allir eitt uppáhald

Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir fékk bílabakteríuna nánast í vöggugjöf og aldrei kom annað nám til greina en bifvélavirkjun. Hún hendist undir heimilisbílinn ef skipta þarf um olíu og hana dauðlangar í átaksmæli í jólagjöf.

„Ég er móttökustjóri Mözdu og Citroën, ráðgjafi vara-, aukahluta og þjónustu hjá Brimborg," segir Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir hress þegar hún er spurð út í vinnuna. Ásdís er menntaður bifvélavirki og vann í mörg ár á verkstæði Ræsis. Hún fékk bílabakteríuna nánast í vöggugjöf og lauk sveinsprófinu árið 2007.

„Ég stefndi alltaf á bifvélavirkjann. Svo bætti ég einnig við mig orku- og umhverfistæknifræði en þetta tengist auðvitað allt bílum; umhverfisviðmið og nýir orkugjafar," segir Ásdís og viðurkennir að sakna stundum smurolíuatsins á verkstæðinu.

„Bæði og. Ég er auðvitað alltaf með puttana inni á verkstæði til að fylgja eftir því sem viðskiptavinirnir vilja. Þó að ég sé ekki á kafi í smurningunni lengur í vinnunni þá er stutt í hana. Ég er líka haldin fornbíladellu sem ég deili með pabba mínum. Hann er bifvélavirki, eins og afi minn var líka. Ég ólst upp í skúrnum hjá pabba í kringum allt bílastússið. Hann var alltaf í skúrnum og í raun eins og heimavinnandi foreldri. Hann var alltaf við og ég hékk í skúrnum hjá honum eftir skóla," segir Ásdís.

Hún er sjálf ekki með skúr til að vinna í heima en gerir þó það sem gera þarf við fjölskyldubílana.

„Ég á alltaf samfesting og vinnuskó í forstofunni heima ef ég þarf að hendast undir bílinn. Ég sinni svona því helsta sem þarf við venjulegt viðhald, bremsuviðgerðir, olíuskipti og þess háttar."

*Hvað er svona heillandi við bifvélavirkjun?*

„Þetta er svo fjölbreytt starf. Maður er aldrei að gera það sama og alltaf að fást við eitthvað nýtt, allt frá rafmagnskerfi bílsins og upp í að taka upp vél. Maður þarf að spanna þetta svið allt en margir sérhæfa sig með tímanum í einhverju ákveðnu."

*Áttu eitthvert uppáhaldsverkfæri?*

„Það eiga allir eitt uppáhaldsverkfæri og mitt er skralllyklar. Þeir eru svo þægilegir í noktun. Ég á að sjálfsögðu skralllyklasett en ef ég ætti að óska mér einhvers í jólagjöf þá væri það átaksmælir 3/8. Með honum get ég stillt átakið sem hver bolti þolir. Það kæmi sér afar vel að eiga einn slíkan."


Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir bifvélavirki segir alla eiga sér eitthvert uppáhaldsverkfæri. Skralllyklasettið er hennar uppáhald og svo dauðlangar hana í átaksmæli í jólagjöf. MYND/GVA




# Gæðaverkfæri í pakkann

BYKO leggur áherslu á gæðaverkfæri frá Bosch ásamt fjölbreyttu úrvali annarra verkfæra. Bláa vörulínan frá Bosch er fyrir fagmenn en notkunarmöguleikar og ending miðast við þarfir þeirra. Græna línan hentar svo flestum til margvíslegra nota.

Bosch er rótgróið þýskt vörumerki sem hefur verið leiðandi á heimsmarkaði fyrir rafmagnsverkfæri í fjölda ára. Sögu Bosch má rekja allt aftur til ársins 1886 en þá stofnaði Robert Bosch véla- og rafmagnsverkstæði í nágrenni við Stuttgart. Á næsta ári eru því 130 ár frá stofnun fyrirtækisins.

Alla tíð hefur verið lögð áhersla á gæði og þægindi í framleiðslu Bosch. Bosch skiptir vörulínunni sinni í bláan og grænan Bosch. Græna vörulínan er markaðssett til einstaklinga en bláa línan til fagmanna og miðast notkun hennar og ending við þarfir þeirra. Bláa línan er hönnuð og þróuð í samvinnu við fagmenn úr öllum iðngreinum.

BYKO leggur mikla áherslu á gæðaverkfærin frá Bosch. Í Bosch vörulínunni má finna mörg vönduð rafmagnsverkfæri sem henta afar vel í jólapakka fagmannsins sem og allra annarra. Þar má til dæmis nefna 10,8 volta og 18 volta hleðsluborvélar frá Bosch. „Það eru létt og öflug rafmagnsverkfæri með góðum rafhlöðum sem flestir fagmenn yrðu ánægðir með," segir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, deildarstjóri verkfæradeildar BYKO í Breidd.

Meðal helstu nýjunga í bláu línunni eru kolalausar hleðsluborvélar með þráðlausri hleðslu en það hleðslukerfi gengur út á að hlaða rafhlöður verkfæra án þess að taka þurfi rafhlöðuna úr. „Verkfærið með rafhlöðunni er þá sett á platta sem hleður meðan það er ekki notkun," útskýrir Sveinbjörn. „Af öðrum nýjungum má nefna FC2 borvélina en skammstöfunin í nafni hennar stendur fyrir „Flexi-Click" kerfi sem miðast við að hafa sem fjölbreyttasta notkunarmöguleika á öflugri borvél. Þess má geta að sú borvél hlaut alþjóðlegu viðurkenninguna „Red-Dot Award 2015" fyrir vöruhönnun í flokki rafmagnsverkfæra," upplýsir Sveinbjörn.


BYKO leggur mikla áherslu á gæðaverkfæri frá Bosch. MYND/GVA

Auk bláu línunnar fyrir fagmenn býður BYKO að sögn Sveinbjörns upp á fjölbreytt úrval rafmagnsverkfæra í grænu línu Bosch en hún inniheldur vönduð og fjölbreytt verkfæri sem henta flestum til margvíslegra starfa.

BYKO býður einnig upp á mikið úrval verkfæra frá öðrum framleiðendum sem henta jafnt almenningi til heimilisnota, handverksfólki, listafólki og fagmönnum, allt eftir þörfum hvers og eins. Má þar nefna rafmagnsverkfæri frá Skil, Einhell, Dremell og Bavaria. „Auk þess erum við með mikið úrval alls kyns fylgihluta fyrir þau rafmagnsverkfæri sem BYKO selur. Til dæmis sagarblöð, sandpappír, bora, slípiskífur og margt fleira. Þá erum við með góðar hirslur fyrir hvers kyns verkfæri. Til dæmis rekka fyrir verkfæri og verkfæratöskur af ýmsum gerðum. Sömuleiðis skrúfubox sem henta bæði fagmönnum og einstaklingum."



EINNIG TIL 9 MANNA
BEIN LEIÐ Í 40 ÁR
1975 | Bílabúð Benna | 2015
VIVARO
Opel Vivaro
1,6 dísel ECOFLEX notar aðeins 6,5l/100 km miðað við blandaðan akstur.
Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
Verð frá: 4.190.000 kr. með vsk.
OPEL VIVARO
TRYGGÐU ÞÉR ATVINNUBÍL FYRIR ÁRAMÓT!
Alvöru atvinnutæki á góðu verði!
Opel Vivaro er hagkvæmur í rekstri og fæst í fjölmörgum útfærslum sem hæfa þínum þörfum. Hann er þægilegur í umgengni og fer vel með bílstjórann og varninginn. Opel Vivaro er sannkallaður vinnuþjarkur sem getur ekki beðið eftir að komast í vinnuna!
Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár
Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.
Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ
OPEL
Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara



Hjörtur Pálmi Jónsson, framkvæmdastjóri Iðnvéla, innan um gæðavélar sem eru til sölu í verslun Iðnvéla á Smiðjuvegi 44-46. MYND/GVA

# Frábærar jólagjafir fyrir laghenta

Hvað er hægt að gefa þeim sem eiga flest eða allt? Ef viðkomandi er laghentur, stendur í framkvæmdum eða sinnir áhugamálinu í bílskúrnum gætu verkfæri eða sérhæfður vinnufatnaður verið valkostur.

„Iðnvélar ehf. hafa um 40 ára skeið verið eitt stærsta fyrirtækið í innflutningi, sölu og þjónustu nýrra véla og tækja til iðnaðar og fleiri atvinnugreina. Auk véla og verkfæra býður fyrirtækið alls kyns rekstrarvörur fyrir járn- og tréiðnaðinn í landinu,“ segir Hjörtur Pálmi Jónsson, framkvæmdastjóri Iðnvéla.

### Aukið vöruúrval

Verslun Iðnvéla á Smiðjuvegi 44-46 hefur tekið miklum breytingum á undanförnum mánuðum að sögn Hjartar. „Vöruúrvalið hefur verið aukið og verslunarrýmið stækkað til muna. Einnig er nú rúmgott sýningarrými fyrir stærri vélar,“ segir hann.

### BETA handverkfæri, vinnufatnaður og vinnuskór

Á haustdögum tóku Iðnvélar við umboði fyrir hin heimsþekktu ítölsku Beta-verkfæri. „Fagfólk í handverki þekkir vörurnar frá Beta enda hafa þær getið sér orð fyrir gæði og endingu jafnt hérlendis sem erlendis. Beta hefur frá árinu 1938 framleitt handverkfæri sem uppfylla þarfir fagfólks með rómaða ítalska hönnun og gæðaframleiðslu að leiðarljósi,“ segir Hjörtur. Beta-verkfærin eru framleidd í þremur ítölskum verksmiðjum. Fyrirtækið er fjölskyldufyrirtæki og er nú í eigu þriðju kynslóðar upphaflega stofnandans. „Hluti af þróunarstarfi Beta felst í samstarfi við leiðandi keppnislið í Formúlu 1 og MotoGP og hefur Beta safnað mikilli þekkingu á því sem atvinnumenn þurfa og vilja.“ En Beta framleiðir ekki eingöngu verkfæri, eins og sjá má í verslun Iðnvéla, því vinnufatnaður og -skór eru áberandi líka. „Því er svo farið að segja má að Beta-fatnaðurinn sé í raun tískufatnaður fyrir iðnaðarfólk þótt áherslan liggi sannarlega í praktík og þægindum,“ segir Hjörtur, en greinilegt er að ítalska hönnunin setur svip sinn á fatalínurnar og skóna jafnt sem verkfærin. Appelsínugulur litur einkennir Betaverkfærin og nýta fatahönnuðirnir þann lit með penum en smekklegum hætti í útlitshönnuninni.

Verðlagið hjá Iðnvélum á Betaverkfærunum er verulega hagkvæmt miðað við gæðin, og verðið á skóm og fatnaði kemur einnig skemmtilega á óvart.

### Góðar gjafir

Þeir sem þurfa að kaupa jólagjafir fyrir starfsfólk fyrirtækja, laghenta vini, ættingja eða bara sjálfa sig ættu að leggja leið sína á Smiðjuveginn eða á vefsíðuna www.idnvelar.is þar sem meðal annars er hægt að skoða jólagjafabækling Iðnvéla.



Nánari upplýsingar má finna á www.idnvelar.is.



„Fagfólk í handverki þekkir vörurnar frá Beta enda hafa þær getið sér orð fyrir gæði og endingu jafnt hérlendis sem erlendis,“ segir Hjörtur.




Beta framleiðir ekki eingöngu verkfæri, eins og sjá má í verslun Iðnvéla, því vinnufatnaður og -skór eru áberandi líka.

## JAPANSKAR SAGIR ERU ÆÐI SÉRSTAKAR

Til eru sagir af öllum stærðum og gerðum. Japanskar sagir eru ólíkar þeim sem flestir á Vesturlöndum þekkja, blöð þeirra eru sérstaklega þunn svo auðvelt og árangursríkt er að saga með þeim. Einnig saga þær þegar togað er í þær, ólíkt þeim vestrænu, sem saga þegar ýtt er á þær. Mörgum finnst það eðlilegri aðferð við að byrja skurðinn.
Dozuki-sögin hefur mjög stíft blað þannig að sérstaklega gott er að nota hana við nákvæmnisvinnu. Um leið takmarkar stíft blaðið dýpt skurðarins. Blað dozuki-sagarinnar er það þynnsta af öllum japönsku sögunum og eru tennur sagarinnar auk þess mjög þéttar. Því þarf minni kraft við skurðinn og hann verður nákvæmari. Einnig tekur minni tíma að saga með henni af þessum sökum.
Ryoba-sögin hefur yfirleitt tvær mismunandi gerðir af tönnum á sitthvorri hliðinni, aðra fínni og hina grófari. Eins og á dozuki-söginni eru tennurnar þéttar og því verður skurðurinn nákvæmari og auðveldari. Á þeirri hlið ryoba-sagarinnar sem hefur fínni tennur eru tennurnar minni á nærenda sagarinnar en fara svo stækkandi að fjærendanum til að auðvelda sögunina enn frekar.
Fleiri japanskar sagir, sem allar hafa mismunandi eiginleika, eru til og nefna má azebiki-sög, katabasög og kugihiki-sög.




SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
Laugavegur 55, sími 551 1040
Opnunartímar
mánud.-föstud 10 – 18
Laugard. 10 – 17
sunnud. 12 – 16
Opið til 22 fim -laug.
Smart Boutique
Laugavegur 55 • www.smartboutique.is
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
120 litir og 150 tegundir af leðurhönskum enginn er með meira úrval en við.
Fallegar jólagjafir á góðu verði
Refaskott og hanskar að eigin vali
Tilboð. 12.490 kr.
Stutt skott og hanskar. Tilboð. 9.900 kr.
Margir nýir litir í boði.
Herratrefill og leðurhanskar hlý og góð gjöf sem klikkar aldrei. Jólatilboð. 5.490 kr.
Margir litir í boði.
Kanínuhúfa og leðurhanskar
Jólatilboð 15.900 kr.
Hvítar, svartar, gráar og brúnar húfur í 5 stærðum
Pasmina eða hringtrefill og leðurhanskar í stíl Jólatilboð 4.950 kr.
Yfir 100 tegundir af leður seðlaveskjum
verð frá 3.900 kr.
120 litir af leðurhönskum verð frá
Aðeins 3.450 kr.
parið
Leður og sauðskinns lúffur.
Barna frá 1.990 kr.
Dömu /herra frá 3.900 kr.
Herra leðurhanskar
nýir litir frá 3.890 kr.


Vetrardagar
20% afsláttar af öllum fatnaði.
Fallegur og vandaður fatnaður,
tilvalin í jólapakkan.
Verið velkomnar.
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770
Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



**OFT Í SVÖRTU** „Ég er gjörn á að klæðast svörtu þó ég reyni að poppa upp svarta litinn með einhverju litríku," segir Sunna sem er nýfarin að hanna föt. MYND/GVA

# BLANDA AF HIPPA, SKVÍSU OG KÓSÍSTÍL

**SPURT & SVARAÐ** *Svört hermannastígvél eru bestu kaup Sunnu Ólafsdóttur en appelsínugulur kjóll þau verstu. Hana langar í Rússahúfu fyrir veturinn.*

Sunna Ólafsdóttir félagsráðgjafi segist vera löngu hætt að elta tískustrauma en leggur fremur áherslu á að skapa sinn eigin stíl. Hún fór að hanna skart fyrir tveimur árum þegar hún var í námi og var það hennar leið til að slaka á. „Ég eignaðist saumavél fyrr á árinu og þegar ég loksins þorði að snerta hana þá hef ég eiginlega ekki getað stoppað. Mér finnst þetta alveg fáránlega gaman og fæ þarna útrás fyrir sköpunarkraftinn." Hönnun Sunnu má sá sjá á Facebook-síðunni SUNNU.



**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Um þessar mundir klæðist ég mikið í vestum yfir allt sem ég er að hanna og búa til en þau eru stór og djúsí. Annars klæði ég mig yfirleitt eftir skapi en ekki eftir veðri.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Mjög mismunandi, en svartur kjóll og litríkt hippaskart finnst mér geta bæði verið hversdags og spari. Annars á ég nokkra glimmerjakka sem ég nota extra spari.

**Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum?** Svartur kjóll frá Volcano, Júniformkápan mín og svört leðurstígvel. Reyndar er ég líka með æði fyrir Ugg silfurbomsunum mínum núna.

**Hvað veitir þér mestan innblástur?** Lífið.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég starfaði sem flugfreyja hjá Icelandair til margra ára og þá verslaði ég nær eingöngu erlendis en ég hætti í fluginu fyrir rúmum tveimur árum og síðan hef ég að mestu verslað hér heima. Ég hugsa að ég hafi verslað mest hjá Farmers Market, Evuklæðum og Júniform.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ég elska hippablómaskóna mína frá Bossanova.

**Bestu kaupin?** Svört hermannastígvél sem ég keypti í GS skóm fyrir mörgum árum hafa staðist vel tímans tönn. Mér finnst þau alltaf jafn töff og passa við allt. Hef farið nokkrum sinnum með þau til skósmiðs til að láta sóla þau og ég á eflaust aldrei eftir að tíma að henda þeim.

**Verstu kaupin?** Það hlýtur að vera appelsínuguli kjóllinn sem ég brölti með heim frá San Francisco eitt sumarið. Mér fannst hann ómótstæðilegur þegar ég mátaði hann en þegar heim var komið leit ég út eins og einn af meðlimum Hare Krishna í honum. Sá appelsínuguli fór því beina leið í Rauðakrossgám. Ég hef einstaka sinnum keypt mér skó sem bara er hægt að sitja í sökum óeðlilegrar hælastærðar en vonandi er ég komin yfir það, frekar ópraktískt.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir veturinn?** Mig langar í risastóra Rússahúfu, helst silfurref.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Ég nota gróft skart og yfirleitt sem ég bý til sjálf úr náttúruperlum og steinum. Grófir silfurhringir finnst mér alltaf fallegir og er Brynjuhringurinn minn Embracing faith mikið notaður.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ég bara veit það ekki. Það er hellingur af flottum konum í kringum mig á öllum aldri en ég vil fyrst og fremst vera mín eigin fyrirmynd.





STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 31. desember*
3
FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í VETUR
Fáðu þér áskrift í
síma 1817 eða á 365.is
365
*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.


NÝTT
kortatímabil
TAKTU ÞÁTT Í GLÆSILEGU JÓLA-
HAPPDRÆTTI Í VERSLUNINNI!
Dregið verður út á Þorláksmessu - meðal vinninga eru:
- Hádegisverðahlaðborð á Haust Restaurant
- Gisting fyrir tvo hjá Fosshótel
- C3 samlokugrill og Sodastream frá Húsasmiðjunni
- Gjafakarfa frá Nóa Síríus
- Gjafabréf í Trimform Berglindar
- Veglegir vinningar frá Eirberg
- Gjafabréf frá Tískuhús Zik Zak
KJÓLAR, ÚLPUR OG
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ!
- Opið til kl 21:00 í dag
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 9.990kr st. 36-56
KJÓLL 5.990kr st. 36-56
Einnig til í svörtu!
Tilvalin jólagjöf!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
KJÓLL 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 5.990kr st. 36-56
KJÓLL 7.990kr st. 36-50
SKOKKUR ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 St. 36-48
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 5.990 St. 36-56
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 5.990 St. 36-56
SKOKKUR ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 St. 36-48
KJÓLL ÁÐUR 10.990 NÚ 5.990 St. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is
S. 567 2000



**FRÁBÆRT VERÐ !**
Ford Focus Trend 1600cc Diesel 06/2012 6 gíra verð nú 1990 þús !!!



**GOTT VERÐ !**
BMW X5 3.0 L 04/2003 ek 230 þ.km sjálfsk, hlaðinn búnaði ma leður, lúga ofl nyleg v-dekk Verð nú 1290 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



GMC Sierra denali 3500hd 35"dekk . Árgerð 2015, ekinn 3 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 14.900 Verð án vsk 12.000 Ein með öllu Rnr.115045.



FORD F350 platinum. Árgerð 2016, Nýr bíll Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.980.Verð á vsk 8.860. Rnr.114973.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar bílasala



Volvo v60 Buisness, 12/2013, módelár 2014, ek 57 þús km, sjsk, dísel, íslenskt leiðsögukerfi, vetrardekk, verð 4490 þús, er á staðnum, raðnr 151863.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Jeppar



**TOYOTA LANDCRUISER 120GX**
33" Árg. 4/2007, ek. 171 þús. 33" , dráttarbeysli, Webasto miðstöð. Gluggahlífar. Alltaf þjónustaður hjá Toyota. Skoða skipti ódýrara. Uppl. 869 1122

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á nægum svefni

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Lyftarar

BendPak. PROVIDING AUTOMOTIVE SERVICE SOLUTIONS



Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.
Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 517 5000
stalogstansar@stalogstansar.is

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Málarar

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

**MÚRVERK-FLOTUN-FLÍSALAGNIR**
Getum bætt við okkur verkefnum í múrverki. Flotanir, flísalagnir og annað múrverk.
**Ari Oddsson ehf. s:895-0383**
**arioddsson@arioddsson.is**
**Visa/Euro lán.**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun, heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

### Til sölu

V
CORBY
Buxnapressur
kr. 39.900.- m/sk



V
VERSLUNARTÆKNI
*Pöntunarsími: 535 1300*

Glóey www.gloey.is
Ármúli 19 • Sími 568 1620



Krossar á leiði
f.3xD rafhlöður
Hvítir
KR. 3.700.-

**VASAPÉSI PARTÝLJÓNSINS**
Ódýr viðbót í pakkann. Sendum heim. flokiforlag@internet.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
3ja ára ábyrgð



JS LJÓSASMIÐJAN VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

TAX FREE



~~49.990 kr~~
GORETEX JAKKI
40.317 kr
NITRO
Kirkjulundi 17 • Gbæ • 557 4848 • nitro.is



**AÐVENTUTILBOÐ !**
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KJÓLUM OG SKARTI. Gullkjóll á mynd 6.993,- m/afsl. Sítt hálsmen 2.093,- m/afsl. Svört peysa 6.990,- m/afsl. Tilboðin gilda til 12. des. Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18

100 bílar bílasala
EINA BÍLASALAN Í MOSFELLSBÆ
517 9999

**OPNUNARTÍMI**
MÁN - FÖST.
FRÁ KL. 10:00-18:00

LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11:00-15:00

**FRÁBÆRT VERÐ Á NISSAN LEAF**

**ALLIR BÍLAR Á STAÐNUM**



100% fjármögnun

**Nissan Leaf Tekna 9/2015, nýr bíll, óekinn, sólarsella, leðuráklæði, bakkmyndavél 360 gráður, 6,6 kw. hleðsla**

**Tilboðsverð 3.890 þús.**



100% fjármögnun

**Nissan Leaf Acenta Comfort, 2/2014, ek 9 þús km, hiti í fram og aftursætum, 16" álfelgur. bakkmyndavél, 6,6 kw. hleðsla. Verð 3.150 þús.**



100% fjármögnun

**Nissan Leaf Tekna, 7/2014, ek 9 þús km, leðuráklæði, sólarsella, bakkmyndavél 360 gráður, 6,6 kw. hleðsla, bose hljóðkerfi, módelár 2015. Verð 3.450 þús.**



100% fjármögnun

**Nissan Leaf Tekna, 9/2015, nýr bíll, óekinn, sólarsella, leðuráklæði, 5 stk til í þessum lit, bakkmyndavél 360 gráður, 6,6 kw. hleðsla, bose hljóðkerfi, Tilboðsverð 3.890 þús.**



100% fjármögnun

**Nissan Leaf Tekna, 6 /2014, ek 7 þús km, leðuráklæði, sólarsella, bakkmyndavél 360 gráður, 6,6 kw. hleðsla, bose hljóðkerfi, módelár 2015, Verð 3.450 þús.**

Þverholti 6 • 270 Mosfellsbær • Sími 517 9999 • 100bilar@100bilar.is • www100bilar.is

Von & Bjargir
Hjálparsamtök



Nytjamarkaðir
Grensásvegi 14, bakhúsi
og Norðurbrún 2

Opið virka daga 11-18
og laugardaga 11-17

Viltu gefa eitthvað? ...við sækjum
Símar 662 7222 og 587 6262
Vefverslun: vonogbjargir.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örýrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

WE-VIBE



We-Vibe 4 - unaðstæki ársins meðal para ár eftir ár
www.hush.is

**GEFÐ'ENNI GOTT Í SKÓIN**
Þú færð We-Vibe fyrir pör - vinsælasta unaðstæki í heiminum og allar flottustu vörurnar á www.hush.is Netgíró, greiðslukort og millifærsla

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Glæsilegir HRFI labrador hvolpar. Tilbúnir til 16. des 3 kvk. 6 kk. S. 8638550

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**
Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir litlu húsnæði undir mjög léttan iðnað ca. 10-20fm. Bílskúr með rafmagni gæti dugað, þarf ekki að vera merkilegt. Sv. 105+108. Bjarni s. 845 2510

## til sölu

**TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI**
**Til sölu við Smiðjuveg í Kópavogi. Mjög góður vélakostur, er í 270 fm björtu leiguhúsnæði. Gott verð.**

**Uppl. gefur Óskar í síma 773-4700**
**Fyrirtækjasala Íslands, www.atveignir.is**

Skemmtipakkinn
GJÖF TIL ÁSKRIFENDA
Áskrifendur fá tveggja mánaða áskrift að Tónlist.is og nýútkomna plötu Bubba Morthens, 18 konur.*
FRÁBÆR DAGSKRÁ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Þeir sem eru áskrifendur að Skemmtipakkanum eiga gott í vændum um hátíðarnar og öll fjölskyldan finnur sér þætti og kvikmyndir við hæfi. **Njóttu Skemmtipakkans í desember.**
*Gildir til 31. des. 2015 fyrir áskrifendur að völdum tilboðspökkum 365.
365.is | Sími 1817
365

# Þjónustuauglýsingar
Sími 512 5407

XPRENT - hönnun og merkingar
**LJÓSMYNDA- OG STRIGAPRENTUN**
*Hágæðaprentun með ljósmyndaendingu*
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

neato robotics
Neato Botvac D85 ryksuguvélmennið er skipulagðasta og 4x fljótari að fara yfir rýmið en önnur ryksuguvélmenni
Jólagjöf heimilisins 2015
facebook.com/neatorobot
www.neatorobot.is
Í heildverslun - verslun Helluhrauni 22 220 Hafnarfjörður 555-2585

EYJALIND
Yale People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Bílaþjónusta Bjarka
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Alla fimmtudaga og laugardaga**
arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir



**OPIÐ HÚS Í DAG**
**fimmtudaginn 10 des. kl.17:30-18:00**

# Andrésbrunnur 2

Góða 4ra - 5 herb íbúð á efstu hæð
Stæði í bílskúr sem þrír deila
Lyftuhúsi – tvær íbúðir á hæð
Þ.G. verktökum ehf. byggðu húsið
Afhending samkomulag

Verð: **39,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**TRÖLLAKÓR 8. GLÆSILEG 4RA + BÍLSKÝLI**
**OPIÐ HÚS Í DAG**




Glæsileg 111 fm 4ra herbergja íbúð á 4.hæð (efstu) í nýlegu lyftuhúsi ásamt góðu stæði í bílageymslu. Góður staður við Elliðárvatnið, fallegt útsýni. Sérinngangur af svalagangi (innsta íbúð). Vandaðar innréttingar, parket, þvottahús í íbúð. Rúmgóðar suðvestur svalir. 3 svefnherbergi. Rúmgóð sérgeymsla. Glæsileg eign á eftirsóttum stað. **Verð: 36,5 millj.**

**OPIÐ HÚS FIMMTUD. 10. DES. TVISVAR YFIR DAGINN.**
**KL. 12:15 – 12:45 OG 17:00 – 17:30.**

Ingólfur Gissurarson lögg. fast. sýnir
s: 896 5222.
Hafið samband ef tíminn hentar ekki.



**VALHÖLL**
FASTEIGNASALA

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Rjúpnahæð 13 – Garðabæ**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 18.00**




Afar vandað 242,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 4-5 svefnherbergjum og glæsilegum stofum á fallegum útsýnisstað. Gólfsíðir gluggar á stofum og eldhúsi efri hæðar og tvennar svalir. Húsið er klætt að utan með áli og gluggar í húsinu eru ál/tré. Lumex sá um að teikna lýsingu í húsið og er mikið lagt uppúr henni. Allir innveggir hússins eru hlaðnir. Innbyggður 38,3 fm. bílskúr með góðri lofthæð og gluggum. **Húsið skilast fullfrágengið að utan, en að innan skilast húsið tilbúið undir innréttingar, en þó verður ekki búið að sparsla og mála húsið að innan. Verið velkomin.**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

Óska eftir að ráða vananna beitningarmann. Beitt er í Kópavogi. Upplýsingar: gassi@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ERT ÞÚ DJÖRF KONA?**
Viltu skemmta þér í góðra vina hóp hjá Íslendingum.eu? Sláðu inn “djarfarkonur.eu”




**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr og frjálslyndur íslenskur samskiptavefur: “live” spjall, stefnumót, blogg,. o.fl. Líttu við!




**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Sævangur 38 - Hafnarfjörður – Einbýli**




**Opið hús fimmtud. 10. des frá kl 17:30 – 18:00**
Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt vel staðsett einbýlishús á hraunlóð í lítilli botnlangagötu við Sævang í Hafnarfirði. Húsið er skráð 260,6 fm en þar af er bílskúr 38 fm og rými í kjallara 76,6 fm. Góður bílskúr með mikilli lofthæð. Falleg hraunlóð með góðri verönd og hellulögðum bílastæðum, mikil veðursæld. Möguleiki á aukaíbúð í kjallara. Stutt í skóla og leikskóla. **Verð 62,5 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## tilkynningar

**AUGLÝSING**
**Um samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga á deiliskipulagi fyrir Nesbú á Vatnsleysuströnd.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 25. nóvember 2015 deiliskipulag fyrir Nesbú á Vatnsleysuströnd. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. október til og með 16. nóvember 2015. Athugasemdir bárust við tillöguna og hefur þeim sem gerðu athugasemdir verið send umsögn sveitarstjórnar. Tillagan var samþykkt óbreytt skv. auglýsingu. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

*Vogum, 10. desember 2015.*
*F.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# Capacent Ráðningar

Okkar markmið er að leiða saman einstaklinga og fyrirtæki svo úr verði árangursríkt og metnaðarfullt samstarf.

Við leggjum því ríka áherslu á að kynnast vel þörfum viðskiptavina okkar og umsækjenda. Við búum yfir sérfræðiþekkingu í ráðningum í opinberar stöður sem og í einkageirann auk þess sem boðið er upp á stjórnendaleit og ráðgjöf í tengslum við starfslok.

**Umsækjendur og atvinnurekendur**
**- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# JÓLASPRENGJA Í FLASH











40% afsláttur
af öllum vörum
AÐEINS í dag

Opið til kl 22





FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook

# Þúsund daga þjáningasaga Sturridge

Daniel Sturridge er aðeins 26 ára en þeir eru fáir sem eiga sér jafn langa og ítarlega meiðslasögu og þessi öflugi framherji. Atvikin eru orðin 35 talsins og fjarvistardagarnir nánast eitt þúsund. Hann meiddist enn og aftur um helgina en gæti snúið aftur um jólahátíðarnar.

**FÓTBOLTI** „Daniel verður að læra hvað er verkur og hvað er alvöru verkur.“ Þetta sagði Jürgen Klopp, stjóri Liverpool, í síðasta mánuði eftir að í ljós kom að endurkomu Daniels Sturridge yrði seinkað um nokkra daga. Sturridge hafði meiðst á fæti á æfingu og gat ekki spilað með Liverpool gegn Bordeaux í Evrópudeildinni þann 26. nóvember. Klopp hefur aðeins verið nokkrar vikur í starfi hjá félaginu en hefur nú upplifað þrenn mismunandi meiðsli hjá Sturridge.

En þremur dögum síðar spilaði hann sem varamaður í 1-0 sigri á Swansea. Öðrum þremur dögum síðar var hann í byrjunarliði Liverpool í fyrsta sinn í tæpa tvo mánuði og í fyrsta sinn undir stjórn Klopps er hann skoraði tvívegis í 6-1 bursti á Southampton í deildabikarnum.

Klopp kættist og stuðningsmennirnir með, sem eðlilegt er. Nú skyldi Sturridge loksins komast á almennilegan skrið og Liverpool-liðið fylgja með. Honum var hlíft gegn Newcastle um helgina, þar sem hann var varamaður, en eftir 62 markalausar mínútur ákvað Klopp að gera tvöfalda skiptingu á sínu liði og setja þá Sturridge og Roberto Firmino inn á.

Það gekk ekki upp. Newcastle vann, 2-0, og hafi það ekki verið nógu slæmt kom í ljós eftir leik að Sturridge meiddist enn einu sinni, nú aftan í læri. Í fyrstu var talið að hann yrði frá fram yfir áramót en samkvæmt nýjustu fregnum er stefnt að því að hann geti spilað með Liverpool þegar liðið mætir spútnikliði Leicester á öðrum degi jóla.

Sturridge er uppalinn hjá Manchester City og spilaði þar fyrstu þrjú ár atvinnumannsferils síns. Árið 2009 fór hann svo til Chelsea þar sem hann var í fjögur tímabil (þar af í hálft tímabil sem lánsmaður hjá Bolton) og skoraði þrettán mörk í 63 leikjum.

Þann 2. janúar 2013 keypti Liverpool Sturridge frá Chelsea fyrir um tólf milljónir punda. Ákveðið var að veðja á afar hæfileikaríkan 24 ára framherja sem hafði samt meiðst í sautján mismunandi skipti og verið frá í samtals 516 daga á sínum unga ferli. Sturridge byrjaði þó afar vel og þrátt fyrir að hafa meiðst í fimm mismunandi skipti missti hann aðeins af þrettán leikjum fyrsta eina og hálfa tímabilið sitt. Þá afrekaði hann að skora 31 deildarmark í 43 leikjum og myndaði með Luis Suarez skæðasta framherjapar enska boltans. Saman skoruðu þeir 52 mörk tímabilið 2013-14 og Liverpool var hársbreidd frá titlinum eins og frægt er.

Suarez fór eftir tímabilið og Sturridge hefur vart séð til sólar síðan. Meiðslin eru nú orðin 35 talsins og er því vonandi að Sturridge vilji hlífa sér, sama hvað Klopp segir?

eirikur@frettabladid.is

## 971 dagur á sjúkrabekknum

Sturridge hefur verið frá vegna meiðsla í nærri eitt þúsund daga. Hér eru meiðsli hans flokkuð eftir líkamshluta, mánuði sem hann meiðist í og hversu marga daga hann er frá.




Heimild: Telegraph og physioroom.com.





# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




**PHILIPS**

**Philips 55PUS7170**
3D LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 800 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 bakljós. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi 2x2. Wifi Miracast. 2 stafrænir DVB-C/T2/S2 móttakarar. Gervihnattamóttakari. 3 x USB. 4 HDMI. MyRemote Apple / Android app. Easy 3D - 4 gleraugu fylgja.

PixelPrecise ULTRA HD · Natural MOTION · MICRO DIMMING PRO · 800Hz PERFECT MOTION RATE · TwinTuner · Google play · ambi light 3 · ULTRA HD

**PHILIPS HUE LJÓSAPERUSETT FYLGIR!**

**JÓLATILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ 299.995




**Philips 55PUT6400**
55" Ultra HD LED sjónvarp með 4K 3840 x 2160 upplausn. Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 700 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Dual Core örgjörvi. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-T2/S2 og gervihnattamóttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

PixelPlus ULTRA HD · Natural MOTION · MICRO DIMMING · DualCore · 700Hz · Spotify · Google play · ULTRA HD

**JÓLATILBOÐ**
**189.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Philips 55PUS7150**
3D Android HD LED Smart sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn. 800 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 baklјós. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/T2/S2 og gervihnattamóttakari. 3 x USB og 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android App og 4 x Easy 3D gleraugu fylgja.

ambi light 3 · PixelPrecise ULTRA HD · Natural MOTION · MICRO DIMMING PRO · 800Hz PERFECT MOTION RATE · VISIBLE Sound · Google play · ULTRA HD

**JÓLATILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ 299.995




**Philips PUS7600**
3D LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro baklýsing. 1400 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 baklјós. Android 5.0. Wi-Fi 2x2. Miracast. 2 stafrænir DVB-C/T2/S2 móttakarar. Gervihnattamóttakari. 3 x USB. 4 x HDMI. USB upptaka. MyRemote Apple / Android app. 3D Max - 2 gleraugu fylgja.

ambi light 3 · PixelPrecise ULTRA HD · Natural MOTION · MICRO DIMMING PRO · 1400Hz PERFECT MOTION RATE · QuadCore · Google play · ULTRA HD

**JÓLATILBOÐ**
**319.995**
FULLT VERÐ 349.995

**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR**

**Heimilistæki** ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**198** kr. kg

**Bökunarkartöflur**
Í lausu, Bretland




**2.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambaprime**
Ferskt




**2.998** kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk

**Ný uppskera beint frá Spáni**



**229** kr. kg

**Appelsínur**
Beint frá Spáni

**Ný uppskera 2,3 kg**



**749** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
2,3 kg

**FERSKIR MEÐ FLUGI**



**259** kr. 250 g

**Sveppir**
250 g, Holland




**95** kr. 0,5 l

**Víking Malt**
500 ml




**95** kr. 0,5 l

**Víking Hátíðarblanda**
500 ml




**698** kr. pk

**Coke kippa**
4x1,5 l

**GÓÐ TVENNA!**




**198** kr. saman

**Coke og Prince**
250 ml og 50 g

**10** metrar



**298** kr. 10 m

**Jólapappír**
70 cm breidd, 10 m



**198** kr. 2 stk.

**Útikerti**
2 stk.




**1.598** kr. 900 g

**Mackintosh Konfekt,** 900 g

VALITOR

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **13. desember** a.m.k.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FRAMLEIDDUR AF Ali




**1.279** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini

EINNIG TIL
**Rjúpnabringur, 4 stk.**
Frosnar, 345 g, Bretland
**1.259** kr. 4 stk.



**798** kr. stk.

**Rjúpa**
Frosin, 350-450 g, Bretland

VINSÆLASTI HAMBORGARHRYGGURINN Í BÓNUS KEMUR FRÁ ALI




**1.579** kr. kg

**Ali Hamborgarhryggur**
Með beini

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS!

NORÐLENSKT HANGIKJÖT




**1.998** kr. kg

**Fjalla Hangiframpartur**
Úrbeinaður




**2.498** kr. kg

**Fjalla Hangilæri**
Úrbeinað

VINSÆLASTA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS KEMUR FRÁ KJARNAFÆÐI

KJARNAFÆÐI




**2.098** kr. kg

**Kjarnafæði Hangiframpartur**
Kofareyktur, úrbeinaður




**2.798** kr. kg

**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, úrbeinað

ÍSLENSKUR LAX




**2.598** kr. kg

**Norðanfiskur**
Reyktur eða grafinn lax




**2.198** kr. kg

**Kalkúnabringa**
Frosin, 98% kjöt, Þýskaland

Aðeins **1.124** kr. kg



**2.698** kr. 2,4 kg

**Pekingönd,** 2,4 kg
Frosin, heil, Þýskaland

SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT




**6.998** kr. kg

**Krónhjartarfillet**
Frosið, Bretland

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir afi og langafi,

**Sigurður Ívar Sigurðsson**

vélfræðingur,
Skipalóni 12,

lést á Sólvangi 22. nóvember.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 11. desember kl. 13.00.

**Guðrún Emilsdóttir**
**Guðfinna Guðmundsdóttir** **Björn Bárðarson**
**Emil Lárus Sigurðsson** **Ellý Erlingsdóttir**
**Kristján Sigurðsson** **Berta Faber**
**barnabörn og langafabarn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Ása Gústafsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Reykjanesbæ, þann 29. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum vináttu og hlýhug í okkar garð. Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilanna Garðvangs og Hrafnistu.

**Eðvarð Felixson**
**Eðvarð Þór Eðvarðsson** **Anna Lilja Lárusdóttir**
**Rúnar Ingi, Ólöf Edda og Eðvarð Már**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Hjördísar Halldórsdóttur**

Bólstaðarhlíð 45.

**Steinunn Björnsdóttir**
**Eiríkur Björnsson** **Matthildur B. Stefánsdóttir**
**Birgir Björnsson** **Björk Alfreðsdóttir**
**Anna Björnsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Björgvins Þorvaldssonar**

Greniteigi 2, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir góða umönnun.

**Kristján Björgvinsson** **Elínborg Sigurðardóttir**
**Sigrún Björgvinsdóttir** **Smári Friðriksson**
**Björgvin Björgvinsson**
**Linda Rós Björgvinsdóttir** **Benedikt Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Þorvar Jónasson**

kaupmaður og matreiðslumaður,
Samtúni 4, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans 6. desember.
Útför hans fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 15. desember kl. 13.00.

**Sigrún Sigvaldadóttir**
**Margrét Rún Guðmundsdóttir**
**Anton Þ. Guðmundsson** **Ester Sigurbergsdóttir**
**Þorvar Bjarmi Harðarson** **Bjarki Oddsteinsson**
**Eyþór Antonsson** **Sara Rún Antonsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.



**„Gjöfin nær til alls landsins og hefur áhrif til framtíðar," segir Guðný Dóra, forstöðumaður Gljúfrasteins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Gjöf til barna landsins

**Í tilefni af 60 ára afmæli Nóbelsverðlauna Halldórs Laxness verður úrval texta skáldsins formlega afhent í Varmárskóla í Mosfellsbæ í dag með viðhöfn.**

„Við ætlum að gefa hefti með völdum textum úr mörgum bókum Halldórs Kiljan sem eiga að höfða til barna og henta til flutnings. Það er gert í tilefni þess að í dag eru 60 ár frá því hann veitti Nóbelsverðlaunum viðtöku," segir Guðný Dóra Gestsdóttir, forstöðumaður Gljúfrasteins, sem stendur fyrir viðburði í Varmárskóla í Mosfellsbæ í dag klukkan 13, ásamt Röddum, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn. Þar mun Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambandsins, afhenda gjöfina formlega og krakkarnir í skólanum leika og syngja.

Baldur Sigurðsson, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands, valdi efnið upphaflega árið 2002, ásamt Ingibjörgu Einarsdóttur, að sögn Guðnýjar Dóru. Nú yfirfór hann það og gaf því nafnið Þegar lífið knýr dyra – um börn á þröskuldi fullorðinsára í verkum Halldórs Laxness. Heftið er upp á 60 síður í PDF-formi og Guðný Dóra kveðst senda það í tölvupósti í alla skóla landsins. „Það er gaman fyrir okkur á Gljúfrasteini að vita til þess að nú getum við náð til allra barna á landinu og haft áhrif til framtíðar," segir hún og tekur fram að efnið sé aðgengilegt á heimasíðu safnsins. **gun@frettabladid.is**

### Úr heftinu
### Þegar lífið knýr dyra

Ætli lóan mundi þekkja aftur íslenskan dreng eða íslenska stúlku ef þau færu út í heim að leita hennar og fyndu hana í staðnum þar sem hún á heima þegar hún er ekki hjá okkur? Við vitum það ekki. Kanski. Það hefur ekki verið reynt. En ég held það nú samt.

*(Gjörningabók. Lóan, 1958)*



Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Örlygs Ívarssonar**

tæknifræðings, Kvistagerði 6, Akureyri.

**Bryndís Þorvaldsdóttir**
**Ormarr Örlygsson** **Valgerður Vilhelmsdóttir**
**Þorvaldur Örlygsson** **Ólöf Mjöll Ellertsdóttir**
**Harpa María Örlygsdóttir** **Andri Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Björns Magnússonar**

vélfræðings,

fer fram mánudaginn 14. desember frá Digraneskirkju kl. 13.00.

**Astrid Sigrún Kaaber**
**Heiðrún Björnsdóttir**
**Magnús Björn Björnsson** **Guðrún D. Guðmannsdóttir**
**Ragnar H. Björnsson** **Mona Janz Björnsson**
**Sigrún Birna Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Logi Sævar Jóhannsson**

Suðurgötu 38, Akranesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, 2. desember. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Jóhanna M. Vestmann**
**Gísli Gíslason** **Guðný Ruth Þorfinnsdóttir**
**Einar Gíslason**
**Jóhann Gíslason**
**Sólrún K. Kristinsdóttir** **Aðalbjörn Kristinsson**
**Laufey Logadóttir**
**og afabörn.**



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Viktorsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli aðfaranótt laugardagsins 5. desember. Jarðarför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 15. desember kl. 13.00.

**Halldór Úlfarsson** **Fríða Rögnvaldsdóttir**
**Þóra Úlfarsdóttir** **Ásgeir Magnússon**
**Ásdís Halldórsdóttir** **Guðmundur Finnbogason**
**Úlfar Þór Halldórsson** **Arna Dögg Gunnlaugsdóttir**
**Magnús Ásgeirsson**
**Þóra Björg Ásgeirsdóttir**
**Erla Ásgeirsdóttir**
**og barnabörn.**

Markhönnun ehf

netto

NÝTT
KORTATÍMABIL

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÆKURNAR Í NETTÓ




AÐEINS 4.549 KR




VERÐ: 3.899 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 5.694 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 2.924 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 3.249 KR




VERÐ: 1.741 KR

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 10. – 13. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag er útlit fyrir norðanátt og með éljum eða snjómuggu á norðanverðu landinu, en bjartviðri syðra. Fremur kalt í veðri.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -3° | -4° |
| ← 5 | ← 4 | ↘ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -1° | -9° |
| ↓ 9 | ↓ 6 | ↓ 5 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -3° | -3° | -10° |
| ↙ 5 | ↗ 8 | → 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | 0° | -11° |
| ↑ 3 | ↙ 5 | ↘ 3 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hugga
6. íþróttafélag
8. veitt eftirför
9. stilla
11. snæddi
12. huldumaður
14. ársgamall
16. skóli
17. skel
18. for
20. gangþófi
21. þjappaði

**LÓÐRÉTT**
1. skrifa
3. tveir eins
4. slægð
5. sigað
7. stilltur
10. ái
13. kvk. nafn
15. svall
16. ílát
19. holskrúfa



**LÁRÉTT:** 2. sefa, 6. kr, 8. elt, 9. róa, 11. át, 12. álfur, 14. einær, 16. fg, 17. aða, 18. aur, 20. il, 21. tróð.
**LÓÐRÉTT:** 1. skrá, 3. ee, 4. fláræði, 5. att, 7. rólegur, 10. afi, 13. una, 15. rall, 16. fat, 19. ró.

### Skák Gunnar Björnsson



Helgi Áss Grétarsson (2.450) átti leik gegn Gunnari Frey Rúnarssyni (2.019) á Íslandsmóti skákfélaga sl. haust.

**Hvítur á leik**

**19. e5!** Hvítur vinnur nú mann því 19... dxe5 er svarað með 20. Rxf6+ Bxf6 21. Dxd7 Hxd7 22. Hxd7. Svartur reyndi **19. ... Rxg4 20. fxg4 Bxe5 21. Rcb4** en hvítur vann skákina örugglega nokkru síðar.

**www.skak.is:** Jóhann skákmeistari Garðabæjar.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | | | 6 | 7 | |
| 3 | 4 | 5 | | 7 | | | 9 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 1 | | |
| 4 | 2 | | 1 | | 5 | | | |
| 5 | | 7 | | | | 3 | | |
| | | | | 8 | | | | 4 |
| 1 | | | 4 | 3 | | 7 | 5 | |
| 7 | | 4 | | | 8 | 2 | 1 | |
| | | | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 4 | | | 8 | 6 | |
| 4 | | 2 | 9 | | 8 | | 3 | |
| | 8 | | | | 7 | | | |
| | | 1 | 6 | | | | 5 | |
| 5 | 4 | | | | 9 | | | |
| | | | | 1 | | | 7 | 6 |
| | 6 | | 3 | 9 | | 5 | | |
| | | | | 2 | | | 9 | |
| | | 3 | | | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | 9 | | | |
| | | 8 | 4 | 6 | | | | |
| | 7 | | 2 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | 8 | | 1 |
| 8 | | 5 | | | | 7 | 4 | |
| 2 | | | | 1 | | 3 | | |
| 9 | | | 7 | | | | | 8 |
| 5 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | | 3 | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 8 | 3 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 9 | 6 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 1 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 1 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 | 7 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 1 | 8 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 8 | 2 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 3 |
| 4 | 7 | 3 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 9 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 7 | 4 | 1 | 9 | 6 | 2 | 5 |
| 1 | 4 | 6 | 5 | 3 | 2 | 9 | 8 | 7 |
| 2 | 5 | 9 | 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 8 | 1 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 5 |
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 9 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 9 | 3 | 4 |
| 3 | 8 | 7 | 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 |
| 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 | 4 | 8 |
| 5 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 2 | 8 | 5 | 6 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SNJALLAR JÓLAGJAFIR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM JÓLALEGUM VÖRUM;)
UPPLIFÐU! 360°
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF 360° 3D VR LEIKJUM, TÓNLISTARMYNDBÖNDUM, KVIKMYNDUM, OFL. OFL.
FREEFLY VR
VR-3D
FREEFLY
VR SÝNDARVERULEIKAGLERAUGU
Upplifðu nýja heima með sýndarveruleikagleraugunum frá Freefly. Ógrynni af spennandi efni fyrir Android, Windows og Apple snjallsíma.
• Hágæða VR sýndarveruleikagleraugu
• Dúnmjúkur andlitspúði úr Faux-leðri
• 120° sjónarsvið veitir bestu upplifunina
• Víðar 42mm linsur með þokuvörn
• Hágæða taska og linsuklútur fylgja
• Fyrir nær alla 4.7" - 6.1" snjallsíma
• Auðvelt að koma símanum fyrir og stilla af
• Fislétt hönnun, aðeins 295 grömm
• Bluetooth fjarstýring fyrir helstu aðgerðir
19.900
KOMDU AÐ PRUFA:)
TRUST GAMING
GXT363
7.1 LEIKJAHEYRNARTÓL
• Frábær 7.1 leikjaheyrnartól með Mic
• Nötrandi bassi fyrir leikina og tónlistina
• Öflugur 50mm vibration búnaður
• Kristaltær hljómur og vandaður Mic
• Allar stillingar á upplýstri fjarstýringu
• Öflugur hugbúnaður með stillingum fylgir
• LED blá lýsing á hliðum og Mic
14.900
POTTÞÉTT Í LEIKINA!
JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 29.900
Bluetooth
THONET & VANDER
KÜRBISBT
HÁGÆÐA 2.0 HLJÓÐKERFI
• Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
• 60W RMS og 50Hz - 20kHz tíðnissvið
• Öflug 5.25" Aramid Fiber bassakeila
• Hárnákvæmur 1" tweeter úr 100% silki
• Jafn og góður hljómur yfir allt tíðnissviðið
• Drone FX tæknin skilar kristaltærum hljóm
• Hammer Bass tækni fyrir meiri bassa
• BT 4.0, Stereo RCA og Jack tengi
• Tengist þráðlaust við síma og fleiri tæki
24.900
Á TILBOÐI TIL JÓLA:)
10. Desember 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
MEST SELDA LEIKJALYKLABORÐIÐ OKKAR
FORCE K7 STEALTH GAMING KEYBOARD
FORCEK7
OFUR ÖFLUGT LEIKJALYKLABORÐ
• Ný kynslóð Membrane leikjalyklaborða
• LED baklýst lyklaborð með ljósrofa
• Ábrennt og upplýst íslenskt letur
• Dynamic stillir fyrir hljóðstyrk og baklýsingu
• Anti-Ghosting tækni á leikjatökkum
• Hot-link flýtihnappar fyrir helstu aðgerðir
• Scissor-Key tækni veitir minna viðnám
• Þéttvafin snúra og gullhúðað USB tengi
9.990
ÞRÁÐLAUST AÐEINS 12.900
NÝTT VAR AÐ LENDA
RGB LED ENDALAUST LITAVAL Á MILLI PRÓFÍLA
TRUST GAMING
GXT158
LÚXUS LEIKJAMÚS!
• Hárnákvæmur 5000 dpi laser skynjari
• 8 forritanlegir takkar fyrir allar aðstæður
• Innbyggt minni fyrir leikina og Macros
• Öflugur gaming hugbúnaður fylgir
• Margstillanlegur litur á LED ljósi
• Gúmmíhúðuð fyrir besta mögulega gripið
• 1.7 metra ofin USB anti-tangle snúra
9.990
VÖNDUÐ OG FALLEG MÚS!
BenQ
TRUE BLACK VALED
TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN
TENGDU ALLT
2x HDMI TENGI;)
BenQ
GW2870H
28"VALED
FLICKER-FREE SKJÁR!
Stórglæsilegur VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri True Black tækni sem er algjör bylting í myndgæðum og skerpu. Á ótrúlegu kynningarverði til jóla!
• 28" VA LED Full HD 1920x1080 16:9
• 20 milljón:1 DCR og flicker-free tækni
• 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
• 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
• Aukin myndgæði með True Black tækni
• 2xHDMI HDCP, VGA og 3.5mm jack
• Low Blue Light heilsubætandi tækni
• Ótrúlega falleg hönnun á traustum skjá
49.900
22" 24.900 | 24" 29.900
LENOVO IDEAPAD
FRÁBÆR VÉL MEÐ DUAL CORE ÖRGJÖRVA OG 500GB DISK OG GEGGJUÐU DOLBY 2.0 HOME THEATRE HLJÓÐKERFI!
80MJ00C9MT
69.900
Lenovo
DOLBY 4.0
15.6" IDEAPAD 100
P743 KIDS
14.900
SILICON BUMPER VARNARHLÍF
ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA
Mali 3D GRAPHICS
FYRIR KRAKKANA:)
GOOGLE CHROMECAST 2
Breyttu sjónvarpinu í snjallsjónvarp með Chromecast 2, þú stjórnar snjallsjónvarpinu þínu með hvaða snjalltæki sem er :)
2nd GEN
6.990
Google
CHROMECAST 2
Verð frá:
990
USB GLINGUR
* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*
acer Lenovo hp KOSS BenQ THONET & VANDER state.of.the.art.sound Microsoft intel Security

# GÓÐ BÓK, BETRI JÓL




**Óvættaför 21 - Rashúk**
Tilboðsverð: 2.699.-
Verð áður: 3.099.-




**Óvættaför 20 - Ekvínus**
Tilboðsverð: 2.699.-
Verð áður: 3.099.-




**Seiðfólkið 4 - Fólkið sem hvarf**
Tilboðsverð: 2.999.-
Verð áður: 3.699.-




**15 svakalegir sjóræningjar**
Tilboðsverð: 2.699.-
Verð áður: 3.299.-




**Leyniturninn á Skuggaskeri**
Tilboðsverð: 3.999.-
Verð áður: 4.299.-




**Draugastrákurinn dapri**
Tilboðsverð: 2.499.-
Verð áður: 2.999.-




**Grimmi tannlæknirinn**
Tilboðsverð: 3.599.-
Verð áður: 4.499.-




**Fótbolti - Bestu karlarnir**
Tilboðsverð: 2.499.-
Verð áður: 2.999.-




**Jólin koma**
Verð: 1.399.-




**Sólbjört Valentína um frumskógarfugla og konunglegar nærbuxur**
Tilboðsverð: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-




**Strákurinn í kjólnum**
Tilboðsverð: 3.599.-
Verð áður: 4.499.-




**30 frægustu víkingarnir**
Tilboðsverð: 2.699.-
Verð áður: 3.299.-



VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!






MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

# KERTI OG SERVÉTTUR MEÐ STÍL!




**Myndskreyttar servéttur**
**Vildarverð: 524.-** / Verð:699.-




**Myndskreytt kerti**
**Vildarverð: 1.147.-** / Verð: 1.529.-

## MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM GJAFAÖSKJUM!

VILDARVERÐ FRÁ:
**299.-**

Verð: 399.-




## GOTT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM GJAFAPOKUM!

VILDARVERÐ FRÁ:
**149.-**

Verð: 199.-





Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda frá 10. desember, til og með 14. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Fannst að ég gæti byrjað aftur að skrifa þessa bók

**Dagný Kristjánsdóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir Bókabörn – íslenskar barnabókamenntir verða til og hún segir þetta svið bókmenntanna sérstaklega áhugavert.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Barnabókmenntir eru sérstakt og áhugavert bókmenntasvið sem hefur í raun mikil áhrif á líf okkar og hugmyndaheim. Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, hefur rannsakað upphaf íslenskra barnabókmennta og er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir bókina Bókabörn, íslenskar barnabókmenntir verða til. Þar fjallar Dagný um tilurð íslenskra barnabókmennta og þá höfunda sem fyrstir skrifuðu um og fyrir íslensk börn, þá Jónas Hallgrímsson, Nonna, Sigurbjörn Sveinsson og Jóhann Magnús Bjarnason.



Dagný Kristjánsdóttir segir að góðar barnabækur séu líka fyrir fullorðna en það sé ekki hægt að snúa því við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Barnið verður til

Dagný segir að hvatinn að baki þessu verki hafi einfaldlega verið að hana hafi langað til þess að skrifa um upphaf íslenskra barnabóka. „Til þess að ná utan um þetta þá byrja ég á því að skrifa um upphaf barnsins, ef svo má að orði komast, því barnabækur gátu ekki orðið til fyrr en menn höfðu einhverja hugmynd um börn sem vitsmunaverur. Til að byrja með höfðu menn í raun ekki skýra hugmynd um sérstöðu barna. Við höfum öll verið börn en við munum það ekki því fullorðinsárin leggjast yfir bernskuna og ýta henni burt. Þess vegna hafa menn verið að búa til skilning á því hvað barn og bernska er í gegnum tíðina og sá skilningur er alltaf að breytast. Ef barnið er óskrifað blað getur það verið hvað sem er. Þannig hefur barnið til að mynda verið túlkað sem illt af því að það er fætt í synd, erfðasynd, og þá þarf að hreinsa það af henni. Eða það hefur verið upphafið í hæstu hæðir, engill og næst guði í sakleysi sínu. En andstæðurnar í því hvernig barnið hefur verið túlkað eru sögulegar og þær fylgja því alveg inn í nútíma barnabækur.“

### Líka fyrir fullorðna

Það er umhugsunarefni hvort þetta sé orsök þess að það sé sterkari mórölsk krafa á barnabókmenntir en aðrar bókmenntir. Dagný segir að óneitanlega sé vísifingurinn enn á lofti í sumum bókum fyrir minni börnin. „Ég hugsa að mjög margir sem skrifa fyrir börn séu meðvitaðir um að þeir séu að skrifa fyrir börn. Andri Snær Magnason kom einu sinni í tíma til okkar í barna- og unglingabókanámskeiði og var spurður að þessu. hann sagði að hann væri vissulega meðvitaður um að hann væri að skrifa fyrir börn og þar af leiðandi segði hann ekki hvað sem væri. Barnið er alltaf til staðar í barnabókinni sem innbyggður lesandi eða áheyrandi en hinn fullorðni er það líka því bækurnar eru skrifaðar af fullorðnum. Þetta er í raun flókið bókmenntasvið.

Þú getur sagt að góðar barnabækur séu líka fyrir fullorðna en þú getur ekki snúið því við. Það er hægt að vera svo mikill „barnavinur“ að segja að barnabækur séu ekki nógu góðar fyrir börn, þau séu svo klár að þau eigi bara að lesa fullorðinsbækur en það er bara rugl. Bestu barnabækurnar eru þannig að barnið þroskast með þeim, sér meira eftir því sem það eldist. Barnabækur eru sérstakt bókmenntasvið en ekki bókmenntagrein vegna þess að þetta er svið sem rúmar allar greinarnar nema reyndar ástarsögur. Ástarsögur fyrir börn er líklega eina tabúið sem eftir er í barnabókmenntum dagsins í dag.“

> **MÁLIÐ ER AÐ BARNABÆKUR ERU Í EÐLI SÍNU AFSKAPLEGA ALÞJÓÐLEGT BÓKMENNTASVIÐ. MÖRG ÍSLENSK BÖRN HALDA AÐ ASTRID LINDGREN HAFI VERIÐ ÍSLENSK OG BÖRN ERU EKKERT Í ÞVÍ AÐ GERA GREINARMUN Á ÞESSU.**

> **BÖRN BÚA HINS VEGAR ALLTAF AÐ ÞVÍ EF ÞAÐ ER LESIÐ FYRIR ÞAU OG ÞAÐ ER EKKI AÐEINS TUNGUMÁLSINS VEGNA HELDUR EINNIG VEGNA FRÁSAGNARINNAR SJÁLFRAR.**

### Alþjóðlegt bókmenntasvið

Dagný bendir á að ákveðinn tvískinnungur ríki gagnvart barnabókum og að hann skili sér líka til barnabókahöfunda. „Það er oft ástundað að segja að ef höfundur skrifar barnabók þá sé hann barnslegur. Og ef hann er barnslegur þá er hann saklaus og einfaldur eins og forsetinn segir að Íslendingar séu. Sá sem lítur niður á barnabókmenntir og höfunda þeirra er í raun aðeins að endurspegla viðhorf sitt til bernskunnar og segir mögulega eitthvað um sjálfan sig í leiðinni. En í Bókabörnum er ég að skrifa um fyrstu fjóra íslensku barnabókahöfundana, þá Jónas Hallgrímsson, Nonna, Sigurbjörn Sveinsson og Vestur-Íslendinginn Jóhann Magnús Bjarnason. Þessir menn voru hvorki einfaldir né barnslegir, svo mikið er víst.“

Dagný segir að það sé þó ekki einhver íslensk sérstaða sem einkenni verk þessara höfunda. „Málið er að barnabækur eru í eðli sínu afskaplega alþjóðlegt bókmenntasvið. Mörg íslensk börn halda að Astrid Lindgren hafi verið íslensk og börn eru ekkert í því að gera greinarmun á þessu. Klassískar barnabækur hafa flætt yfir öll lönd. Fyrstu íslensku barnabækurnar voru líka strax ýmist íslenskar eða þýddar eða hvort tveggja.“

### Mótandi afl

Á undan barnabókunum komu barnaljóð og þulur í munnlegri hefð sem konur kváðu fyrir börnin. En fyrstu íslensku barnabókahöfundarnir voru karlmenn og Dagný segir að þeir hafi vissulega skrifað drengjasögur sem hafi verið leiðandi lengi vel. „Torfhildur Hólm skrifaði barnasögur og ævintýri undir lok nítjándu aldar en það eru unglingasögur og lítill munur á þeim og svona nýrómantískum sögum. Hún skrifaði tvö sagnasöfn og það er merkilegt að á meðan karlarnir reyndu að halda því á lofti að bækur þeirra væru ekki bara fyrir börn undirstrikaði Torfhildur að hún skrifaði bara fyrir börn en mér finnast sögur hennar meiri fullorðins- en barnabækur. Það er eins og þeir skammist sín svolítið fyrir að vera að skrifa fyrir börn en hún gerir það alls ekki.“

Bækur eru ákaflega mótandi afl, einkum á börn og ungmenni, og Dagný telur að fyrstu íslensku barnabókahöfundarnir hafi vissulega haft mikil áhrif á kynslóðirnar sem ólust upp við að lesa bækurnar þeirra. „Þessar bækur voru lesnar upp til agna. Nonnabækurnar voru t.d. mjög mikið lesnar en þær komu seinna til Íslands en Þýskalands, Danmerkur og út um allan heim. Þær voru þýddar á íslensku. En Sigurbjörn Sveinsson skrifaði beint fyrir íslensk sveitabörn og bækur hans voru mjög vinsælar. Þær eru einfaldari en bækur Nonna. Jóhann Magnús Bjarnason var afar athyglisverður. Þegar maður les Eirík Hansson getur maður ekki annað en hugsað um börn þeirra flóttamanna sem flýja lönd sín undan örbirgð og harðræði eins og tugþúsundir Íslendinga undir lok aldarinnar. Jóhann Magnús var Vestur-Íslendingur sem flutti til Kanada níu ára gamall og var fyrst í stað mállaus í framandi heimi og hann lýsir hrakningum þessara barna sem fóru í gegnum þetta. Söguhetjan Eiríkur Hansson verður vegalaus í nýju landi. Hann skrifaði dramatískar sögur. Hann bjó og starfaði í Kanada í sjötíu ár en hann skrifar engu að síður á íslensku. Hann var í enskumælandi landi en skrifar alla sína tíð bækur á máli sem samfélagið í kringum hann skildi ekki. Svona reyndi hann að bræða saman uppruna sinn og nýja landið. En í raun jaðarsetur hann sig á tvöfaldan hátt, bæði þar og hér.

Drengjabækur þessara höfunda höfðu margar hverjar feikileg mótunaráhrif á stráka og margar þessara bóka, t.d. bæði Nonnabækurnar og bækur Jóhanns Magnúsar, eru eftir höfunda sem bjuggu í útlöndum frá barnsaldri. En þeir eru alltaf að skrifa um þennan kjarna í persónuleikanum sem varð til hér heima og verk þeirra leita ákaflega sterkt heim. Nonni lifði alla tíð hálfur í þessum veruleika því hann hélt ógrynni fyrirlestra um allan heim um bernsku sína hér á Íslandi. Nonni er gríðarlega góður höfundur og það eru margar áhrifaríkar sögur sem koma til manns í kringum upphaf íslenskra barnabókmennta. Mér fannst ég gæti byrjað aftur að skrifa þessa bók þegar ég var búin að eyða í hana árum – það var svo margt sem hefði verið hægt að halda áfram með.“

### Börn búa að lestri

Þessi jólin er útgáfa íslenskra barnabóka með blómlegasta móti og Dagný segir að það sé gleðiefni hversu mikið af þessum bókum eru virkilega góðar bækur eftir stórgóða höfunda. Ekki veitir af nú þegar íslenskan á óneitanlega undir högg að sækja. „Lestur góðra bóka, yndislestur, er mikilvægur þáttur í því að styrkja tungumálið en það er auðvitað háð því að bókum sé haldið að börnum. Það skiptir öllu máli að foreldrar gefi sér tíma til þess að lesa fyrir börnin sín og ég óttast að það sé á undanhaldi, því miður. Börn búa hins vegar alltaf að því ef það er lesið fyrir þau og það er ekki aðeins tungumálsins vegna heldur einnig vegna frásagnarinnar sjálfrar. Það að læra að segja frá og koma frá sér sögu, merkingu og hugsun, framsetningu og samtölum – grunnurinn að öllu öðru eiginlega.“

# „Mögnuð frásagnargleði ...“

VALUR GRETTISSON / DV




„Ansi hreint **hressandi, krassandi og skemmtileg** heild ... Einar Már er hér í essinu sínu.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN

„... **lifandi, litrík** og skemmtileg frásögn af afskaplega áhugaverðu fólki.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Einar Már miðlar þessu efni af mikilli **frásagnargleði.**“

EGILL HELGASON / EYJAN.IS

„**Þetta er Einar í miklum ham!**“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Allt sem er í þessari bók er skemmtilegt **– þetta er eins og konfektkassi.**“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„... **skrautleg, eldfjörug og kostuleg saga** ...“

STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR / KVENNABLAÐIÐ



„Jörundur stígur fram af blaðsíðunni sem alveg **ljóslifandi og ævintýraleg persóna** ... Ótrúlega margir þræðir í þessari bók.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„... **undursamleg** og oft og tíðum **stórskemmtileg** ...“

JØRGEN JOHANSEN / BERLINGSKE TIDENDE

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Ég leyfi mér að fullyrða að þetta er skemmtileg bók

**Páll Valsson skrifaði Egils sögur – á meðan ég man, ásamt viðfangsefninu Agli Ólafssyni og hann segist hafa vitað að það blundaði rithöfundur í tónlistarmanninum. Þeir skiptust á sögum í þrjú ár.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




**Páll Valsson rithöfundur og meðhöfundur Egils Ólafssonar að Egils sögum hafði ákaflega gaman af ferlinu við að vinna þessa bók.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Páll Valsson, rithöfundur og ritstjóri, hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2000 fyrir ævisögu Jónasar Hallgrímssonar. Árið 2009 hlaut Páll mikið lof fyrir bók sína Vigdís – kona verður forseti og að auki liggur eftir Pál fjöldi þýðinga og ritstjórn fjölda fræðirita og skáldverka. En nú fyrir jólin kveður við léttan og skemmtilegan tón í verkum Páls sem hefur sett saman sögu Egils Ólafssonar, tónlistarmanns og leikara, sem nánast hvert íslenskt mannsbarn þekkir. Bókin kallast Egils sögur – á meðan ég man og þar fara þeir félagar yfir ævi og starf Egils í léttu máli og myndum.

Páll segir að hann hafi langað til þess að gera öðruvísi bók en hann hafi verið að fást við á síðustu árum. „Einhverja bók sem gæti verið ekki bara persónusaga heldur líka tíðarandasaga. Mig langaði líka til þess að kafa ofan í tónlistarsenuna á áttunda áratugnum sem var geysilega frjó og merkileg. Þegar maður fer að stúdera það þá verða fyrir manni hljómsveitir eins og Spilverk þjóðanna, Stuðmenn og Þursaflokkurinn og þær eiga allar einn samnefnara: Egil Ólafsson. Þegar bætist svo við að hann fer þarna inn í leikhúsin og er svo í annarri hverri bíómynd í íslenska kvikmyndavorinu, þá er ljóst að hann er ákveðinn lykilmaður í menningarlífi þessa tíma. En aðalatriðið er nú, sem ég hafði kynnst, að Egill er frábær sögumaður.

### Skipst á sögum í þrjú ár

Þannig að við settumst niður og byrjuðum að tala saman. Erum búnir að tala saman í tvö, þrjú ár og úr verður þessi bók. Pælingin er líka sú að um leið og við segjum sögu Egils þá erum við líka að segja sögu tíðarandans. Sögur Egils endurspegla svo hann sjálfan. Þannig að pælingin er að eftir lestur bókarinnar sitji lesandinn eftir með góða tilfinningu fyrir persónunni og stemningu fyrir tímanum. Þetta er svona mósaíkmynd af persónu og tíma.“

Páll segir að þessi bók sé ekki þannig að kafað sé djúpt í einkalífið. „Auðvitað er komið inn á einkalífið og togstreituna sem myndast milli þess og bransans og það eru þarna sögur af alls kyns dóti í kringum það. En það kemur líka fram hvað mikið hefur breyst í þjóðlífinu. Egill er alinn upp við gamlan skipstjóra á heimilinu, afa hans og alnafna, sem vakti hann alltaf klukkan 5.30 á morgnana með „Ræs“. Þannig að hann var alltaf vaknaður fyrir allar aldir og mætir hálf vankaður í skólann, þetta er tími sem er horfinn. Tónlistarsenan hefur að sama skapi breyst alveg gríðarlega frá því að hann er að byrja í bílskúrshljómsveit með hinum kornungu Glömpum, þá var einfaldlega allt annar mórall. En bókin er svo sannarlega ekki grafskrift, heldur portrett af listamanni sem hefur fengist við margt.

Og ég leyfi mér að fullyrða að þetta er skemmtileg bók. Það er stundum vanmetið. Húmorinn fleytir mönnum nefnilega oft í gegnum hremmingar. En auðvitað er líka þarna alvarlegri undirtónn og átök bæði í listalífinu og einkalífinu.“

### Góður sagnamaður

Páll segir að bókin sé þannig byggð upp að þeir félagar hafi orðið til skiptis. „Hann í fyrstu persónu og ég í þriðju. Ég tengi þetta svo og reyndi að finna jafnvægi í frásögnina.

Þetta hefur óneitanlega verið öðruvísi vinna en ég hef verið í en það var einmitt ástæðan fyrir því að ég fór í þetta verkefni. Þetta var í senn ákveðin hvíld og feikilega skemmtilegt. Að tala við og skiptast á sögum við Egil Ólafsson í þrjú ár er ekki leiðinleg vinna. Ég vissi að Egill er ekki bara góður sagnamaður heldur blundaði í honum rithöfundur sem ég leiði þarna fram á sviðið. Slíkt fer ekki alltaf saman því sumir miklir snillingar í munnlegri frásagnarlist koma svo alls ekki orðunum á blað.“

Páll og Egill hafa á liðnum vikum farið víða að kynna bókina og Páll segir að það hafi nú verið ákaflega létt og skemmtilegt verk fyrir sig. „Ég er svona eins og rótari hjá Agli, kynni bókina og les kannski eitthvað smávegis en svo tekur performerinn við, les og leikur og syngur eins og enginn sé morgundagurinn. Það er rosaleg orka í honum. Við komum líka aðeins inn á þetta í bókinni, Egill hugsar vel um sig og passar upp á hljóðfærið sitt sem er röddin. Þetta er maður sem hefur verið samtals í sjö ár samfleytt á böllum, það er ansi langur tími. En eins og hann segir sjálfur þá er hann heppinn með stamínu og byggingarlag, stendur vel á sviðinu. Og nú er hann kominn á skútu og segir að hans byggingarlag falli vel að báti. Það er margt svona skemmtilegt sem streymir frá honum.“




## Skoðar land og liti og sækir formin mest í Suðurlandið

„Ég er með vinnustofuna mína opna, er þar með stóran sal með þverskurði af því sem ég er að gera,“ segir grafíski hönnuðurinn Gísli B. Björnsson, sem nú sýnir málverk í Skipholti 1 til 13. desember, milli klukkan 14 og 18.

„Myndirnar eru svo til allar á háveginn og ég er að skoða land og liti. Sæki mest af formunum í Suðurlandið, dálítið í Vesturlandið líka en svo getur verið um hvaða hól eða fjall að ræða sem er, bara úr mínum hugarheimi.“



**Gísli B. Björnsson hefur í auknum mæli fengist við myndlistina síðustu ár.**





Gísli kveðst hafa fengist við myndlist alla ævi en ekki alvarlega fyrr en eftir að hann hætti í grafískri hönnun og kennslu. „Síðustu ár hef ég gefið mér tíma til að fást við málverkið,“ segir Gísli sem vinnur með olíukrít. „Það eru fáir myndlistarmenn að glíma við það verkfæri, skilst mér. Ég nota krítina alltaf sem skissutæki en er nú að gera myndir sem eru allt upp í 1x1,40 m að stærð.“

Vinnustofan hans Gísla B. er í gamla Myndlista- og handíðaskólahúsinu, hann kveðst hafa tengst því húsi frá 1956, þegar hann hóf nám við skólann og þar verður hann á vaktinni frá tvö til sex fram á sunnudag. **– gun**

Elva Hreiðarsdóttir
**Opin vinnustofa**
á Korpúlfsstöðum
alla fimmtudaga
til jóla kl. 15-20




„Álengdar stendur ungur maður sem **stefnir á glæpasagnakrúnuna,** Ragnar Jónasson.“
BARRY FORSHAW
Í BÓKINNI NORDIC NOIR

„Dimma **heldur manni** frá fyrstu síðu til þeirrar síðustu.“
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR




# TIL HAMINGJU RAGNAR!

**1. sæti** á Amazon Kindle í Bretlandi (Snjóblinda - fyrst íslenskra skáldsagna)

**1. sæti** á Amazon Kindle í Ástralíu (Snjóblinda - fyrst íslenskra skáldsagna)

**Ein af átta bestu glæpasögum ársins 2015**
í Bretlandi Independent (Snjóblinda)

**Ein af fimm bestu frumraunum ársins**
í Bretlandi Crime Fiction Lover (Snjóblinda)

★★★★

„Endirinn hittir lesandann eins og spark í magann.“
FRIÐRIKA BENÓNÝS, FRÉTTATÍMANUM UM DIMMU

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVIK






# Ástar- og gleðisöngvar í Dóm

**Ég hef augu mín til fjallanna, er fögur yfirskrift tónleika í Dómkirkjunni annað kvöld, föstudag. Þar syngur Margrét Hannesdóttir sópran og Hólmfríður Sigurðardóttir leikur á píanó.**

Það er þannig að Biblíufélagið er 200 ára á þessu ári og dagskrá tónleikanna tekur mið af því. Efnið tengist allt textum Biblíunnar og tónlistin hefur verið samin við þá. Samt er það ansi fjölbreytilegt og ekkert yfirmáta hátíðlegt allt, þar eru ástarsöngvar og gleðisöngvar og alls konar yrkisefni,“ segir Hólmfríður Sigurðardóttir píanóleikari um tónleikana Ég hef augu mín til fjallanna í Dómkirkjunni annað kvöld. Ásamt henni kemur Margrét Hannesdóttir sópransöngkona þar fram.

„Við vorum beðnar um að spila og syngja á þessum tónleikum og höfum verið að æfa síðustu vikur. Tónlistin er bæði íslensk og erlend og má þar nefna Ljóðaljóð Páls Ísólfssonar, Biblíuljóð Dvořáks, sungin á íslensku og Rejoice úr Messíasi eftir Händel,“ lýsir Hólmfríður. Hún segir þær Margréti oft hafa unnið saman áður enda séu þær frænkur.

„Margrét byrjaði að læra söng í Söngskólanum í Reykjavík, þar sem ég starfa sem píanóleikari. Meðal kennara hennar voru Ólöf Kolbrún og Diddú. Síðan fór hún í framhaldsnám til Bandaríkjanna og hefur oft komið fram, bæði hér heima, í Þýskalandi og á Ítalíu,“ lýsir hún.

Tónleikarnir eru síðasti viðburður ársins vegna 200 ára afmælis Biblíufélagsins. Þeir hefjast klukkan átta og eru ókeypis fyrir alla.

gun@frettabladid.is



Hólmfríður er móðursystir Margrétar og þær frænkur hafa oft unnið saman áður.

# Afrekshugur hafmeyjunnar Nínu Sæmundsson

**BÆKUR**

**Nína S.**

★★★★☆

**Hrafnhildur Schram**
**Útgefandi:** Crymogea
**Fjöldi síðna:** 158
**Bókarhönnun:** Studio Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir
**Kápumynd:** Sigurjón Guðjónsson

Eins og hafmeyja sem syndir sinna ferða fór Nína Sæmundsson höggmyndalistakona aðrar leiðir en flest samferðafólk hennar og líf hennar var hvorki hefðbundið né þjóðsagnakennt heldur meira í ætt við hreinræktað ævintýri. Þessi kotbóndadóttir og vinnukona úr Fljótshlíð fann hjá sér þrá eftir einhverju meiru en Reykjavík hafði upp á að bjóða í upphafi tuttugustu aldar og fyrir samband af tilviljunum og ákveðni lá leið hennar um þann heim sem fæstir Íslendingar á þessum tíma gátu ímyndað sér, allt frá heilsuhæli í Ölpunum í úlfaldaferð um eyðimerkur. Nína S. var sveltandi listakona í París á þriðja áratugnum, bjó lengi í Hollywood með ástkonu sinni og kynntist þar mörgum helstu goðsögnunum á upphafsárum talmyndanna, var virt, eftirsótt og dáð fyrir list sína víða um heim og flutti svo heim til Íslands upp úr sextugu og bjó við högvær kjör til æviloka. Eitt það verk sem henni þótti hvað vænst um, Hafmeyjan sem stóð í stutta stund og stendur nú aftur í Reykjavíkurtjörn, var sprengt í loft upp af nafnlausum aðilum sem töldu verkið „ósiðlegt“ en líklegra má telja að það hafi verið líf og sjálfstæði listakonunnar sem þótti fara of langt út fyrir rammann.

Bókin um ævi Nínu S. er einstaklega áhugaverð, sagan af þessari stórmerkilegu konu sem fór þá leið sem hjartað bauð henni, hvort sem var í ævistarfi eða einkalífi, lýsir metnaði og ástríðu



Bedúínakona, frá 1922, eftir Nínu Sæmundsson.

# kirkjunni

**TÓNLEIKARNIR ERU SÍÐASTI VIÐBURÐUR ÁRSINS VEGNA 200 ÁRA AFMÆLIS BIBLÍUFÉLAGSINS OG ERU ÓKEYPIS FYRIR ALLA.**



MYND/ÚR EINKASAFNI

sem sjaldgæft var að konur létu eftir sér á þessum tímum, hvað þá smábændadætur úr íslenskri sveit. En hún er ekki síður heillandi vegna þess hvernig höfundur fléttar saman sköpunar- og listaverkasögu Nínu og ævisögu hennar og þá viðburði sem mótuðu listsköpun hennar. Bókin er líka sérdeilis fallegur gripur, ljósmyndir af verkum Nínu fá að njóta sín í bland við myndir af henni á ýmsum æviskeiðum og við vinnu sína sem gæða textann aftur enn meira lífi.

Nína Sæmundsson hlaut gríðarlega upphefð vegna listsköpunar sinnar úti í hinum stóra heimi. Hún vann virtar samkeppnir um að frumskapa stór og afgerandi listaverk sem standa enn í dag, en þeirra þekktast er vafalaust Afrekshugur, sem prýðir hið þekkta hótel Waldorf Astoria þar sem sjá má myndgerða hugmyndina um sigurgyðjuna Nike en mynd af því verki er á forsíðu bókarinnar. Þrátt fyrir þessa upphefð utan frá voru Íslendingar þó ekki á því að þessi kona hefði neitt sérstakt til brunns að bera umfram að vera „liðtækur hagyrðingur á sviði höggmyndalistar, þó hún sé ekki stórskáld“ eins og einn gagnrýnandi orðaði það og greinilegt að margir hérlendis áttu erfitt með að sjá fyrir sér að kona gæti yfirhöfuð gert eitthvað eins líkamlega krefjandi og að höggva í stein.

Kannski er það þess vegna sem kona í nútímanum, sem er ekkert sérstaklega að leggja sig eftir myndlist en þekkir auðvitað Kjarval, Ásgrím og Einar, veit eins lítið um Nínu S. og raun ber vitni. Þökk sé þessari bók veit ég loksins eitthvað en langar að vita svo miklu meira. Sem betur fer stendur enn yfir sýning á verkum Nínu í Listasafni Íslands og hafmeyjan situr aftur á Tjörninni.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Nína S. er einstaklega falleg bók og sögu þessarar listakonu á heimsmælikvarða ættu sem flestir að kynna sér.

# Lifir í íslensku landslagi

Kristján Jónsson, lista- og leiðsögumaður, opnar sýningu sína Portrett og landslag í Gallerí Gróttu á Eiðistorgi í dag, 10. desember, klukkan 17. Allir eru velkomnir þangað.

Líkt og titillinn gefur til kynna er viðfangsefni sýningarinnar sótt í gamalkunnug stef myndlistararfsins. Kristján kveðst með því vilja hylla okkar ástsælu landslagsmálara og um leið máta sig við þá málarahefð, sem flestir þekkja en með persónulegri nálgun. Hann ver drjúgum hluta lífs síns úti í íslensku landslagi því hann starfar sem leiðsögumaður fyrir erlenda ferðamenn.

**KRISTJÁN KVEÐST MEÐ ÞVÍ VILJA HYLLA OKKAR ÁSTSÆLU LANDSLAGSMÁLARA.**

Kristján stundaði nám í Escola Massana listaskólanum í Barcelona og hefur sýnt reglulega bæði hér á landi og erlendis síðustu 20 ár.

Gallerí Grótta er á annarri hæð á Eiðistorgi, við hlið Bókasafnsins. Sýningin stendur til 8. janúar og aðgangur er ókeypis. **– gun**



**Kristján tengir málverk sín við íslenska náttúru.** MYND/ÚR EINKASAFNI





PIPAR\TBWA • SÍA

*Sportpakkinn inniheldur:* ***Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, hliðarrásir, MUTV, LFC TV og Chelsea TV*** *á 14.990 kr. á mán.*

**FULLT AÐ GERAST Í SPORTINU Í DESEMBER**

SPORT
SPORT 2

*Það verður heldur betur hasar á sportstöðvunum okkar í desember. Stórstjörnurnar í enska boltanum verða í bullandi yfirvinnu, karfan, fótbolti út um alla Evrópu, handbolti, NFL og margt annað spennandi um hátíðarnar.* ***Góða skemmtun!***

Með Sportpakkanum færðu **endalaust tal** og **1 GB** á **1.990 kr.**

365.is | Sími 1817 365

# JÓLABÆKURNAR




5.499KR




3.599KR




12.399KR




3.999KR

Vín kynning verður í Skeifunni.
Laugardaginn 12. des.
milli 15:00 og 16:00




3.299KR




5.099KR




2.399KR




4.799KR




1.949KR




2.999KR




3.099KR




2.399KR




2.249KR




5.399KR

Gildir 10.-13. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Allt úrval í Smáralind, Holtagörðum, Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni. Minna í öðrum verslunum.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

# R Í MIKLU ÚRVALI

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM.




2.799KR




3.099KR




2.299KR

Matarsmakk úr bókinni.
Í Kringlunni, laugardaginn
12. des. kl. 14:00(neðri hæð).




2.749KR




4.799KR




2.199KR




3.399KR




2.499KR




3.149KR




2.499KR




2.749KR




2.199KR




2.499KR




2.399KR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Hrútar fjalla um bræðurna Gumma, sem Sigurður Sigurjónsson leikur, og Kidda en þeir eru báðir sauðfjárbændur og búa hlið við hlið í afskekktum dal en talast ekki við.

# Kvikmyndin Hrútar halar inn verðlaun

**Hrútar hafa sópað að sér verðlaunum á árinu. Myndin er tilnefnd sem besta kvikmyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum sem verða afhent í Berlín um helgina.**

Myndin fjallar um bræðurna og sauðfjárbændurna Gumma og Kidda sem búa hlið við hlið í afskekktum dal. Eitthvað hefur slest upp á bróðurkærleikinn og hafa þeir ekki talast við í fjöldamörg ár þó þeir búi þarna steinsnar hvor frá öðrum og deili sama lífsviðurværi. Fjárstofn þeirra þykir vera einn sá besti á landinu og því verður uppi fótur og fit þegar riðuveiki kemur upp og bræðurnir standa frammi fyrir því að missa allt sem þeim er kærast.

Hrútum er leikstýrt af Grími Hákonarsyni sem einnig skrifar handrit myndarinnar og með hlutverk bræðranna fara þeir Sigurður Sigurjónsson og Theódór Júlíusson. Aðalframleiðandi myndarinnar er Grímar Jónsson.

Síðan myndin var frumsýnd hefur hún sópað til sín verðlaunum og í byrjun nóvember vann hún til þrennra verðlauna á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Semana í Valladolid á Spáni og hlaut hún þar Gullna gaddinn fyrir bestu mynd hátíðarinnar, áhorfendaverðlaun æskunnar og einnig deildi Grímur verðlaunum fyrir besta nýja leikstjórann með tyrkneska leikstjóranum Deniz Gamze Ergüven.

Um miðjan nóvember vann myndin til tvennra verðlauna í Minsk í Hvíta-Rússlandi og var einnig valin besta myndin í Þessalóníku í Grikklandi en hátíðin er elsta og virtasta kvikmyndahátíðin á Balkanskaga. Í janúar á næsta ári verður myndin sýnd á Sundance-hátíðinni sem fram fer í Utah en myndin er í Spotlight-flokknum þar sem sýndar eru myndir víðsvegar að sem vakið hafa athygli.

Líkt og áður kom fram hlutu Hrútar verðlaunin Un Certain Regard á kvikmyndahátíðinni í Cannes og hefur síðan verið sýnd á fjölda kvikmyndahátíða og unnið níu aðalverðlaun en alls hefur myndin unnið til 21 verðlauna. Hrútar er jafnframt framlag Íslands á Óskarsverðlaunahátíðinni og heldur um helgina til Berlínar þar sem hún er tilnefnd sem besta kvikmyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum í ár. Aðeins sex kvikmyndir eru tilnefndar til verðlaunanna, en Magnús eftir Þráin Bertelsson var tilnefnd til sömu verðlauna árið 1989.

Íslendingar hafa tvisvar unnið til verðlauna á hátíðinni. Árið 2000 var Björk valin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í Dancer in the Dark og Hilmar Örn Hilmarsson var árið 1991 verðlaunaður fyrir tónlistina í Börnum náttúrunnar.

gydaloa@frettabladid.is



## VERÐLAUN HRÚTA

- Un Certain Regard á kvikmyndahátíðinni í Cannes
- Áhorfendaverðlaun á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Transilvaníu
- Sérstök dómnefndarverðlaun á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Transilvaníu
- Golden Tower á Evrópsku kvikmyndahátíðinni í Palić
- Besta evrópska myndin á Int'l Cinematographers' Film Festival Manaki Brothers
- Golden Eye á kvikmyndahátíðinni í Zürich
- Besti leikstjórinn á Saint Jean-de-Luz
- Aðalverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Hamptons
- Verðlaun dómnefndar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Riga
- Golden Spike á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Valladolid
- Pilar Miró' fyrir besta nýja leikstjórann á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Valladolid
- Áhorfendaverðlaun æskunnar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Valladolid
- Golden Angel á Kvikmyndahátíðinni í Tofifest
- Baltic Film Prize á Nordic Film Days í Lübeck
- Bleu Bearn Audience Prize á Kvikmyndahátíðinni í Pau
- Áhorfendaverðlaun á Listapad kvikmyndahátíðinni í Minsk
- Sérstök verðlaun frá borgarstjórninni í Minsk á Listapad-kvikmyndahátíðinni í Minsk
- Besta kvikmyndin á kvikmyndahátíðinni í Þessaloníku í Grikklandi.
- Krzysztof Kieslowski-verðlaunin sem besta kvikmyndin á kvikmyndahátíðinni í Denver
- Besta kvikmyndin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Ljubljana
- Silver Frog á Camerimage

## Frumsýningar

### LOVE THE COOPERS



Gamanmynd
Aðalhlutverk: Alan Arkin, John Goodman, Ed Helms, Diane Keaton, Jake Lacy, Anthony Mackie, Amanda Seyfried, Marisa Tomei, Olivia Wilde
Frumsýnd 11. desember
IMDb 5,7/10 Rotten Tomatoes 19%

### THE 33



Drama
Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Rodrigo Santoro, Juliette Binoche, James Brolin
Frumsýnd 11. desember
IMDb 7,0/10 Rotten Tomatoes 42%

### MAGIC IN THE MOONLIGHT



Rómantísk gamanmynd
Aðalhlutverk: Colin Firth, Emma Stone, Marcia Gay Harden, Eileen Atkins
Frumsýnd 18. desember
IMDb 6,6/10 Rotten Tomatoes 52%




ÆFINGIN
SKAPAR...
NIKE Element æfingapeysa
12.490 KR.
NIKE Miler hlaupabolur
7.490 KR.
NIKE Tech Fleece hettupeysa
18.990 KR.
NIKE Epic Lux Hlaupabuxur
18.990 KR.
NIKE Legendary æfingabuxur
16.990 KR.
NIKE PRO Warm buxur
12.490 KR.
NIKE Sportsware leggings
5.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG

SAGAN UM MOBY DICK BYGGIR Á RAUNVERULEGUM ATBURÐUM – ÞETTA ER SÚ SAGA.
FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRANUM RON HOWARD
IN THE HEART OF THE SEA
CHRIS HEMSWORTH FER FYRIR ÚRVALSLIÐI LEIKARA Í ÞESSARI MÖGNUÐU MYND

MILLA JOVOVICH PIERCE BROSNAN
SURVIVOR
FRAMED. ABANDONED. HUNTED.

Frá þeim sömu og færðu okkur INSIDE OUT NEMO
GÓÐA RISAEÐLAN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| IN THE HEART OF THE SEA 3D ÓTEXTUÐ | KL. 9 |
| SURVIVOR | KL. 8 - 10:10 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 3D | KL. 6:30 |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 |
| SOLACE | KL. 8 - 10:40 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| EVEREST 2D | KL. 10:10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:40 |
| KRAMPUS | KL. 8 |
| HUNGER GAMES 2D | KL. 10:20 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:35 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| SOLACE | KL. 5:40 - 8 |
| SPECTRE | KL. 6 - 8 - 9 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SURVIVOR | KL. 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| SPECTRE | KL. 5:20 - 8:30 - 10:20 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:40 |
| SURVIVOR | KL. 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |
| SOLACE | KL. 10:10 |

SPECTRE 007
ANTHONY HOPKINS COLIN FARRELL SOLACE

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
KRAMPUS
CAVALLERIA RUSTICANA OG PAGLIACCI
The Night Before
GÓÐA RISAEÐLAN
BRIDGE OF SPIES
Tom Hanks magnaður í kaldastríðstrylli Steven Spielbergs
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
KRAMPUS
THE HUNGER GAMES MOCKINGJAY PART 2
The Night Before
GÓÐA RISAEÐLAN

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| KRAMPUS | 5:45, 8, 10:45 |
| HUNGER GAMES 4 | 8, 10:10 |
| THE NIGHT BEFORE | 8, 10:10 |
| GÓÐA RISAEÐLAN | 5:15 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

**10. DESEMBER 2015**

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um GraN
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafn Akureyrar
Í dag verður boðið upp á síðustu leiðsögn um sýninguna GraN 2015. Sýningunni lýkur næstkomandi sunnudag, 13. desember, og er því jafnframt um síðustu leiðsögn ársins að ræða í Listasafninu. Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Listasafnsins, tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna og einstaka verk. Aðgangur er ókeypis.

## Tónlist

**Hvað?** Jólatónar á aðventu í Neskirkju
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Neskirkja
Kór Neskirkju, Stúlknakór Neskirkju og Drengjakór Reykjavíkur taka þátt í tónleikunum og flytja fyrir gesti tónlist tengda jólum, allt frá þekktum jólasálmum eins og „Nóttin var sú ágæt ein“ yfir í verkin „O Magnum Mysterium“ eftir Morten Lauridsen og „Where riches is everlastingly“ eftir Bob Chilcott. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Borgardætur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Borgardætur halda sína árlegu jólatónleika á Rosenberg í kvöld. Á efnisskrá eru jólalög úr ýmsum áttum, gamanmál og sprell. Miðasala á midi.is.

**Hvað?** Jólasöngvar og biblíusögur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sólon
Bjarni Karlsson segir ástarsögu jólanna með myndlýsingum listakonunnar Fridu Adriönu Martins og útskýrir hvernig trúin á Jesú gefur fólki von á Sólon í kvöld. Glaðsveitin Hjalti Jón Sverrisson og Hrafnkell Már Einarsson leika lög og sálma fyrir gesti og gangandi. Allir velkomnir.

**Hvað?** Kirkjan ómar öll
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fella-og Hólakirkja
Breiðfirðingakórinn verður með jólatónleika í kvöld, þar sem flutt verða fjölbreytt jólalög. Stjórnandi kórsins er Julian Hewlett, einsöngvari Íris Sveinsdóttir sópran og Guðríður St. Sigurðardóttir leikur á píanó. Aðgangseyrir er 3.000 krónur.

**Hvað?** Náttmál/Umbra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Fimm tónlistarkonur, sem skipa tónlistarhópinn Umbru, ætla að flytja íslensk og ensk þjóðlög og jólalög. Umbra er skipuð þeim Alexöndru Kjeld, Arngerði Maríu Árnadóttur, Guðbjörgu Hlín Guðmundsdóttur, Kristínu Þóru Haraldsdóttur og Lilju Dögg Gunnarsdóttur. Tónleikarnir nefnast Náttmál, þarna mun tregafullt andrúmsloft ríkja enda snúast textarnir flestir um dekkri og angurværari hliðar mannlegrar tilvistar.


Sóley Tómasdóttir verður í Iðnó í dag.


Borgardætur eru mættar á Cafe Rósenberg.


Ari Eldjárn er með jólauppistand.

## Bókmenntir

**Hvað?** Einar Már og Sjón lesa upp á Kjarvalsstöðum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Skáldin Einar Már Guðmundsson og Sjón lesa upp úr nýjum bókum sínum á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum í dag. Einar Már les upp úr bókinni Hundadagar sem hlaut á dögunum tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Bókin fjallar m.a. um Jörund hundadagakonung, Jón Steingrímsson eldklerk og fleira fólk fyrri alda. Allir velkomnir.

## Fyrirlestrar og fundir

**Hvað?** Fyrirlestraröð Miðaldastofu
**Hvenær?** 16.30
Hvar? Askja
